skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur



FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Föstudagur
22. október 2010
248. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Spæjarar á hjólum

Jakob Frímann Magnússon um miðbæjarmálin.

viðtal 16

365 kjólar boðnir upp

Gíslína Dögg Bjarkadóttir safnaði kjólum úr geymslum kvenna í eitt ár.

tímamót 26

Fram burstaði Val

Fram vann 17 marka sigur á Val í N1-deild karla í gær.

sport 42

veðrið í dag



ÉL NORÐAUSTAN TIL Í dag verða víðast norðan 5-10 m/s. Él NA-til en annars víða bjartviðri. Hiti 1-4 stig en vægt frost N-lands.

VEÐUR 4

Launin geta fælt frá

Ríkið er illa samkeppnishæft við einkamarkaðinn um bestu lögfræðingana. Forsetar lagadeilda telja mikilvægt að launakerfi hins opinbera verði endurskoðað. Hundrað ný störf hafa orðið til í réttarkerfinu vegna hrunsmála.

DÓMSMÁL Störfum í réttarkerfinu hefur verið fjölgað um um það bil eitt hundrað til að mæta auknu álagi við rannsókn og saksókn og við dómstóla vegna hruns bankanna.

Til margra þessara nýju starfa hafa ráðist starfsmenn frá öðrum opinberum embættum. Fólk hefur flust á milli starfa og skilið eftir sig skörð.

Enn er í ráði að fjölga störfum. Til dæmis er rætt um að fjölga þurfi tímabundið stöðum hæstaréttardómara um átta.

Forsetar lagadeilda Háskóla Íslands og Háskólans á Bifröst og formaður Lögfræðingafélagsins óttast að hið opinbera geti ekki keppt við einkageirann um hæfasta starfsfólkið. Því ráði lág laun hjá ríkinu í samanburði við það sem býðst á almenna markaðnum auk þess sem álagið sé mikið.

Róbert R. Spanó, forseti lagadeildar HÍ, segir vandamál að fá hæft fólk til að gegna opinberum embættum. „Það er áhyggjuefni hvort opinbera launakerfið sem slíkt sé í stakk búið til að krækja í þá lögmenn sem hafa burði til að sinna þessum störfum.“

Kristín Edwald, formaður Lögfræðingafélagsins, segir að ekki sé nægilega vel búið að dómurum og saksóknurum „sem leiðir til þess að fólk með reynslu og þekkingu sækist ekki eftir þessum störfum“.

Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildarinnar á Bifröst, er sömu skoðunar en sér líka tækifæri í stöðunni. Auka beri fjölbreytileika í mikilvægum embættum. „Ég tel til dæmis að markvisst þurfi að vinna gegn þeirri tilhneigingu að ráða helst karla í Hæstarétt,“ segir Bryndís. - bþs / sjá síðu 10

Gagnrýnir nýtt kerfi

Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari gagnrýnir nýtt fyrirkomulag ákæruvalds efnahagsbrota og segir það tætt og brotakennt. Óheppilegt sé að rannsakendum sé skipt á milli tveggja embætta auk þess sem hluti ákæruvaldsins hafi nánast verið einkavæddur.

525 vilja á stjórnlagaþing:

Þurfa að fækka meðmælendum

STJÓRNLAGAÞING **525 framboð bárust til stjórnlagaþings en framboðsfrestur rann út á mánudag. Af þeim voru 366 karlar og 159 konur.**

Þórhallur Vilhjálmsson, ritari landskjörstjórnar, segir að ekki sé upplýsingar að fá um fjölda gallaðra framboða að svo stöddu. Hins vegar hafi meðmælendur einhverra frambjóðenda verið of margir og þeir þurfi því að fjarlægja meðmælendur af skránni. Þeir hafa frest til hádegis á laugardag til að laga framboð sín.

Landskjörstjórn kemur saman til fundar á mánudaginn kemur til að taka endanlega afstöðu til framboðanna. Að því búnu mun landskjörstjórn ganga frá lista yfir frambjóðendur til birtingar.

Í blaðinu í dag er gerð ítarleg grein fyrir kosningakerfinu sem kosið verður eftir til þingsins.

- kh, sh / sjá síðu 12

FYRSTI SNJÓRINN Norðanmenn vöknuðu upp við hvíta jörð í gær. Fyrsti snjór vetrarins lá yfir öllu á Akureyri og mátti Hermundur Jóhannesson grípa til sköfunnar. MYND/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

Vetur gengur í garð:

Áfram verður kalt í veðri

VEÐUR Vetur konungur gengur í garð um helgina en fyrsti vetrardagur er á morgun.

Útlit er fyrir að kalt verði á landinu um helgina en annars er spáð góðu veðri, einkum suðvestanlands. Á sunnudag mun hvessa austan til með éljagangi norðan- og austanlands.

Frostið getur farið niður í allt sjö stig, en eftir helgina mun hlýna töluvert að því er fram kemur á vef Veðurstofunnar.

Norðanmenn fengu forskot á sæluna þegar þeir vöknuðu upp við hvíta jörð í gærmorgun og þurftu að skafa snjó af bílum sínum. Þá var örtröð á dekkjaverkstæðum á Akureyri. Starfsfólk í Hlíðarfjalli setti snjóvélarnar í gang í fyrsta sinn á þessu hausti og stefnir á að opna skíðabrekkurnar í næsta mánuði.

Fyrsta vetrardag ber upp á laugardag, 21. til 27. október ár hvert. - þj

Lögregla handtók fjóra litháíska menn í Reykjavík og Grímsnesi:

Grunaðir um amfetamínframleiðslu

LÖGREGLUMÁL Fjórir karlar voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna gruns um framleiðslu, sölu og dreifingu á fíkniefnum.

Mennirnir, sem eru litháískir ríkisborgarar á þrítugs- og fertugsaldri, voru handteknir í Reykjavík og Grímsnesi á miðvikudag og í kjölfarið dæmdir í gæsluvarðhald til 4. nóvember.

Samhliða handtökunum voru gerðar fimm húsleitir í Reykjavík, Reykjanesbæ og Grímsnesi. Þar var lagt hald á amfetamín og kókaín og um tvö kíló af maríjúana, auk um 6 milljóna króna í reiðufé sem er álitið að sé afrakstur fíkniefnasölu. Lögregla lagði einnig hald á ýmis önnur verðmæti sem og hluti sem taldir eru tengjast ætlaðri brotastarfsemi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur grunur á að tæki sem fundust við húsleit hafi verið ætluð til framleiðslu amfetamíns, en rannsókn málsins er enn á frumstigi.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stóð fyrir aðgerðinni og naut aðstoðar lögregluliðanna á Selfossi og Suðurnesjum auk lögreglumanna frá embætti ríkislögreglustjóra. - jss, þj

SPURNING DAGSINS

Helgi, eruð þið svona paulsetnir í hnakknum?

„Jú, en það er úr háum söðli að detta þannig að það er eins gott að halda sér á baki."

Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna hafa setið á toppi sölulistans í 16 vikur samfleytt með plötu sína, Þú komst í hlaðið.

Standa berskjölduð gegn sýkingu af völdum streptókokka:

Fólöld enn veik af hóstaveiki

DÝRAHALD Fólöld hafa reynst afar móttækileg fyrir sýkingu af völdum smitandi hósta í sumar og haust.

Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Matvælastofnunar. Þar segir enn fremur að í mörgum tilfellum virðist fólöldin hafa góða vörn gegn sjúkdómnum fyrstu tvo mánuðina eftir fæðingu, sem líklega megi rekja til mótefna sem þau fái með broddmjólkinni. Að þeim tíma liðnum standi þau berskjölduð gegn sýkingunni.

„Alla jafna komast fólöldin yfir sýkinguna af eigin rammleik en það getur tekið drjúgan tíma þar til þau verða alveg einkennalaus. Allmörgum hefur verið hjálpað með pensilíngjöf og á hún alltaf rétt á sér ef fólöld eru komin með hita eða önnur alvarleg einkenni."

Alls hafa sautján fólöld verið krufin á Tilraunastöðinni á Keldum. Í fimm tilfellum mátti rekja dauða folaldanna til streptókokkasýkingar í lungum og þrjú önnur dauðsföll tengjast mögulega sýkingunni. Hin fólöldin, níu talsins, hafa drepist af öðrum orsökum.

- jss

FOLÖLD Matvælastofnun ítrekar að hestaeigendur hugsi vel um hross sín í vetur.

Magnús segist fórnarlamb:

Varð fyrir miklu tjóni

VIÐSKIPTI Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, lítur á sig sem fórnarlamb markaðsmisnotkunar æðstu stjórnenda Landsbankans. Hann hafi borið stórkostlegan skaða af viðskiptum sínum við bankann.

FME kærði í vikunni til sérstaks saksóknara meinta markaðsmisnotkun bankans fyrir hrun. Félag Magnúsar var í janúarlok 2008 tólfti stærsti hluthafi bankans. Magnús segist í tilkynningu hafa óskað eftir því að gera sérstökum saksóknara grein fyrir viðskiptum sínum. - jab

Létust í bílslysi

Íslenska parið sem lést í bílslysi skammt frá bænum Mugla í Tyrklandi á miðvikudag var námsfólk sem var búsett í Danmörku. Þau hétu Jóhann Árnason, fæddur árið 1985, og Dagbjört Þóra Tryggvadóttir, fædd árið 1976.

Rúmlega sex mánaða gamall sonur þeirra sem var með í för, lifði slysið af. Hann slasaðist ekkert við árekturinn og hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi.

Fulltrúar fjölskyldna þeirra Jóhanns og Dagbjartar héldu til Tyrklands í gær til þess að sækja drenginn, en hann var í umsjá ræðismanns Íslands eftir slysið.

Sláturbóla herjar á starfsfólk sláturhúsa

Veirusýking sem nefnist sláturbóla virðist hafa herjað í óvenju miklum mæli á starfsfólk í sláturhúsum í haust. Þetta segir Arnar Þór Guðmundsson, yfirlæknir á heilsugæslunni á Selfossi. Veiran er í vessum innan í sauðfé sem slátrað er.

HEILBRIGÐISMÁL Óvenjumikið hefur verið um það í haust að starfsfólk í sláturhúsum leiti læknis vegna veirusýkingar, sem nefnist sláturbóla. Þetta segir Arnar Þór Guðmundsson, yfirlæknir á heilsugæslunni á Selfossi.

„Sláturbólan tengist sauðkindum og vinnu í sláturhúsum," segir Arnar. „Þessi veira er í kindunum og fólk fær þetta þegar það vinnur með dauðar skepnur. Veiran er í vessum innan í kindinni."

Arnar segir að þessi veirusýking valdi blöðrum eða sárum, einkum á höndum en geti einnig komið annars staðar á líkama. Oft verði af þessu sársaukafull útbrot. Sýkingin gangi yfir á fjórum til sex vikum.

„Þar sem um veirusýkingu er að ræða er ekki mikil meðferð til við henni, þótt menn hafi verið að prófa sig áfram með ákveðin sýklalyf," útskýrir Arnar. „Sé sárinu sinnt þá grær þetta af sjálfu sér. Hins vegar sýnir reynslan okkur, sem höfum verið að vinna við þetta hér, að sé notað eitt ákveðið sýklalyf virðist það hjálpa þannig að sárið grói hraðar. Þá þarf að meta hvert tilvik fyrir sig. Það er erfitt að segja til um hvers vegna þetta sýklalyf virðist hraða batanum því það er ekki beinlínis rökrétt miðað við að við vitum að lyfið sjálft vinnur ekki á þessari tilteknu veiru, en virðist þó getað hraðað batanum."

Arnar segir að fólk sem vinni í sláturhúsum þekki sláturbóluna vel og kunni að bregðast við henni með umbúnaði.

SLÁTURBÓLA Þannig getur sláturbólan litið út. Byrjar sem blaðra en breytist í sár, sem síðan grær. Þetta er veirusýking sem berst í menn úr sláturfé, en smitast ekki á milli manna. MYND GETTY

> Þessi veira er í kindunum og fólk fær þetta þegar það vinnur með dauðar skepnur. Veiran er í vessum innan í kindinni.
>
> **ARNAR ÞÓR GUÐMUNDSSON**
> YFIRLÆKNIR Á SELFOSSI

„Aðalvandamálið væri ef bakteríusýking kæmist ofan í blöðru, sem gerist stundum. Þá þarf að meðhöndla það og halda fólki frá vinnu meðan ígerð er í sárinu. Það þarf stundum að halda fólki frá vinnu eingöngu út af sláturbólunni en sé hún ekki mjög slæm og búið vel um hana, þá getur viðkomandi unnið."

Arnar undirstrikar að sláturbólan sé ekki hættuleg, smitist ekki milli manna og fari ekki í nautgripi. Möguleiki sé á vægum hita hjá þeim sem fær hana. Einungis sé um að ræða snertismit.

jss@frettabladid.is

GENGIÐ FRAM HJÁ LÖGREGLU Þessi háskólanemi í Lyon bar fyrir sig hendurnar þegar lögregluþjónar munduðu vopn sín. NORDICPHOTOS/AFP

Franska þingið ræðir eftirlaun:

Fjórða hver bensínstöð tóm

FRAKKLAND, AP Fjórða hver bensínstöð í Frakklandi var orðin bensínlaus í gær vegna verkfalla. Mótmæli gegn hækkun eftirlaunaaldurs verða æ háværari.

Öldungadeild franska þjóðþingsins ræddi í gær frumvarp um hækkun eftirlaunaaldurs. Atkvæðagreiðsla var á dagskrá í gærkvöldi, en búast mátti við að hún myndi dragast eitthvað, jafnvel í nokkra daga.

Sums staðar snerust mótmælin upp í óeirðir. - gb

Formaður skorar á forseta:

Vill að Gylfi hætti hjá ASÍ

FÉLAGSMÁL Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðafélags Akraness, hvatti í gær Gylfa Arnbjörnsson, forseta ASÍ, til að endurskoða ákvörðun sína um að bjóða sig fram til endurkjörs.

Í ræðu sinni á ársþingi ASÍ gagnrýndi Vilhjálmur embættisstörf Gylfa, meðal annars vegna skuldamála heimilanna, þar sem hann segir Gylfa hafa tekið sér stöðu með fjármagnseigendum.

Í samtali við Fréttablaðið útilokaði Vilhjálmur að hann myndi sjálfur bjóða sig fram. „En það kæmi mér ekki á óvart ef fram kæmi mótframboð. Það yrði kannski táknrænt að lýsa yfir óánægju sinni með því." - þj

Hafnfirðingar vinna jólastríð:

Jólaþorp eign Hafnarfjarðar

VERSLUN Einkaleyfastofa hefur úrskurðað að vörumerkið Jólaþorp sé eign Hafnarfjarðarbæjar. Bærinn hafði kært fyrri úrskurð um að jólaþorp væri almennt heiti.

Tilefni málsins var það að markaði undir nafninu jólaþorp var komið á fót í miðborg Reykjavíkur á aðventunni í fyrra. „Almenna heitið er jólamarkaður en heitið Jólaþorp hefur sjö ára markaðsfestu og á því byggist staðfesting Einkaleyfastofu nú," segir í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ sem upplýsir að uppselt sé í öll söluhús Jólaþorpsins sem starfa muni á aðventunni. - gar

Göngugrindur ungbarna sú barnavara sem oftast veldur slysum á börnum:

Mælt gegn notkun tækjanna

ÖRYGGISMÁL Göngugrindur eru sú barnavara sem orsakar flest slys á börnum í Evrópu. Níutíu prósent slysa í göngugrindum orsaka áverka á höfði og yfir 30 prósent valda áverka á heila barna. Kemur þetta fram í nýrri rannsókn evrópsku öryggissamtakanna The European Child Safety Alliance og evrópsku neytendasamtakanna Anec.

Herdís L. Storgaard, forstöðumaður Forvarnahússins, segir tækin afar varasöm og foreldrar ættu að gæta fyllstu varúðar við notkun þeirra.

„Barnalæknar og sérfræðingar mæla gegn notkun á þessum tækjum," segir Herdís. „Þetta er í raun óþarfa búnaður."

Herdís hefur fengið nokkur alvarleg tilfelli inn á borð til sín þar sem slys hafa orðið af völdum göngugrinda. Brunaslysin segir hún einna verst, en fallhætta og annað slíkt geti líka verið mjög alvarleg.

Hér á landi hafa orðið alvarleg brunaslys á andliti og bringu barna í göngugrindum. Einnig hefur það gerst að börn hafa verið sett of ung í grindurnar svo þau geta ekki haldið sér uppi og þar af leiðandi verið nærri köfnun. Þó er fall algengasta orsök slysa og þar á eftir er bruni og eitranir sem er afleiðing þess að grindurnar auðvelda börnunum aðgang að efnunum. - sv

GÖNGUGRIND Barnalæknar og sérfræðingar mælast til þess að foreldrar láti ekki ung börn sín í göngugrindur vegna slysahættu.

SÚPERDÍLL

NOKIA 5230 SNERTISÍMI OG 5.000 KR. SÍMNOTKUN HJÁ NOVA!

Súperdíll er fyrir súpernotendur sem vilja vera með öflugan og góðan farsíma. Komdu við í næstu verslun Nova og gerðu Súperdíl.

SÚPERDÍLL

Nokia 5230 og 5.000 kr. símnotkun á mánuði!

Þú getur notað farsímann fyrir 5.000 kr. á mánuði í alla farsíma og heimasíma á Íslandi.

Verð:

5.990 kr./mán. í 12 mán.

Greitt með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.

Gildir með Nova áskrift og frelsi. 5.000 kr. afsláttur af símreikningi í áskrift en 30 daga áfylling í frelsi. Sérstaklega er greitt fyrir símtöl í þjónustunúmer eins og 118 og 900 númer, símtöl og SMS/MMS í erlend símanúmer og notkun erlendis.

DAGUR & STEINI

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Þú velur áskrift eða frelsi. Í frelsi er ekkert mánaðargjald en í áskrift er mánaðargjaldið 490 kr. og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.

GENGIÐ 21.10.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	111,21	111,75
Sterlingspund	175,63	176,49
Evra	155,98	156,86
Dönsk króna	20,912	21,034
Norsk króna	19,178	19,290
Sænsk króna	16,829	16,927
Japanskt jen	1,3719	1,3799
SDR	175,28	176,32

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,2758

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður ASÍ harðorður í garð stjórnvalda varðandi skuldamál og atvinnusköpun:

Gylfi sýtir ár hinna brostnu væntinga

VINNUMARKAÐUR Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ), sagði í setningarræðu sinni á ársfundi sambandsins í gær að síðasta ár hafi verið ár hinna brostnu væntinga. Hann deildi í ræðu sinni hart á stjórnvöld, sem hann sagði hafa rofið stöðugleikasáttmálann og boðaði aðgerðir til að standa vörð um hagsmuni félagsmanna ASÍ.

„Þegar þolinmæði okkar þrýtur er í reynd verið að þvinga fram ákveðið val um hvert skal halda því það sem ekki verður sótt með friði verður sótt með öllum þeim úrræðum sem verkalýðshreyfingin býr yfir.“

Í ræðunni lýsti hann meðal annars yfir vonbrigðum sínum með framtaksleysi stjórnvalda í atvinnumálum. Segir Gylfi að svo virðist sem málaflokknum sé haldið í gíslingu fámenns hóps og ríkisstjórn hafi í raun misst forræði á málinu.

Þá hafi aðgerðir ríkisstjórnarinnar hvað varðar vanda skuldsettra heimila valdið vonbrigðum. „Krafa okkar er að þetta verði gert með aðlögun á greiðslubyrði í formi hagstæðari greiðslu- og lánaskilmála og með beinni afskrift og lækkun skulda ef með þarf.“ - þj

GYLFI ARNBJÖRNSSON Segir síðasta ár hafa verið ár hinna brostnu vona.

Alþingi skorar á Kínverja:

Liu Xiaobo verði látinn laus

ALÞINGI Samþykkt var á Alþingi í gær áskorun um að kínversk stjórnvöld leystu úr haldi Liu Xiaobo, friðarverðlaunahafa Nóbels.

Xiaobo afplánar nú ellefu ára dóm í Kína vegna baráttu sinnar fyrir mannréttindum.

Í þingsályktunartillögunni sem samþykkt var í gær, með 32 samhljóða atkvæðum, er því fagnað að Xiaobo hafi 8. október síðastliðinn verið veitt friðarverðlaunin.

Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, mælti fyrir tillögunni. - óká

Hæstiréttur dæmir bætur:

Læknirinn fær fimm milljónir

DÓMSMÁL Yfirlækni sem starfaði hjá Landspítala - háskólasjúkrahúsi hafa verið dæmdar fimm milljónir króna í bætur frá íslenska ríkinu eftir að honum var sagt upp störfum á spítalanum. Það var Hæstiréttur sem kvað upp þennan dóm. Héraðsdómur hafði áður dæmt yfirlækninum fyrrverandi þrjár milljónir króna í bætur.

Ágreiningur hafði komið upp milli yfirlæknisins og yfirstjórnar LSH vegna rekstrar hans á læknastofu utan sjúkrahússins. Hann var áminntur og síðan sagt upp störfum. - jss

Ákærður af ríkissaksóknara:

Átján ára piltur með barnaklám í tölvu

DÓMSMÁL Tæplega átján ára piltur hefur verið ákærður fyrir vörslu barnakláms.

Pilturinn er ákærður af ríkissaksóknara fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra. Honum er gefið að sök að hafa haft á hörðum diski í fartölvu sinni þrjár ljósmyndir og átján hreyfimyndir sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Heildarafspilunartími hreyfimyndanna var tæpar þrjár klukkustundir. - jss

ÁRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Valdís Óskarsdóttir hefði klippt myndina Submarino sem fékk kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs. Þar láðist að geta þess að Andri Steinn Guðmundsson klippti myndina með Valdísi.

OR snýr aftur á upphafsreit

65 starfsmenn Orkuveitunnar fengu uppsagnarbréf afhent í gær. Uppsagnirnar taka strax gildi. Skipurit fyrirtækisisins verður stokkað upp. Forstjórinn segir reynsluna erfiða og íhugar að fara til sálfræðings.

ORKUVEITAN Orkuveita Reykjavíkur sagði í gær upp 65 fastráðnum starfsmönnum. Starfsmenn Orkuveitunnar eru 566 og jafngilda uppsagnir því að þeim fækki um ellefu prósent. Þá verður gjaldskrá hækkuð um 28,5 prósent, eignir seldar og stokkað verulega upp í skipuriti með það fyrir augum að spara tvo milljarða króna á árinu. Uppsagnirnar voru tilkynntar í gær og taka samstundis gildi. Frekari breytingar verða kynntar í dag.

> Það var útilokað án þess að segja upp starfsfólki. Þetta eru meiriháttar aðgerðir.
>
> **HELGI ÞÓR INGASON FORSTJÓRI OR**

Á meðal annarra hagræðingaraðgerða felst að gestamóttöku í Hellisheiðarvirkjun verður lokað og hætt verði að taka móti gestum í Rafheimum og Minjasafni Orkuveitunnar í Elliðaárdal. Viðræður standa yfir um að halda starfseminni áfram í samstarfi við aðra aðila.

„Það var útilokað að hagræða án þess að segja upp starfsfólki. Þetta eru meiriháttar aðgerðir, uppstokkunin veruleg,“ segir Helgi Þór Ingason, forstjóri Orkuveitunnar. Hann bendir á að frá í ágúst hafi legið fyrir að hagræða hafi þurft verulega í rekstri Orkuveitunnar, sem skuldar um 240 milljarða króna, getur vart greitt af lánum og þarf að laga til í rekstrinum til að tryggja sér endurfjármögnun á betri kjörum.

„Allt verður þetta að ganga upp svo Orkuveitan geti haldið reisn sinni og orðið eftirsóknarverður lántakandi. Þær aðgerðir sem við boðum eru varanlegar,“ segi Helgi og bætir við að snúið verði aftur til rótanna.

Helgi bendir á að ýmsar leiðir hafi verið skoðaðar í stað uppsagna, svo sem skert starfshlutfall og launalækkun. „Það var alltof áhættusamt. Við töldum okkur geta misst mikilvægt starfsfólk. Þetta er þekkingarfyrirtæki og þarf á fólkinu að halda,“ segir hann.

Með uppsögnum sparast 4-500 milljónir króna á ári og gjaldskrárhækkun skilar fjórum milljörðum króna. Það jafngildir 2.400 króna útgjaldaaukningu fyrir hvert meðalheimili í Reykjavík á mánuði. Þá falla eigendur Orkuveitunnar frá töku arðgreiðslna. Þær námu átta hundrum milljónum króna í fyrra.

jonab@frettabladid.is

HELGI RÆÐIR VIÐ FJÖLMIÐIL Aðgerðir Orkuveitunnar voru kynntar opinberlega á Grand Hóteli í gær. Ástæðan fyrir því var sú að vernda starfsfólk fyrir áreitinu á erfiðri stundu, að sögn forstjóra Orkuveitunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margir leituðu til sálfræðings

„Þetta hefur verið erfiður dagur fyrir okkur öll. Þegar maður situr og skrifar upp á uppsagnarbréfin sér maður veruleikann í allri sinni stærð. Þarna er fólk sem ég þekki, kunningar mínir,“ segir Helgi Þór Ingólfsson, forstjóri Orkuveitunnar. Fyrirtækið samdi við sálfræðistofu um aðstoð við þá sem þess óska og var sálfræðingur í húsakynnum Orkuveitunnar þegar tilkynnt var um uppsagnirnar í gær. Margir leituðu til hans í kjölfarið. Sjálfur fór Helgi á námskeið og fékk undirbúning í því hvaða tilfinningar hann megi búast við að upplifa í kjölfar umfangsmikilla uppsagna. Spurður hvort forstjórinn íhugi að gera slíkt hið sama segir hann: „Ég þarf að íhuga þennan dag, það er ekki ólíklegt að ég geri það.“

Forstöðumanni Minjasafnsins sagt upp

STEFÁN PÁLSSON

Sagnfræðingurinn Stefán Pálsson, forstöðumaður Minjasafnsins og einn trúnaðarmanna OR, var á meðal þeirra sem fengu afhent uppsagnarbréf í gær. Stefán hafði unnið þar frá árinu 1998.

Stefán hóf störf að loknu námi í sagnfræði við Háskóla Íslands (HÍ). Ráðningin átti að vera tímabundin í eitt ár. Minjasafnið hefur síðustu ár verið vinsæll áfangastaður í ferðum skólabarna. Stefán kennir einnig sögu borgarþróunar frá byrjun síðustu aldar við Háskólann. Kennslan er samstarfsverkefni OR og HÍ. Hann sinnir því eitthvað áfram. „Ég get ekki sagt við nemendur mína að nú verði ekki farið yfir ritgerðir og próf,“ segir Stefán en bendir á Minjasafnið sé ekki gæluverkefni frá góðæristímum. Á næsta ári verði fjörutíu ár frá því minjasöfnun hófst. „Ég vona að þetta verði tímabundið áfall og að starfsemin haldi áfram í einhverri mynd. Ég var hræddur um að menn myndu í óðagoti pakka safninu niður og rýma húsið. Í staðinn var slagbrandur settur fyrir. Það er auðvelt að láta það ganga til baka þótt ég verði þar ekki. Minn hugur er hjá fólkinu sem ég hef unnið með,“ segir Stefán.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HELGARHORFUR
Bláar hitatölur verða nokkuð áberandi um helgina en þrátt fyrir kulda verður sérlega gott veður um allt land á fyrsta degi vetrar einkum suðvestan til. Á sunnudag hvessir heldur austan til á landinu með éljagangi norðan- og austanlands.



HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	8°
Berlín	8°
Billund	11°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	11°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	24°
London	13°
Mallorca	24°
New York	13°
Orlando	29°
Ósló	6°
París	12°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM LATABÆJAR ÚTIGÖLLUM

nú er frost á frónni...

LATI BÆR

Latabæjar gallar **50% afsláttur**

dúnúlpa

betra verð **14.999.-**

betra verð **6.999.-**

dúnúlpa

betra verð **9.999.-**

dúnúlpa

betra verð **9.999.-**

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Eru mótmæli Frakka gegn hækkun eftirlaunaaldurs skynsamleg?

Já	43,2%
Nei	56,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu hlynnt/ur einkarekinni heilbrigðisþjónustu?

Segðu skoðun þína á visir.is

Til snarpra orðaskipta kom á Alþingi vegna ákvörðunar um að ræða ekki tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu:

Málið ekki á dagskrá fyrr en í nóvember

ALÞINGI Flutningsmenn tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort draga skuli til baka aðildarumsókn Íslands að ESB samhliða stjórnlagaþingskosningu gagnrýndu fundarstjórn Alþingis harðlega í gær.

Vigdís Hauksdóttir, Framsóknarflokki og fyrsti flutningsmaður tillögunnar, sagði ákvörðun þingforseta um að taka málið ekki á dagskrá til marks um heljargreipar framkvæmdarvaldsins á Alþingi. Nokkur bið verður á að mál hennar komist á dagskrá, en þing kemur næst saman að lokinni kjördæmaviku.

Vigdís hefur samhliða lagt til að lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur sem samþykkt voru í sumar verði breytt þannig að hægt verði að hafa kosningarnar á sama tíma.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra kvaðst ekkert hafa á móti því að Alþingi fjallaði um málið. Ekki væri fyrir því meirihluti á Alþingi að draga umsóknina til baka, ekki fremur en hjá þjóðinni, samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum.

Þá átaldi Össur Vigdísi fyrir að hafa í útvarpsviðtali sakað starfsmenn þingsins um mistök fyrir að hafa ekki lagfært „vitleysuna í henni“. Hann áréttaði og kvað koma fram í greinargerð með frumvarpi um þjóðaratkvæðagreiðslur að þriggja mánaða frestur fyrir kosningar væri nauðsynlegur til að þjóðinni gæti tekist að yfirvega mál. Þá væri skýrt tekið fram að ekki ætti að tengja þjóðaratkvæðagreiðslur við aðrar kosningar. „Þannig að það rekur sig nú hvað á annars horn hjá þessum háttvirtu flutningsmönnum,“ sagði hann. **- óká**

VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Ævilöng svipting áréttuð:

Hálfs árs fangelsi fyrir umferðalagabrot

DÓMSMÁL Rúmlega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir ítrekuð umferðarlagabrot. Hann var án ökuréttinda þegar hann braut af sér og þá oft undir áhrifum vímuefna.

Auk fangelsisdómsins undirstrikaði héraðsdómur ævilanga sviptingu ökuréttinda hans.

Þá var maðurinn dæmdur fyrir að vera með þýfi í fórum sínum og fyrir vörslu fíkniefna. Hann játaði brot sín fyrir dómi.

Upptæk voru gerð hjá honum rúm 35 grömm af amfetamíni, um þrjú grömm af kókaíni og 18 grömm af kannabisefnum.

Sakaferill mannsins nær aftur til ársins 1996.

- jss

Forgangsröðunin sögð röng:

Vill meiri aðstoð við fátæka

ALÞINGI Kallað var eftir auknum aðgerðum ríkisins til aðstoðar fátækum á Alþingi í gær. Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, vísaði til biðraða fyrir utan Fjölskylduhjálp Íslands.

Hann taldi að huga þyrfti að forgangsröðun í fjárlagafrumvarpinu þar sem tæpir fimm milljarðar króna rynnu til þjóðkirkjunnar og milljónir til hestamannafélaga vegna kvefpestar í hrossum.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kvað ríki og sveitarfélög þurfa að taka höndum saman, en viðbúið hafi verið að auknir erfiðleikar fylgdu þeim efnahagsáföllum sem riðið hafi yfir. Hlutverk sveitarfélaga væri að sjá til þess að enginn sylti eða væri á götunni. „En það þýðir ekki að ríkið eigi ekki að koma að,“ bætti hann við. **- óká**

MYND/HB GRANDI

Á AFMÆLISDAGINN Skipið liggur við landfestar á Akranesi, tilbúið á loðnuveiðar. Litla myndin er tekin daginn sem Víkingur kom til Akraness í fyrsta sinn árið 1960. MYND/KARL SIGURJÓNSSON

Milljón tonn á land

Víkingur AK hefur þjónað Akurnesingum í 50 ár. Skipið hefur fært að landi 46 þúsund tonn af bolfiski og 900 þúsund tonn af síld, loðnu og öðrum tegundum.

SJÁVARÚTVEGUR Það eru liðin 50 ár frá því að tog- og nótaskipið Víkingur AK 100 kom í fyrsta sinn til heimahafnar á Akranesi. Þessa var minnst á Akranesi í gær með pompi og prakt. Víkingur hefur fært rétt tæplega milljón tonna afla að landi og því leitun að öðru eins happafleyi.

Að sögn Karls Sigurjónssonar, skipaeftirlitsmanns HB Granda á Akranesi, var skipið smíðað í Þýskalandi árið 1960 og var við komuna til landsins meðal stærstu og fullkomnustu fiskiskipa landsins. Víkingur átti þrjú systurskip, Maí GK 346, Frey RE 1 og Sigurð ÍS 33, sem öll reyndust afar vel.

Skipið hefur alla tíð verið gert út frá Akranesi og var upphaflega smíðað sem síðutogari til karfaveiða við Nýfundnaland. Víkingur hefur þó aðallega þjónað sem nótaskip og hefur frá upphafi ýmist verið aflahæsta skipið eða með þeim aflahæstu í sínum flokki. Aflinn á þessari hálfu öld er rúmlega 930 þúsund tonn og þar af er bolfiskaflinn frá togaraárunum um 46 þúsund tonn.

Víkingur hefur undanfarin ár lengst af legið í höfn á Akranesi en að sögn Karls er það klárt á loðnuveiðar. Fyrirtækið á Víking skuldlausan en það sem réttlætir tilveru hans eftir öll þessi ár er eftirfarandi: „Það er hellingur eftir í þessari sjóborg þó að búnaðurinn sé kominn til ára sinna,“ segir Karl.

svavar@frettabladid.is

Systurskipið vistaði ólöglega útvarpsstöð

FREYR RE-1 Systurskipin fjögur voru glæsileg listasmíð. MYND/SNORRASON.IS

- Freyr RE 1 var systurskip Víkings AK og var keypt af Ísbirninum, sem síðar sameinaðist Bæjarútgerð Reykjavíkur, forvera HB Granda. Freyr var seldur úr landi árið 1963 til breska fyrirtækisins Ross Fisheries í Grimsby. Nýr eigandi skipsins gaf því nafnið Ross Revenge og bar það einkennisstafina GY 718.
- Ross Revenge varð eitt aflahæsta og farsælasta togskip sem gert hefur verið út frá Grimsby og stóð uppi í hárinu á íslenskum varðskipum í þorskastríðinu á áttunda áratugnum. Ekki var rekstrargrundvöllur fyrir útgerð Ross Revenge eftir að Íslendingar lokuðu fiskimiðum sínum fyrir breskum skipum og var því lagt í kjölfarið. Um tíma þjónaði skipið sem björgunarskip en um 1980 stóð til að rífa það.
- Það varð Frey gamla til lífs að aðstandendur útvarpsstöðvarinnar Karólínu voru þá að leita sér að nýjum höfuðstöðvum. Karólína var fljótandi sjóræningjaútvarpsstöð en þeirri sögu var gerð ágætis skil í kvikmyndinni The Boat That Rocked árið 2009.
- Karólína var alræmd fyrir lífleg teiti og útvarpsmennirnir voru hálfgerðar rokkstjörnur á mektartíma stöðvarinnar. Skipið lá í átta ár án þess að langur armur laganna næði til þess. Hlustendur voru 23 milljónir manna þegar best lét.
- Árið 1991 rak skipið upp í sandfjöru við Kent en var dregið af strandstað nokkru síðar. Síðan hafa áhugamenn varðveitt skipið og safnað fé til að gera það upp. Sögu þess ætla þeir að festa á filmu og auglýsa eftir fyrrum skipsverjum þess, íslenskum sem breskum, eins og má lesa sér til um á heimasíðu verkefnisins, rossrevenge.co.uk/.

HÁSKÓLATÓNLEIKAR 2011

á aldarafmæli Háskóla Íslands

í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

Tónleikanefnd Háskóla Íslands auglýsir eftir flytjendum á háskólatónleika 2011. Tónleikaröðin, sem haldin er í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík, samanstendur af hádegistónleikum í fjölmörgum byggingum háskólans og spannar allt afmælisárið. Frumflutningur íslenskrar tónlistar nýtur að jöfnu forgangs.

Umsóknareyðublöð og verklagsreglur eru á slóðinni *http://www.hi.is/is/skolinn/haskolatonleikar*.

Umsóknir berist Margréti Jónsdóttur á netfangið *mjons@hi.is* fyrir 20. nóvember nk.

Listahátíð í Reykjavík Reykjavík Arts Festival

HÁSKÓLI ÍSLANDS

LYFJA – Lifið heil

Íbúfen 400 mg

30 stk. Áður: ~~566 kr.~~ Nú: 499 kr.

*gildir út nóvember 2010.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

TOYOTA

Að smyrja eða ekki smyrja.
Það er smurningin.



ÍSLENSKA/SIA/TOY 51813 10/09

Sértilboð á smurþjónustu í október

Það er sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota í október.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kópavogi	Nýbýlavegi 8	Kópavogi	Sími: 570-5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ	Sími: 420-6600
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	Sími: 480-8000
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	Sími: 455-4570
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	Sími: 577-7080
Bílatangi Ísafirði	Suðurgata 9	Ísafirði	Sími: 456-4580
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	Akranesi	Sími: 431-5050
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	Sími: 464-1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstaðir	Sími: 470-5070

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

Fyrsti vetrardagur er á morgun

Fagnaðu vetrinum með BKI kaffi

Bregðum á leik með vetrinum

Veturinn gengur í garð. Það tekur að snjóa og hverskyns kynjamyndir verða til og nýtt landslag setur mark sitt á landið – land snjóa og skafla. Njóttu þess sem veturinn býður upp á. Farðu á skíði, grafðu upp uppáhalds prjónavettlingana, byggðu snjóhús og skautaðu á traustum ís.

En þó vindar blási og frosthörkur ríki getur veturinn verið ægifagur. Hafðu hugfast að heitur bolli af ilmandi BKI kaffi bragðast sjaldan jafnvel og eftir skemmtilega útiveru að vetri.

Fáðu yl í kroppinn með rjúkandi bolla af góðu BKI kaffi

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

Kauptu gott kaffi í dag á góðu verði

Einnig til 250 gr á ennþá betra verði á meðan birgðir endast

BKI Classic
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.

BKI Extra
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

Kauptu BKI fyrir fyrsta vetrardag
Kíktu á bki.is

Samkomulag milli strandríkja um að tæplega milljón tonna kvóta í síld:

Síldarkvótinn 144 þúsund tonn

SJÁVARÚTVEGUR Íslenskum skipum verður heimilt að veiða 144 þúsund tonn af norsk-íslenskri síld árið 2011. Samkomulag náðist um stjórnun veiða úr stofninum á fundi strandríkja í London í gær. Heildaraflinn verður 988 þúsund tonn sem er 33 prósenta lækkun milli ára.

Niðurstaða strandríkjanna er í fullu samræmi við vísindaráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og þá langtíma stjórnunaráætlun sem sett hefur verið. Staða stofnsins er góð og stofninn hefur verið nýttur á sjálfbæran hátt undanfarin ár. Árgangar undanfarinna fimm ára hafa þó verið minni en á tímabilinu 1998 til 2004 þegar sterkir árgangar komu inn í stofninn. Áður samþykkt stjórnunaráætlun og stofnstærðarmat ICES gefur heildarafla upp á 988 þúsund tonn.

KOLMUNNAVEIÐAR Verðmæti kolmunnakvótans rýrnar um þrjá og hálfan milljarð. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrr í vikunni var einnig skrifað undir samning um stjórnun veiða úr kolmunnastofninum og er heildaraflamark 44.100 tonn fyrir árið 2011 sem er 90 prósenta lækkun á milli ára. Íslensk skip fá 6.500 tonn í sinn hlut.

Tekjumissir íslenskra útgerða vegna minni kvóta í síld og kolmunna nemur allt að tíu milljörðum króna, að mati hagsmunaaðila.

- shá

Í STJÓRNARRÁÐINU Hagmunasamtök heimilanna eiga fulltrúa í sérfræðingaráði því sem nú fer yfir leiðir til að leysa úr vanda heimila í skuldavanda. Myndin er frá fundi samtakanna með ríkisstjórninni í byrjun mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skilningur að aukast á þörfinni til aðgerða

Talsmaður Hagsmunasamtaka heimilanna segir aukinn skilning á því hvernig aðgerða sé þörf vegna skuldavandans. Samtökin hafa frá hruni verið áberandi rödd í umræðu um skuldavandann. Félagar eru sagðir á fimmta þúsund talsins.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig félagsskapur er Hagsmunasamtök heimilanna?

„Í dag eru félagar í Hagsmunasamtökum heimilanna á fimmta þúsund talsins," segir Marinó G. Njálsson, talsmaður og stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna. Samtökin hafa verið áberandi í umræðu um skuldavanda heimilanna og kallað hefur verið eftir áliti þeirra á lagafrumvörpum og aðgerðum hins opinbera. Til marks um stöðu samtakanna er að Marinó situr í þeirra nafni í sérfræðingaráði forsætisráðuneytisins sem nú liggur yfir leiðum til að bregðast við skuldavanda ríkisstjórnarinnar.

Marinó segir félaga samt vel mættu vera fleiri, en telur samtökin þó sækja stuðning vel út fyrir raðir félaga sinna. „Ég held að við séum að tala fyrir munn mun fleiri," segir hann. „Þótt líka séu einhverjir sem ekki eru sáttir við okkar málflutning."

MARINÓ G. NJÁLSSON

Hagsmunasamtök heimilanna voru stofnuð 15. janúar 2009 og á vef þeirra eru þau sögð frjáls og óháð hagsmunasamtök á neytendasviði, til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu. Marinó segir rætur samtakanna liggja í því að strax eftir hrun hafi nokkrir farið að láta til sín taka í almennri þjóðlífsumræðu. Nokkur tilviljun hafi svo ráðið því að undirbúningshópur sá er vann að stofnun Hagsmunasamtaka heimilanna náði saman. Marinó mætti á stofnfundinn sem áhugamaður og var þá kosinn í varastjórn.

Hann segir starfið fyrir samtökin unnið í sjálfboðaliðastarfi og að sá um fimmtán manna hópur sem virkastur sé í starfinu hafi þurft að leggja á sig nokkurn kostnað og gefa ómælda vinnu til að halda verkinu gangandi. Samtökin séu hins vegar dæmi um hvernig sprottið geti úr grasrótinni öflugur þrýstihópur. Samtökin hafi þannig allt frá stofnun haft ákveðna vigt í umræðu um aðgerðir í efnahagsmálum eftir hrun.

„Það byrjaði strax 1. febrúar 2009, en þá var að koma saman ný stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Jóhanna [Sigurðardóttir forsætisráðherra] segir strax á þeim kynningarfundi að hún ætli að hafa samráð við Hagsmunasamtök heimilanna," segir Marinó.

Núna segir Marinó að skilningur sé að aukast á því að fara þurfi í mun víðtækari aðgerðir en áður hafi verið gert. „Það er hins vegar ekki samhljómur um hvort aðgerðirnar eiga að vera almennar eða sérmiðaðar," segir hann og vill ekki spá fyrir um hvort sérfræðingahópur forsætisráðuneytisins nái að ljúka störfum sínum um eða upp úr næstu helgi. „Menn eiga ekki annarra kosta völ en að ná sátt," segir hann, en aðalmálið sé að niðurstaðan verði góð. **olikr@frettabladid.is**

Töluverðu munar á stórfelldri atvinnuuppbyggingu og stóriðju á Bakka:

Orkan seld á næstu misserum

ALÞINGI Iðnaðarráðherra boðaði ekki álver á Bakka með orðum sínum í fréttum í vikunni, þótt hún segði stórfellda atvinnuuppbyggingu vísa á Norðausturlandi. Þetta áréttaði Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra eftir fyrirspurn Halldóru Lóu Þorvaldsdóttur, þingmanns Vinstri grænna, á Alþingi í gær.

„Ég sagði að verkefnisstjórnin, sem vinnur að því að koma af stað atvinnuuppbyggingu á Norðausturlandi, teldi að mál væru það langt komin að við þyrftum að fara að undirbúa samfélagið undir stórfellda atvinnuuppbyggingu," sagði Katrín. „Töluverður munur er á stórfelldri atvinnuuppbyggingu og stóriðju á Bakka. Ég held að við þurfum öll að fara að lenda á jörðinni í þessu efni og hætta að tortryggja hvert annað."

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Katrín segir fyrir liggja að sex verkefni af fjölbreyttum toga hafi komist í A og B flokk verkefna hjá verkefnisstjórninni fyrir norðan og hafi yfirlýstan áhuga á orkukaupum. „Þess vegna telur nefndin nú Landsvirkjun þurfa að taka að sér stjórn á orkusölunni. Álitaefni séu uppi þegar komi að orkufrekum verkefnum svo sem vegna álversins á Bakka. Það sé hins vegar samningsatriði milli Landsvirkjunar og þeirra sem að verkefnunum standa hvernig leyst verði úr því.

Um leið áréttaði Katrín að Landsvirkjun hefði eytt á annan tug milljarða í undirbúning orkuvinnslu fyrir norðan. „Þessi orka verður seld til atvinnuuppbyggingar á næstu misserum." **- óká**

50% AFSLÁTTUR

NAUTA-PIPARSTEIK
FERSK
1.775kr
KR/KG

40% AFSLÁTTUR

GRÍSA-MÍNÚTUSTEIK
FERSK
1.139kr
KR/KG

LAMBALÆRIS-SNEIÐAR
FERSKAR 1 FL
1.599kr
KR/KG

23% AFSLÁTTUR

UNGNAUTAHAKK
FERSKT
999kr
KR/KG

ANDLITSKLÚTAR
ATHENA, 3 FYRIR 2
289kr
KR/PK.

BER FROSIN

BERJABL.
453 G
498kr
KR/PK.

BLÁBER
340 G
398kr
KR/PK.

HINDBER
340 G
598kr
KR/PK.

JARÐARBER
454 G
398kr
KR/PK.

44% AFSLÁTTUR

KJÚKLINGA-VÆNGIR
TEX-MEX
299kr
KR/KG

34% AFSLÁTTUR

FANTA ORANGE
FANTA FRUIT TWIST
6 x 33CL
398kr
KR/PK.

50% AFSLÁTTUR

MELÓNA
CANTALOUP
KR/PK.

30% AFSLÁTTUR

HJÖRTU
FERSK
299kr
KR/KG

LAMBASÚPUKJÖT
BLANDAÐ
598kr
KR/KG

30% AFSLÁTTUR

KINDABJÚGU
KJÖTSEL
468kr
KR/KG

20% AFSLÁTTUR

NÚÐLUSÚPUR
3 BRAGÐTEGUNDIR
79kr
KR/STK.

JUBBLY ICE LOLLIES
10 STK.
299kr
KR/PK.



LAKKRÍS-KONFEKT
X-TRA
359kr
KR/PK.

Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

GILDIR 21. - 24. OKTÓBER

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

MJÓDD
SALAVEGUR
HVERAFOLD
REYKJANESBÆR
GRINDAVÍK
AKUREYRI
HÖFN

netto
Ódýrt fyrir heimilið!

markhonnun.is

FRÉTTASKÝRING: Breytingar á réttarkerfinu

Hrunið kemur róti á réttarkerfið

Talsverðar breytingar hafa orðið á íslenska réttarkerfinu eftir hrun. Ný embætti hafa verið stofnuð og stöðum við eldri embætti verið fjölgað. Reynt fólk hefur færst á milli starfa og skilið eftir sig skörð sem tekur tíma að fylla. Miklir tekjumöguleikar á einkamarkaði kunna að aftra því að hæfasta fólkið sækist eftir störfum við saksóknaraembættin eða dómstólana. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að framlög til nokkurra stofnana réttarkerfisins, til dæmis dómstólanna, lækki á milli ára.

HÆSTIRÉTTUR Málum fyrir æðsta dómstigi landsins fjölgar ár frá ári. Fjöldi dómara er samt sá sami og fyrir fjórtán árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um eitt hundrað ný störf hafa orðið til í réttarkerfinu eftir hrun bankanna haustið 2008.

Langflest eru hjá embætti Sérstaks saksóknara sem hóf starfsemi í byrjun árs 2009. Í nokkrum skrefum hafa orðið til 80 störf á þeim bæ. Störfum héraðsdómara hefur verið fjölgað og ný stöðugildi orðið til hjá Fjármálaeftirlitinu. Þá hefur þurft að stofna til sérstakra embætta svo sem ríkissaksóknara bankamála og saksóknara Alþingis fyrir landsdómi. Líklegt er svo að sá dómur kalli á að setja þurfi tímabundið fimm nýja dómara við Hæstarétt auk þess eru hugmyndir uppi um að fjölga föstum hæstaréttardómurum um þrjá.

Í mörg þessara nýju starfa hefur valist fólk sem gegnt hefur öðrum störfum innan réttarkerfisins. Á það ekki síst við um lögfræðinga. Þeir hafa færst frá einum mikilvægum stað til annars; á milli saksóknaraembætta og frá saksóknaraembættum til dómstóla.

Rót

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur fundið tilfinnanlega fyrir ástandinu. Þaðan hurfu á skömmum tíma átta af þrettán starfsmönnum til Sérstaks saksóknara. Þangað fóru líka tveir reyndustu lögfræðingar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sigríður Elsa Kjartansdóttir fluttist frá Ríkissaksóknara til efnahagsbrotadeildarinnar. Hún staldraði stutt við því þegar Sigríður Friðjónsdóttir var kjörin saksóknari Alþingis sneri Sigríður Elsa til baka og var sett vararíkissaksóknari. Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, verður varasaksóknari Alþingis og fer því í tímabundið leyfi frá efnahagsbrotadeildinni. Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögreglustjóri á Suðurnesjum, leysir Helga Magnús af.

Fleira reynt fólk hefur horfið frá Ríkissaksóknara. Kolbrún Sævarsdóttir er settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og Ragnheiður Harðardóttir, sem var vararíkissaksóknari, var skipuð í embætti við sama dóm í vor.

Eins og sakir standa eru enn ómannaðar stöður rannsakenda og saksóknara í kerfinu.

Áhrif hrunsins á kerfið ljós

Margsinnis hefur verið rakið að dómstólarnir séu illa í stakk búnir til að taka við þeim aragrúa mála sem viðbúið er að berist vegna hruns bankanna og tengdra mála. Brugðist hefur verið við með tímabundinni fjölgun dómara við héraðsdómstóla. Í greinargerð frumvarps dómsmálaráðherra vegna fjölgunar dómara kom fram það mat sérstaks saksóknara að á þessu ári verði álag á dómstólana í formi fimm til tíu umfangsmikilla og tímafrekra mála fyrir dómi auk fjölda rannsóknarúrskurða, svo sem vegna húsleita, ágreinings um rannsóknaraðgerðir lögreglu og gæsluvarðhaldsúrskurða. Fari sem horfir muni stór og umfangsmikil mál á árinu 2011 verða 15 til 25 auk rannsóknarúrskurða.

Í greinargerðinni segir líka að ekki sé að fullu ljóst hvað leiði til þessara miklu fjölgunar mála. „Að einhverju leyti má rekja það til þess að einstaklingar og fyrirtæki hafa nú minna fjárhagslegt svigrúm til að gefa eftir í samningum, en óhætt er að fullyrða að hrun fjármálakerfisins muni leiða til mikils fjölda flókinna mála á sviði fjármálaréttar þar sem tekist verður á um ábyrgð á ýmiss konar kröfum og skuldbindingum, til dæmis vegna ráðstafana fyrir gjaldþrot fyrirtækja, ábyrgðar stjórnenda fyrirtækja og fleira. Eru þessi áhrif eflaust byrjuð að koma fram að einhverju marki og hefur verið áætlað að kærumál vegna lýstra krafna við slit banka og fjármálastofnana muni hlaupa á hundruðum."

Hæstiréttur

Ljóst er að þetta aukna álag birtist ekki aðeins héraðsdómstólunum, álagið á Hæstarétt mun líka aukast.

Við Hæstarétt eru níu dómarar og hefur svo verið frá 1996. Það ár bárust réttinum 475 ný mál og felldi hann 503 dóma. Á síðasta ári voru ný mál fyrir dómnum 782 og 654 dómar voru felldir. Á þessum fjórtán árum hefur nýjum málum því fjölgað um 65 prósent og dómum um 30 prósent.

Rætt hefur verið um nauðsyn þess að fjölga hæstaréttardómurum og hefur helst verið nefnt að fjölga beri um þrjá. Að auki er rætt um að þeir fimm hæstaréttardómarar sem lögum samkvæmt sitja í landsdómi fari í leyfi frá réttinum á meðan landsdómur starfar. Því er hugsanlegt að í bráð þurfi að ráða átta nýja hæstaréttardómara.

Dæmi undanfarinna ára benda ekki til að mikill áhugi sé meðal löglærðra á dómarastörfum við Hæstarétt. Í það minnsta hafa umsóknir ekki verið margar. Í síðustu þrjú skipti þegar auglýst hefur verið eftir hæstaréttardómara hafa fjórar umsóknir borist frá samtals sjö manns. Hafa umsækjendur ýmist verið dómarar annars staðar eða prófessorar. Sjö ár eru síðan málflutningsmaður sóttist eftir stöðu við réttinn.

Að sama skapi voru það einkum embættismenn eða aðrir starfsmenn ríkisins sem sóttu um samtals sex embætti við héraðsdómstóla fyrr á árinu.

Margir hæfir

Viðmælendum Fréttablaðsins ber saman um að til séu nægilega margir hæfir lögmenn til að gegna öllum þeim nýju (og gömlu) embættum og störfum sem enn þarf að manna. Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari segist til að mynda hafa getað valið úr reyndu fólki. Að auki hafi það sýnt sig að ungt fólk úr lagadeildum háskólanna búi að afbragðs þekkingu og kunni að vinna. Þegar svo beri undir skipti mestu að fólki sé gefinn réttur tónn þegar það kemur til starfa og þroskist og eflist í heiðarlegu umhverfi, eins og hann orðar það.

Hins vegar eru uppi efasemdir um að launin sem greidd eru dómurum og saksóknurum séu nægilega góð. Þau eru almennt talsvert lægri en tekjurnar sem reyndir lögmenn geta aflað sér á almenna markaðnum.

„Ég efast ekki um að við eigum nægilega marga lögfræðinga með reynslu og þekkingu til að sinna þessum störfum," segir Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður og formaður Lögfræðingafélagsins. „Hins vegar er áhyggjuefni að ekki er nægilega vel búið að þessum starfsstéttum, dómurum og saksóknurum, sem leiðir til þess að fólk með reynslu og þekkingu sækist ekki eftir þessum störfum." Af sömu sökum sé hætta á að reynslumikið og hæft fólk sem gegnir þessum embættum í dag hætti og leiti annað. Kristín vísar ekki aðeins til launanna heldur líka starfsumhverfisins. Vinnuálagið í dómstólum, ekki síst Hæstarétti, sé mjög mikið. Tryggja verði að dómarar geti sinnt hverju máli eins vel og nauðsyn krefji. Telur hún ekki fjölgun dómara lausn til langframa heldur felist lausnin í stofnun millidómstigs líkt og tíðkist á öðrum Norðurlöndum.

Launin of lág

Róbert R. Spanó, prófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands, segir vandamál að fá hæft fólk til að gegna opinberum embættum. „Það er áhyggjuefni hvort opinbera launakerfið sem slíkt sé í stakk búið til að krækja í þá lögmenn sem hafa burði til að sinna þessum störfum. Ég hef meiri áhyggjur af því en hvort við eigum nægilega hæft fólk. Launakerfið er í miklu ósamræmi við þá tekjumöguleika sem allra hæfustu lögfræðingar landsins hafa. Við viljum auðvitað að í Hæstarétti sitji okkar allra bestu lögfræðingar og þeir eru núna almennt séð í störfum sem gefa af sér verulegar tekjur vegna þess að þjónusta þeirra er verðmæt og eftirsótt." Hitt kunni að vera að einstaka lögmenn, sem bjóðist staða hæstaréttardómara eða önnur störf tímabundið, séu tilbúnir, stöðunnar og virðingarinnar vegna, að taka á sig tímabundna launalækkun.

Spurður hvort hækka þurfi laun dómara, svarar Róbert: „Það er klárt og á líka við um mjög stóran hluta embættismanna. Stjórnsýslan á í erfiðleikum með að halda í mjög sterka lögfræðinga og það er vandamál sem við verðum að horfast í augu við."

Tækifæri

Bryndís Hlöðversdóttir, deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, er þeirrar skoðunar að þessi nýja staða gefi tilefni til að stokka upp í kerfinu. Mikilvægt sé að þegar fólk veljist til starfa sé litið til fjölbreytileika og gætt að því að fólk af báðum kynjum og af hinum ýmsu sviðum lögfræðinnar komi að því að leysa verkefnin fram undan. „Ég tel til dæmis að markvisst þurfi að vinna gegn þeirri tilhneigingu að ráða helst karla í Hæstarétt."

Einn af níu núverandi dómurum við réttinn er kona og af þeim 44 sem hafa verið skipaðir hæstaréttardómarar frá upphafi eru þrjár konur.

Bryndís telur ekki vanta hæft fólk til að gegna nýjum embættum, það sé til dæmis að finna við lagadeildir þeirra fjögurra háskóla sem bjóða upp á laganám. „Í þeim hópi er að finna fólk með fjölbreytilegan bakgrunn. Ég tel því að unnt sé að líta á þessa stöðu bæði sem tækifæri og vandamál. Mikilvægast er að vera meðvitaður um vandann og takast á við hann. Um leið gefast tækifæri til að breyta ýmsu sem hefði mátt breyta fyrr."

Bryndís deilir líka launaáhyggjum Kristínar og Róberts og telur mjög mikilvægt að stjórnvöld séu meðvituð um mikilvægi þess að halda í hæft fólk í opinbera geiranum, hjá ríkisfyrirtækjum, í stjórnsýslunni og í dómarastörfum. „Við höfum því miður séð allt of mörg dæmi þess að reyndu og góðu fólki séu boðin miklu hærri laun í einkageiranum og það er alvarlegt mál ef við missum hæft fólk af þeim sökum."

Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is

Dómsmál 1996 - 2009



Launin hjá hinu opinbera

Samkvæmt ákvörðunum Kjararáðs

Saksóknarar	690
Héraðsdómarar	730
Hæstaréttardómarar	890

Fjárframlög til stofnana réttarkerfisins

Stofnun	fjárl.2010	frumv.2011	mism.
Hæstiréttur	116	111	-4,5%
Héraðsdómstólar	1.033	950	-8,1%
Ríkissaksóknari	134	127	-5,2%
Ríkislögreglustjóri	1.245	1.218	-2,2%
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	3.130	3.060	-2,2%
Sérstakur saksóknari	318	1.178	270%
Fjármálaeftirlitið	1.022	1.327	30%

Tölur eru í milljónum króna.

Ákæruvaldið í raun tætt og brotakennt

HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

„Í hópi ákærenda er þetta mikið umhugsunarefni, sérstaklega í tengslum við efnahagsbrot þar sem þörf fyrir sérhæfingu er hvað mest," segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra. „Unnið hefur verið að því að fjölga starfsmönnum á sviði efnahagsbrota á landsvísu úr fimmtán í 95 og það er augljóst að eitthvað verður undan að láta. Viðmiðið í nágrannalöndunum og okkar reynsla segir að eðlilegt sé að gera ráð fyrir að þeir sem starfa við efnahagsbrot verði sæmilega frambærilegir eftir tvö til þrjú ár í starfi á því sviði. Hjá okkur er því staðan sú að þeir sem hafa reynslu eru mjög bundnir við að leiðbeina nýliðum."

Helgi Magnús gagnrýnir fyrirkomulag rannsókna efnahagsbrota. „Ólíklegt verður að telja að heppilegt sé að þessi hópur sé sundraður milli tveggja embætta." Hann bendir líka á alveg sérstaka stöðu sem auk þess sé uppi. Nefnilega þá að til hliðar við ríkissaksóknara starfar settur ríkissaksóknari sem fer með þau mál sem snúa að gömlu bönkunum og hruninu. Sú tilhögun er komin til þar sem Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari lýsti sig vanhæfan í hrunmálum þar sem sonur hans var annar framkvæmdastjóra Exista. „Þessi staða er mjög sérstök þar sem í raun eru tveir ríkissaksóknarar vegna efnahagsbrota."

Settur ríkissaksóknari er Björn L. Bergsson, lögmaður á lögmannsstofunni Mandat, og gegnir hann hinu setta embætti í hlutastarfi. „Það má nánast segja að það sé búið að einkavæða hluta af ákæruvaldinu með þessu," segir Helgi Magnús. Ljóst sé að slík staða geti ekki verið lengi uppi þar sem embætti ríkissaksóknara standi utan við rannsóknir á einhverjum umfangsmestu brotum sem upp hafi komið. „Vegna þessarar stöðu er ákæruvaldið í raun tætt og brotakennt."

JAKKAFÖT

FRÁ 12990,-

STAKIR JAKKAR

FRÁ 7990,-

BUXUR

FRÁ 2990,-

SKYRTUR

FRÁ 1990,-

DRESS MANN

ÁVALLT VEL KLÆDDUR

KRINGLAN-5680800. SMÁRALIND-5659730. LAUGAVEGUR-5629730. AKUREYRI-4627800.

FRÉTTASKÝRING: Nýtt kosningakerfi í fordæmalausum kosningum

Svona er kosið til stjórnlagaþings

Kosið verður til stjórnlagaþings eftir kerfi sem Íslendingar þekkja ekki en hefur þó verið notað lengi allvíða erlendis. Því er ætlað að tryggja að atkvæðin nýtist sem best. Kerfið er flóknara en við eigum að venjast. Engu síður er mikilvægt að kjósendur hafi á því lágmarksskilning svo þeir geti með góðu móti athafnað sig í kjörklefanum.

Kerfið sem um ræðir heitir á ensku Single transferable vote. Viðurkennd íslensk þýðing á heiti kerfisins er ekki til, en stungið hefur verið upp á nokkrum. Aðferð færanlegs atkvæðis er ein hugmynd, aðferð fullnýtts atkvæðis er önnur og forgangsröðunaraðferðin er sú þriðja.

Breskur stærðfræðingur, Thomas Wright Hill, stakk fyrstur upp á að nota kosningakerfi með færanlegum atkvæðum á öndverðri nítjándu öld. Slíkt kerfi var ekki notað í kosningum fyrr en um miðja öldina, og þá í Danmörku. Enskur lögmaður, Thomas Hare, er jafnan kallaður faðir kerfisins og fékk stuðning við það frá góðvini sínum, John Stuart Mill.

Kerfið hefur verið notað allvíða erlendis. Til dæmis hafa Írar notað það í svo að segja öllum kosningum í landinu í um áttatíu ár. Því hefur hins vegar aldrei fyrr verið beitt í kosningum með jafnmörgum frambjóðendum og til stjórnlagaþings á Íslandi. Frambjóðendur til þess eru 525.

525 manns hafa boðið sig fram til stjórnlagaþings. Nokkur framboðanna voru gölluð að einhverju leyti en færi gefst á að bæta úr ágöllunum.

Gjörnýting atkvæða

Kerfinu er ætlað að tryggja að atkvæði kjósenda gjörnýtist og fari að engu leyti til spillis. Það er gert með því að sá hluti atkvæðis kjósandans sem nýtist ekki hans fyrsta vali færist á annað val hans, hvort heldur sem vannýtingin stafar af því að frambjóðandi að fyrsta vali hefur fengið meira en nóg af atkvæðum eða of lítið til að ná kjöri. Þetta fyrirkomulag heldur áfram niður eftir kjörseðli hvers og eins. Sjá má skýringu á þessu fyrirkomulagi á myndinni hér til hliðar.

Mikilvægt er að raða frambjóðendum rétt á listann, því atkvæði í fyrsta sæti getur verið mikl-um mun verðmætara en atkvæði neðar á listanum. Þrátt fyrir það getur verið að síðasta val kjósandans nýtist að miklu eða öllu leyti. Útilokað er hins vegar að skemma fyrir einum frambjóðanda með því að setja annan neðar á listann.

Komið í veg fyrir rugling

Þegar inn í kjörklefa er komið skrifar kjósandinn á kjörseðilinn númer þeirra frambjóðenda sem honum hugnast best. Þau númer eru fjögurra stafa, valin á frambjóðendur af handahófi, og fyllsta öryggis gætt svo engin hætta sé á að atkvæði verði mislesin. Sem dæmi þykja tölurnar 1 og 7 geta verið það líkar að útilokað er að einn frambjóðandi hafi töluna 1007 og annar 1001. Gæta þarf að því að ógilda ekki seðilinn með því að skilja línur eftir auðar eða skrifa númer sama frambjóðandans oftar en einu sinni. Sé það gert er listinn einungis gildur niður að ógildingarröðinni.

Talningin fer síðan fram með sérstökum talningavélum sem lesa kjörseðlana. Talningin var boðin út og bárust bæði tilboð um handtalningu og talningu í vél. Ákveðið var að ganga að tilboðinu um vélatalninguna frá virtu fyrirtæki sem meðal annars sérhæfir sig í slíku, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Talin er minni hætta á mislestri með þeirri aðferð en með handtalningu.

25 til 31 fulltrúi

Á stjórnlagaþinginu munu sitja 25 til 31 fulltrúi, allt eftir því hvernig kjósendum tekst til með að kjósa fólk af báðum kynjum.

Kosið verður 27. nóvember, en áður en að því kemur mun dómsmálaráðuneytið útbúa kynningarbækling fyrir alla frambjóðendur og dreifa í hvert hús.

Þinginu er svo ætlað að taka til starfa í síðasta lagi í febrúar næstkomandi. Þar á að móta tillögur að endurskoðaðri stjórnarskrá Íslands og ber að hafa til hliðsjónar við vinnuna niðurstöður þjóðfundar um stjórnarskrána sem fram fer í fyrstu vikunni í nóvember.

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is



Kosningakerfið virkar eins og hér er sýnt



Spurt og svarað

Þarf ég að velja 25 frambjóðendur á kjörseðilinn? Nei, kjörseðillinn er gildur hvort sem aðeins er valið í efsta sætið, 25 valdir eða eitthvað þar á milli. Það getur hins vegar verið skynsamlegt að velja sem flesta á seðilinn. Setjum til dæmis svo að frambjóðendurnir í efstu 24 sætum á kjörseðlinum þínum nái ekki kjöri, þá fullnýtist atkvæði þitt frambjóðandanum í 25. sæti seðilsins.

Ef ég vil endilega að einn tiltekinn frambjóðandi nái kjöri, ætti ég þá að sleppa því að velja aðra á listann? Nei. Kerfið er hannað þannig að val í tiltekið sæti á kjörseðlinum getur aldrei bitnað á vali ofar á listanum. Atkvæði vega ekki heldur þyngra séu fáir valdir en ef margir eru valdir.

Skiptir röðin máli? Já, mjög miklu. Valið í efsta sæti seðilsins skiptir mestu máli, og svo koll af kolli. Eins og segir hér að ofan er hins vegar alls ekki útilokað að val í neðri sæti seðilsins skipti sköpum fyrir niðurstöðurnar.

Ef ég tel ólíklegt að eftirlætis frambjóðandinn minn nái kjöri, er ég þá að fara illa með atkvæði mitt ef ég vel hann í fyrsta sætið? Nei, alls ekki. Ef hann kemst ekki inn færist atkvæði þitt einfaldlega á næsta mann á listanum, og þar fram eftir götunum.

Hvernig merki ég við á kjörseðlinum? Ólíkt flestum kosningum er ekki gerður kross við nafn eða nöfn frambjóðenda. Hverjum frambjóðanda er úthlutað fjögurra stafa númeri. Það númer er síðan ritað í reiti á kjörseðlinum, við hlið sætisnúmeranna 1 til 25. Lista yfir frambjóðendur og númer þeirra verður að finna í kjörklefanum og dreift í hús.

Hvernig eiga kjósendur að undirbúa sig? Til stendur að senda prufukjörseðil heim til allra kosningabærra manna. Með kynningarbækling frambjóðenda og prufuseðilinn að vopni geta kjósendur spreytt sig á að fylla hann út í samræmi við óskir. Sambærilegu kerfi verður líklega komið á á netinu. Þar munu kjósendur geta prófað að fylla út rafrænan kjörseðil.

Reynt að leiðrétta kynjaskekkju

Ekki er að fullu ljóst hver heildarfjöldi fulltrúa á þinginu verður. Þingmennirnir geta verið allt frá 25 til 31. Það er vegna þess að reynt verður að leiðrétta hugsanlega kynjaskekkju með því að bæta við allt að sex fulltrúum, þannig að hlutur annars kynsins verði helst ekki undir 40 prósentum.

Ef á þingið verða kosnir fimmtán karlar og tíu konur eru konur 40 prósent þingmanna og þá verður ekki gripið til fjölgunar. Ef hins vegar verða kosnir til dæmis átján konur og sjö karlar er hlutur kvenna einungis 28 prósent. Þá verður fimm næstu körlum bætt við, til að hífa hlutfall þeirra upp í 40 prósentin.

Sú staða getur fræðilega komið upp að 25 karlar verði kosnir á þingið. Í því tilviki þyrfti að bæta við sautján konum til að þær yrðu 40 prósent þingmanna. Fjölgunin takmarkast hins vegar sem áður segir við sex manns og í því tilviki yrðu því 25 karlar og sex konur á þinginu.

Með því að fjölga fulltrúum til að leiðrétta hugsanlega skekkju er komið í veg fyrir það að skipta þurfi út fulltrúum sem náðu tilskildum atkvæðafjölda.



DYNAMO REYKJAVÍK

VILDARÞJÓNUSTUTILBOÐ – ARGENTÍNA STEIKHÚS

VILDARÞJÓNUSTA BYRS

Kynntu þér kostina á byr.is

Þú átt skilið að njóta þess besta

Það skiptir máli að gera sér glaðan dag af og til. Þess vegna fá viðskiptavinir í **Vildarþjónustu Byrs 15% afslátt á Argentínu**, einstöku steikhúsi í hjarta borgarinnar. Njóttu lífsins á Argentínu.

*Ekki er veittur afsláttur af drykkjum eða með öðrum tilboðum.

BYR

BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is

Vertu í Vildarþjónustu Byrs og fáðu aukin fríðindi, persónulega þjónustu og sjálfvirkar lausnir sem veita þér betri yfirsýn yfir fjármálin. Þannig færðu tíma fyrir það sem skiptir máli. Að auki færðu ýmis sértilboð hjá samstarfsaðilum.

NAUTAFILÉ MEÐ PESTÓI

fyrir 4 að hætti Steingríms

1 kg. nautafile/
nautalund
Ítalía pestó

Hitið ofn í 200 gráður. Skerið nautafile í fjórar 250 gramma steikur. Hitið smjör á pönnu og steikið nautasteikurnar í 2 mínútur á hvorri hlið. Saltið og piprið. Setjið steikurnar inn í heitan ofninn í fimm mínútur. Takið út og leyfið kjötinu að jafna sig.

Setjið grænmetið fyrst á diskana. Þá nautasteikina og loks væna matskeið af Ítalíu pestói á hverja steik. Berið strax fram ásamt afganginum af pestóinu og grænmetinu.

KÚRBÍTS- OG
RAUÐBEÐUJULIENNE

1 stór kúrbítur
2 rauðbeður
1 poki spínat
1 geiralaus hvítlaukur
1 msk gróft Dijon-sinnep
(Maille á l'ancienne)
1/2 dl cider edik (eða
hvítvínsedik)
1 dl Ítalía ólífuolía

Maukið hvítlauk, edik, ólífuolíu og sinnep saman í matvinnsluvél eða með töfrasprota þannig að úr verði þykk "vinaigrette"-salatsósa. Saltið og piprið. Setjið í skál og geymið.

Skerið kúrbít og rauðbeður niður í "julienne"-stangir, um hálfs sentimetra breiðar og fimm sentimetra langar. Hitið vatn í potti og saltið. Þegar vatnið sýður eru kúrbítsstengurnar settar út í og síðan spínatið. Leyfið að vera í vatninu í rúmlega hálfa mínútu og hellið þá í sigti. Leyfið vatninu að renna af. Setjið volgt grænmetið í skálina með salatsósunni. Bætið rauðbeðustöngunum saman við. Hrærið öllu varlega saman.

Ítalíu vörulínan samanstendur af hágæða ítölskum vörum sem eru sérvaldar fyrir þig. Þær endurspegla allt það besta sem ítalska eldhúsið hefur upp á að bjóða.

ÍTALÍA
-allt það besta!
beint frá Ítalíu

Balsamik edik & olíur
– hvítlauksolía, ólífuolía

Pasta
– þurrkað gæða pasta

Pastasósur,tómatar & passata
– beint frá Ítalíu

Pestó & tómatmauk
– 3ja lita, rautt og grænt

Grillaðir ætiþistlar
– beint frá Ítalíu

Salt & pipar kvarnir
– beint frá Ítalíu

Grilluð paprika
– beint frá Ítalíu

Sólkysstir tómatar
– beint frá Ítalíu

Bruschetta með papriku
– beint frá Ítalíu

OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 24. október eða á meðan birgðir endast.

Ítalskir dagar

Copaim ferskt pasta
- eðal pasta fyrir sælkera

Ekta ítalskt álegg

Copaim antipasta
- blandaðar ólífur
- fylltar ólífur
- balsamik laukur
- marineraðar ansjósur
- sólþurrkaðir tómatar
- marineraður kolkrabbi

ítalskir sælkera ostar

IL GENIO Ólífuolía
frá Toscana héraði

Cirio tómatvörur
– ekta ítalskar vörur

Lavazza kaffipúðar
– hágæða ítalskt kaffi

Fiorucci pasta máltíð
– tortelloni + pestó/sósa + ostur

Sacla
– úrval af tómatvörurm

Gallo risotto
– ítalskt risotto

Filippo Berio olíur
– Lemmon, Basil og Garlic

Goodfellas pizzur
– 3 tegundir

Pizzabrauð
– nýbakað

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VIÐTAL: Jakob Frímann Magnússon

Mikilvægasti staður landsins

Jakob Frímann Magnússon hefur sinnt miðborgarmálum síðan 2008. Hann ræðir um mikilvægi upplifunarheimsins, umdeilt stríð gegn veggjakroti og Jón Gnarr, þriðja borgarstjórann sem hann kynnist á starfstímanum.

MIÐBORGARMAÐUR „Á tímabili þurftum við að efna til vöktunar allan sólarhringinn og gera að auki út leynilögreglumann á mótorhjóli til að elta uppi allra skæðustu veggjakrotarana," segir Jakob Frímann um stríðið gegn veggjakroti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Fyrir tveimur vikum hitti ég Yoko Ono og hennar fylgdarlið, sem taldi 140 manns, og þetta fólk talaði mikið um það hversu Reykjavík væri falleg og skemmtileg borg. Það dáðist hreinlega að menningunni og kallaði borgina fyrirtaks partíbæ. Einn nærstaddur Íslendingur lét í ljós þá löngun sína að flytja til New York og þá gall við: „Langar þig virkilega að flytja héðan?" Þau voru óskaplega hissa á því að nokkrum manni dytti í hug að skipta á þessum tveimur borgum. Ég held að hverjum Íslendingi sé afar hollt að máta sig við aðrar borgir og lönd, því aðeins þannig er hægt að átta sig á því hversu mikil forréttindi það eru að búa hér," segir Jakob Frímann Magnússon, tónlistarmaður og miðborgarstjóri.

Hann hefur starfað á vettvangi miðborgarinnar síðan á vordögum 2008. Verkefni hans sem framkvæmdastjóra miðborgarmála voru á síðasta ári sameinuð verkefnum framkvæmdastjóra Miðborgar Reykjavíkur og er formlegt starfsheiti hans nú framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar. Starfið felur eftir sem áður í sér að stuðla að fegurri, hreinni og öruggari miðborg, og að gæta þess að öll verslun og þjónusta í miðborginni sé eins aðgengileg, öflug og vel kynnt og hugsast getur.

Ræktum það besta

Jakob Frímann dregur ekki dul á þá skoðun sína að miðborgin sé einn fallegasti og mikilvægasti staður landsins. Hann segir miðborgina jafnan fyrsta viðkomustað þeirra sem sækja landið heim og fyrir flestum erlendum ferðamönnum sé svæðið líflegt, fjölbreytilegt og þægilegt.

„Miðborgin hentar til að mynda einkar vel til hátíða ýmiss konar, eins og þessi festivöl sem haldin eru hér nánast mánaðarlega nú orðið sýna fram á, frá Myrkum músíkdögum til Food and fun, Listahátíðar, RIFF, Iceland Airwaves og allt þar á milli," segir Jakob. „Gríðarlega stór hluti hagkerfis okkar Íslendinga er farinn að tengjast upplifunarheiminum og þar liggja okkar stærstu tækifæri. Miðborgin okkar er upplifun sem er engu lík."

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves, greindi nýverið frá því að veltan af hátíðinni væri um einn og hálfur milljarður króna. Jakob segir staðreyndirnar því blasa við í þessum efnum. „Stór hluti af veltunni er erlendir peningar sem koma inn í landið. Höldum því áfram að setja upp slíkar hátíðir og rækta það sem okkur hefur tekist best upp með, tónlistarlífið, kvikmyndagerð og fleira sem flokkast undir hinar skapandi greinar," segir Jakob.

Forvitnir útlendingar

Hann telur starf miðborgarstjóra skemmtilegt og spennandi, en jafnframt krefjandi á köflum.

„Nú í seinni tíð hefur kreppan krafist þess að ég nýti mér sambönd við viðskiptalífið til að fegra ákveðin svæði. Sem dæmi get ég nefnt að BM Vallá lét okkur í té hellur að virði einnar og hálfrar milljónar og Slippfélagið gaf okkur tíu þúsund lítra af málningu sem notuð hefur verið til að mála heilu og hálfu húsin hér í miðbænum," segir Jakob og bætir við að skert

> Það er engin tilviljun að Sean Lennon kallaði Jón Gnarr svalasta borgarstjóra í heimi.
>
> **JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI
> MIÐBORGARINNAR OKKAR

svigrúm í fjármálum borgarinnar kalli á mikla aðstoð frá sjálfboðaliðum víða að.

„Uppbyggingar- og hreinsunarstarfið hefur að stórum hluta verið mannað með sjálfboðaliðum frá útlöndum undanfarin ár. Í gegnum samtökin Veraldarvini og Seeds hafa komið hingað forvitnir útlendingar sem vilja kynnast landi og þjóð og láta gott af sér leiða. Margir þeirra hafa gengið til liðs við Græna hulduherinn og þetta fólk hefur unnið gríðarlega mikið og gott starf við hreinsun, málun og fegrun, til dæmis á Hverfisgötunni og víðar. Það er dálítið fyndið að meðan margir Íslendingar eru atvinnulausir og kjósa fremur að sitja heima, séu útlendingar hér sem lyfta hendi til að fegra nærumhverfið og fá heilmikið út úr því."

Spæjarar á mótorhjólum

Téð hreinsunarstarf í miðborginni vakti mikla athygli sumarið 2008 þegar Jakob og aðrir borgarstarfsmenn réðust til atlögu gegn ákveðinni tegund veggjakrots sem talið var lýti á umhverfinu. Jakob líkir starfi miðborgarstjóra við vandasaman línudans, sem seint eða aldrei verði óumdeildur.

„Umtalsverðu fjármagni var varið í þessa miklu sókn gegn „slömminu", sem er besta orðið til að lýsa ástandinu sem hér ríkti," segir Jakob. „Skemmdarvargarnir voru orðnir svo forhertir að nokkrir þeirra tóku til sinna ráða og hófu að gera þarfir sínar að næturlagi. Á tímabili þurftum við að efna til vöktunar allan sólarhringinn og gera að auki út leynilögreglumann á mótorhjóli til að elta uppi allra skæðustu veggjakrotarana. Ég man til dæmis eftir einum sem fór iðulega út bakdyramegin um þrjú leytið á næturnar með spreibrúsann sinn, brunaði af stað á 120 kílómetra hraða til að stinga örugglega alla af sem kynnu að elta hann, og var svo kominn upp á fimmtu hæð á húsi og búinn að svala fýsnum sínu áður en nokkur náði til hans. Þá brugðum við einfaldlega á það ráð að hreinsa krotið áður en nóttin var úti, en þetta var vissulega stríð á tímabili."

Hann segir stríðið þó hafa leitt til ákveðinnar sáttar, sem felst í því að viðurkenna tilvist þessara hópa og listarinnar sem þeir stunda.

„Á Hljómalindarreitnum milli Laugavegar og Hverfisgötu keppast þessir hópar nú um að skapa fallega list og ég fullyrði að á svæðinu eru mörg stórskemmtileg verk. Hreinsunarverkefnið hefur því tekist vonum framar og ég vil meina að á lykilsvæðum miðborgarinnar séu þessi mál í góðu lagi," segir Jakob. Það sé fyrst og fremst að þakka frábæru starfi manna á borð við Örn Garðarsson verktaka, Guðmund Vigni Óskarsson verkefnisstjóra og Hrólf Jónsson sviðsstjóra, sem sé nokkurs konar embættismaður númer eitt hjá borginni.

„Síðan ég tók að sinna miðborgarmálum vorið 2008 hef ég kynnst ótrúlegum fjölda frábærra borgarstarfsmanna og ekki síður þeim sem lifa og starfa í miðborginni. Auk þessa eru endurbæturnar og kaffihúsareksturinn í Hljómskálanum og svo virkjun Hljómalindarreitsins það sem ég hef haft mesta ánægju af í miðborgarstörfum mínum til þessa. Fram undan eru svo jólin með tilheyrandi Jólabæ á Hljómalindarreit sem í sumar hefur meðal annars verið vettvangur útimarkaða og tónleikahalds. Það er hvergi skemmtilegra að vera á aðventunni en einmitt hér í hjarta borgarinnar," segir Jakob.

Blómstrandi Hlemmur

Hjá samtökunum Miðborgin okkar ríkir um þessar mundir mikil eindrægni og sterkur vilji til að styrkja efsta hluta Laugavegarins, frá Hlemmi og niður að Frakkastíg og svæðið þar í kring. Jakob segir þá uppbyggingu eitt helsta forgangsverkefnið varðandi miðborgina, meðal annars til að verslun og þjónusta fái að blómstra þar .

„Hlemmur hefur nokkuð laskaða ímynd frá fyrri tíð. Fyrst voru það pönkarar með nefrennsli eins og borgarstjórinn Jón Gnarr, sem dvöldu þar heilu og hálfu dagana og vilja nú gjarnan reisa einhvers konar pönkminjasafn á Hlemmi," segir hann og hlær. „Og síðar fundu hinir smærri bræður okkar og systur úr undirheimum fíkniefna- og áfengisneyslu þar samastað. Þetta hefur lagast að stórum hluta en ímyndin er enn dálítið dimm og drungaleg."

Jakob sér Hlemm fyrir sér sem iðgræna gróðrarstöð miðborgarinnar. „Þetta gæti orðið grænn og líflegur Blóma-Hlemmur, þangað sem gæti fólk sótt sér blóm, plöntur, fræ og jafnvel eitthvað fyrir gæludýrin sín. Þá er hugmyndin sú að setja á fót kaffihús með uppstoppuðum dýrum í húsinu gegnt Hlemmi, sem áður hýsti Náttúrugripasafnið, Brunabótafélag Íslands og Möguleikhúsið. Þannig gæti svæðið orðið að fjölskylduvænni og aðlaðandi miðstöð efstu hluta miðborgarinnar. Þessar hugmyndir höfum við kynnt vel í borgarkerfinu og innan miðborgarsamfélagsins og erum að safna um þær fylgi. Nóg er af bílastæðunum í nærliggjandi Stjörnuporti."

Hann bætir við að komið hafi til tals að api í búri ætti heimili sitt í gróðrarstöðinni Hlemmi. „Jón Gnarr var mjög hrifinn af þeirri hugmynd," segir Jakob og skellir upp úr.

Jón Gnarr góð tilbreyting

Títtnefndur Jón Gnarr er þriðji borgarstjórinn sem Jakob hefur kynnst á starfstíma sínum sem miðborgarstjóri. Hann segist ekki gera upp á milli borgarstjóranna en Jón Gnarr gæti verið einmitt það sem íslensk stjórnmál hafi þurft á að halda á þessum tímapunkti í sögu þjóðarinnar. Allt í kringum hann séu líka eldklárir einstaklingar.

„Það er engin tilviljun að Sean Lennon kallaði Jón Gnarr svalasta borgarstjóra í heimi, því hann er öðrum stjórnmálamönnum um margt til eftirbreytni. Hann býr yfir mannúð og heiðarleika gagnvart ófullkomleika lífsins, sjálfs sín og borgarmálanna. Dagbók hans á Facebook er gott dæmi um einlægni hans og mennsku. Hann þykist ekki vita það sem hann veit ekki og í því er fólgin verulega hressandi tilbreyting," segir Jakob Frímann að lokum.

Náði „Frímennska" stílnum fullkomlega

Haustið 2008 barst nokkrum borgarbúum ábúðarmikið bréf, á bréfsefni Reykjavíkurborgar og undirritað af Jakobi Frímanni fyrir hönd þáverandi meirihluta í borginni, þar sem brýnt var fyrir borgarbúum að þeir taki ekki aðeins til í kringum sig heldur verði þeir jafnframt að huga að eigin útliti: Huga að þyngd, umhirðu tanna, húðar og hárs og vera vel til fara svo fátt eitt sé nefnt. Tekið var fram í bréfinu að í ársbyrjun 2009 myndi fara fram athugun á stöðu borgarbúa og í framhaldinu gefnar persónulegar ráðleggingar. „Þar með hafa allir möguleika á að snúa blaðinu við áður en hugsanlega verður gripið til dagsekta," sagði í bréfinu. Vart þarf að taka fram að um gabb var að ræða og Jakob kom hvergi nærri bréfinu.

„Ég get ekki annað en dáðst að þessum húmorista, því hann náði stílnum mínum fullkomlega. Reyndar hafði ég viðhaft umrædd orð í gamni í þröngum hópi, svo þessi grínisti kynni að þekkja mig án þess að ég hafi hugmynd um það," segir Jakob.

Hann viðurkennir að umrætt bréf sé skrifað í stíl sem er mjög heimfæranlegur upp á hann sjálfan, en ýmsir hafi náð að tileinka sér þennan „frímennska" stíl í mæltu máli í gegnum tíðina. „Jú, þessir meistarar eftirhermanna, eins og **Ari Eldjárn**, **Freyr Eyjólfsson**, Sigurjón Kjartansson, Styrmir Sigurðsson og fleiri góðir menn, hafa náð vel málrómnum og talsmátanum sem ég tileinkaði mér upphaflega í gamni á menntaskólaárum, þegar við Valgeir Guðjónsson bræddum saman einhvers konar blöndu af gullaldaríslensku og uppskrúfuðu menntaskólaorðfæri." Nýlega var kastað fram hugmynd um að haldin yrði eftirhermukeppnin „Frímanninn 2011" þar sem verðlaunagripurinn yrði stytta af slána með farsíma í annarri hendinni og lítið hljómborð í hinni. „Ef af þessu yrði? Ætli maður mundi ekki bara sjálfur slá til og freista gæfunnar?" segir Jakob.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

HG | Kringlan 568 9234

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel

B&S KONUR

B&S | Kringlan 553 4141

skoðun

greinar@frettabladid.is

Meira að segja VG tók þátt:

Keppnin

Þó að margt fari í taugarnar á þjóðinni og hafi gert í gegnum árin er líklega fátt sem kveður jafn mikið að í þeim efnum og svokallaðar pólitískar ráðningar. Er þar átt við ráðningar þar sem stjórnmálamenn meta stjórnmálaskoðanir, vin- og frændskap ofar öðru þegar opinberu starfi er ráðstafað.

Þekkt er að Íslendingar eru í eðli sínu keppnismenn og una sér aldrei betur en þegar þeir keppa í einhverju sem þeir eru góðir í. Eftir að stjórnmálamenn höfðu áttað sig á undrum pólitískra stöðuveitinga og voru orðnir virkilega góðir í að ráða í störf eftir stjórnmálaskoðunum, vin- og frændskap var allt í einu, og án þess að almennir borgarar vissu af, hafið óopinbert Íslandsmót í greininni.

SKOÐUN

Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is

Sjálfstæðismenn voru snöggir til í upphafi og náðu fyrstir virkilega góðum tökum á leiknum. Þeir hafa líka uppskorið eftir því og eru efstir á stigalistanum. Á eftir koma framsóknarmenn og kratar. Allt var undir og stjórnmálamenn útdeildu embættum og störfum við ráðuneyti, dómstóla, sendiráð, Seðlabankann, Háskólann, menningarstofnanir og fyrirtæki í ríkiseigu til vildarvina og sjálfra sín.

Til er saga sem sýnir að þeir vissu vel hvað þeir voru að gera og að leikurinn gæti farið úr böndunum. Hún er á þá leið að einhvern tíma á síðasta áratug, eftir einhverja ráðningahrotuna, hafi forystumenn úr stjórnmálaöflunum gert sérstakt samkomulag um fyrirkomulag stöðuveitinga hjá Geislavörnum ríkisins. Þeir hafi talið mikilvægt, og sammælst um, að í ljósi eðlis og mikilvægis starfseminnar yrðu fagleg sjónarmið látin ráða við mannaráðningar á þeim bæ fremur en pólitík.

Meðan á þessu hefur staðið hefur mjóróma gagnrýni almennings verið hrein sóun á orðum. Hún hefur ekki náð eyrum pólitíkusanna. Hins vegar hefur gagnrýni af vinstri væng stjórnmálanna annað slagið farið inn um eyru þeirra. En jafnharðan út aftur.

Þar sem fólk í VG og áður Alþýðubandalaginu var býsna gagnrýnið á að stjórnsýslan og opinber embætti væru notuð sem leikvöllur í keppni annarra stjórnmálaafla um að koma sem flestum samherjum í þægilega innivinnu kemur nokkuð á óvart hvað fólk í þeim flokki er ótrúlega flinkt í leiknum.

En eftir hreint lygilega byrjun er eins og ljós hafi kviknað. Nú á að vanda til verka. Þannig hefur Ögmundur Jónasson falið þriggja manna nefnd að meta umsóknir um embætti ráðuneytisstjóra nýs innanríkisráðuneytis. Það er gott hjá honum.

Líklega er það borin von að stjórnmálamenn hætti með öllu að láta pólitík fremur en fagleg sjónarmið ráða þegar kemur að stöðuveitingum. Þess vegna væri réttast að þjóðin gerði við þá samkomulag, svona eins og sagan segir að gert hafi verið um Geislavarnirnar á sínum tíma. Það gæti falist í því að þegar nýr ráðherra kemur í ráðuneyti fái hann að hafa með sér fjóra starfsmenn. Þeir gætu heitið aðstoðarmaður, upplýsingafulltrúi, sérfræðingur og ráðgjafi. Engar athugasemdir yrðu gerðar við hvernig ráðherrann ráðstafaði þessum störfum en á móti væri tryggt að í önnur störf væri ráðið með faglegum aðferðum sem eru, merkilegt nokk, til. Ef þetta yrði ofan á hefði þjóðin sjaldnar tilefni til að vera pirruð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Asphalia - Náttúrulegur svefn
Fæst í apótekum og heilsubúðum

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nýtt
Að sögn Vigdísar Hauksdóttur þingkonu var það í raun ekki hún sjálf sem brást þegar hún lagði fram óþingtæka tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópumál. Það voru starfsmenn Alþingis og skammtímaminnið hennar. Fá, ef nokkur, dæmi eru þess að þingmenn kenni starfsmönnum þingsins um eigin mistök. Að líkindum hefur Vigdís því skrifað nýjan kafla í þingsöguna með yfirlýsingu þar um.

Einstakt
Og svo er það skammtímaminnið.



Það sveik, sagði Vigdís á Rás 2. Sé það raunin er skammtímaminni Vigdísar einstakt. Skammtímaminni flestra geymir nefnilega fimm til níu atriði í nokkrar sekúndur. Geti Vigdís geymt upplýsingar úr lagasafninu í sínu skammtímaminni (sem á það reyndar til að svíkja hana) er hún vissulega rannsóknarefni.

Eins
Vigdís er annars mjög dugleg í vinnunni og tekur virkan þátt í umræðum. Þegar rætt var um fyrirkomulag kjörs til stjórnlagaþings

benti hún á að fyrirhugað kerfi væri flókið og það myndi taka fólk langan tíma að fylla út kjörseðilinn. Réttast væri því að kjósa með rafrænum hætti. „Með því að hafa þetta fyrstu alvöru rafrænu kosninguna á Íslandi og tölvuvæða kjördeildir væri hægt að slá inn annaðhvort nafn eða númer og þá mundi líka birtast á skjánum mynd af þeim sem fólk ætlar að kjósa. Þá er ekki hægt að misskilja eða skrifa vitlaust númer því að þá þrítékkar kjósandinn sjálfur að hann sé að kjósa réttu manneskjuna," sagði Vigdís. Því miður hlaut hugmyndin ekki hljómgrunn.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR

Sönn lýðræðisást

Evrópumál

Andrés Pétursson
formaður Evrópusamtakanna

Nú hafa nokkrir þingmenn innblásnir af lýðræðisást lagt fram þingsályktunartillögu um að samhliða kjöri til stjórnlagaþings skuli einnig greitt atkvæði um hvort haldið skuli áfram viðræðum við Evrópusambandið. Þetta er auðvitað stórsnjöll tillaga enda slær hún tvær flugur í einu höggi. Í fyrsta lagi kemur þetta í veg fyrir að við fáum að vita hvað hægt er að fá út úr viðræðum við þetta ferlega fyrirbæri sem ESB er og í seinna lagi þá sparar þetta þingmönnunum það ómak að leggja fram aftur tillögu sína um að draga eigi umsóknina til baka. Af einhverjum ástæðum voru þeir hálfhræddir að hún myndi ekki vera samþykkt á Alþingi.

Í anda þessarar lýðræðisástar eiga þessir þingmenn auðvitað að víkka út þessa þjóðaratkvæðishugmynd og taka fleiri kosningar inn í pakkann. Til dæmis væri þjóðráð að kjósa hvort viðhalda eigi núverandi kvótakerfi í sjávarútvegi. Einnig mætti kjósa um hvort hækka eigi skatta eða lækka þá. Svo mætti taka inn þjóðlendumálin og kjósa um þau um allt land. Í einstökum kjördæmum mætti til dæmis kjósa um opnun áfengisverslunar eða hvort sameina eigi fleiri sveitarfélög. Kópavogsbúar og Reykvíkingar gætu hæglega kosið um hugmynd borgarstjórans að sameina þessi tvo sveitarfélög. Álftnesingar gætu tekið afstöðu til sameiningar við Hafnarfjörð, Garðabæ eða Reykjavík. Þetta

> Í anda þessarar lýðræðisástar eiga þessir þingmenn auðvitað að víkka út þessa þjóðaratkvæðishugmynd og taka fleiri kosningar inn í pakkann.

er nefnilega gullið tækifæri til að láta hið fullkomna lýðræði verða að veruleika. Þessari áskorun er hér með komið á framfæri við þessa sjö mjög svo verðugu fulltrúa okkar á Alþingi. Allt í nafni þess að þjóðin fái nú örugglega ekki að kynna sér hugsanlegan samning við Evrópusambandið og að kjósa um slíkan samning.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Bábiljur eða bjargráð

Atvinnumál

Kristján Gunnarsson
formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis

Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, fer stundum frjálslega með staðreyndir þegar hún ver gjörðir sínar í skipulagsmálum. Nú staðhæfir þessi mæta kona að hálfs árs dráttur hennar á að lýsa sig vanhæfa til að fjalla um aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfuss sé eðlileg stjórnsýsla.

Var ekki umhverfisráðherra nákvæmlega jafn vanhæfur í apríl þegar málið kom inn á borð í ráðuneytinu og hann lýsir sig loks vera um síðustu mánaðarmót? Forvígismenn skipulagsmála Ölfuss, og skipulagsfulltrúar um land allt, benda á að ráðherra bar að afgreiða málið eigi síðar en í júní, að framkomnum athugasemdum, enda er frestur samkvæmt eðlilegri stjórnsýslu 30 dagar. Vert er árétta að enginn er að biðja ráðherra um afslátt af lögboðnum ferlum, einungis að hann ræki skyldur sínar og vinni vinnuna sína.

Ég efa ekki að ráðherra vill standa fast á gildismati Vinstri-grænna og finnst nokkru til fórnandi. Hins vegar er ástandið hér á landi bara svo grafalvarlegt að stjórnmálamenn verða að hefja sig yfir pólitíska bókstafstrú og horfast í augu við raunveruleikann upp á nýtt. Við blasir að þúsundir íslenskra heimila og fyrirtækja eru aðfram komnar af tekjumissi og skuldaklafa. Þeirra helsta bjargráð er tafarlaus endurreisn íslensks atvinnulífs með fjölda nýrra starfa og þeirri innspýtingu í hagkerfið sem hrífur menn úr deyfð og drunga. Til þess þarf að nýta gjöfular orkulindir.

Sérstaklega er ástandið alvarlegt hér á Suðurnesjum þar sem 30 til 40% heimila eiga í alvarlegum vanda. Tekjulítið eða tekjulaust fólk horfir fram á holskeflu nauðungaruppboða og engist í þessu ástandi, að ónefndum þeim fjölda fyrirtækja sem eru að leggja árar í bát. Þetta fólk setur fyrst og fremst traust sitt á að álver í Helguvík með sínum 2000 störfum fái að rísa í friði fyrir þeim sem reyna leynt og ljóst að tefja eða koma í veg fyrir uppbyggingu þess. Íslensk álver eru einhver þau umhverfisvænstu í heimi. Þau hafa reynst mikilvægir máttarstólpar í samfélaginu og skapa þúsundum Íslendinga örugga og góða afkomu. Höfum hugfast að það eru tekjurnar af álverum en ekki álverin sjálf sem skipta máli fyrir þjóðina.

Ef takast á að endurreisa íslenskt samfélag verða stjórmálamenn að taka saman höndum við atvinnulífið og launþegahreyfinguna og setja atvinnusköpun í raunverulegan forgang. Bjargráð og mannsæmandi lífskjör hljóta að vera verðugra viðfangsefni en pólitískar kreddur.

Áfram nú!

Jafnréttismál

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Á mánudaginn, 25. október, munu konur um allt land leggja niður vinnu kl. 14.25 og safnast saman víða um land til fjölbreyttra aðgerða. Annars vegar er kvennafríið sjálft helgað baráttunni fyrir launajafnrétti kynjanna en einnig er dagurinn tileinkaður baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Í ár er einnig minnst merkra áfanga kvennabaráttunnar og í dag heiðrum við minningu þeirra sem hafa barist fyrir þeim. Með sanni má segja að síðasta öld hafi verið öld kvennabaráttunnar en enn blasa við mikilvæg verkefni sem okkur ber skylda til þess að vinna að.

Kynbundið ofbeldi – ekki meir

Ríkisstjórn og Alþingi hafa stigið markviss skref í jafnréttismálum, ekki síst í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi, mansali og vændi. Við munum halda ótrauð áfram á sömu braut, innleiða austurríska leiðina og nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og síðast en ekki síst vinna nýja framsækna áætlun gegn kynbundnu ofbeldi.

Talið er að um þriðja hver kona verði fyrir kynferðisofbeldi á lífsleiðinni. Í sögulegu samhengi er örstutt síðan þagnarmúrinn í kringum ofbeldið var rofinn og enn erum við sem samfélag að grafa upp misgjörðir fortíðarinnar sem urðu þögguninni að bráð. Enn er ofbeldið gegn konum og börnum smánarblettur á samfélagi okkar. Það þrekvirki sem þolendur kynbundins ofbeldis hafa unnið með stofnun samtaka á borð við Kvennaathvarfið, Stígamót, Blátt áfram og nú síðast Drekaslóð er aðdáunarvert. Í þessari baráttu eru margar hetjur. Það er til marks um mikinn árangur að sjónarhorn baráttunnar hefur getað færst frá því að sannfæra samfélagið í heild um að brotin eigi sér stað, séu umfangsmikil og hafi gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir heill og helgi hvers sem fyrir verður – og yfir í það að beinast að stofnanakerfi samfélagsins, lagaumgjörð, réttarvörslukerfi og viðbúnaði þess til að bregðast við. Þar er mikið verk að vinna.

Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar

Nú stendur yfir endurskoðun á aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn kynbundnu ofbeldi, en sú áætlun sem nú er að renna sitt skeið á enda hefur skilað miklum árangri. Þar ber hæst bæði rannsóknir og útgáfu á viðamiklu fræðsluefni ætlað ýmsum fagstéttum sem eru annaðhvort í aðstöðu til að greina eða veita þolendum aðstoð. Í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu er unnið að úrbótum á lagaumgjörð, meðal annars með það að markmiði að heimila lögreglu að fjarlægja ofbeldismenn af heimili, sem gjarnan er nefnt austurríska leiðin. Okkur ber skylda til þess að tryggja að réttarvörslukerfið gegni á hverjum tíma þeirri grundvallarskyldu sinni að verja þolendur. Rétt er í þessu samhengi að nefna aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn mansali sem samþykkt var í mars 2009, en eftir henni er unnið af kappi. Baráttan gegn mansali er liður í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi enda rík tengsl þar á milli.

> Í samkeppni um stöður og stóru launatékkana virðast karlarnir bindast tryggðaböndum sem viðhalda forskoti þeirra gagnvart konum.

Klukkan 14.25

Það er ekki hending ein að konur eru hvattar til að leggja niður vinnu klukkan 14.25 á mánudaginn kemur. Væru konur almennt með sömu tekjur og karlar væru þær á þeirri mínútu búnar að ná þeim daglaunum sem þeim eru núna greidd. Þetta endurspeglar tekjumuninn í heild á milli karla og kvenna.

Núna vantar aðeins eitt ár upp á að fyrstu lögin um launajafnrétti kynjanna nái hálfrar aldar afmæli. Sú spurning er áleitin hvers vegna ekki hefur meira áunnist á síðari árum. Stjórnvöld hafa ráðist í fjölmargar rannsóknir, skipað nefndir og efnt til aðgerða til að vinna á vandanum, en árangurinn er umdeilanlegur. Svo virðist sem samfélagið endurskapi og viðhaldi í sífellu þeim viðhorfum sem styðja við hinn kynskipta vinnumarkað og vanmat á kvennastéttum. Í samkeppni um stöður og stóru launatékkana virðast karlarnir bindast tryggðaböndum sem viðhalda forskoti þeirra gagnvart konum.

Ég mun leggja áherslu á að launajafnréttið verði eitt af forgangsmálum í nýrri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Það er staðreynd að hvern dag vinnur meirihluti íslenskra kvenna langan vinnudag utan og innan heimila fyrir lægri laun en karlar. Þessar konur leggja grunn að velferð samfélags okkar á mörgum sviðum og ég skora á aðila vinnumarkaðarins að tryggja að það endurspeglist nú í komandi kjarasamningum. Ég skora á alla vinnuveitendur um land allt að gefa konum frí kl. 14.25 á mánudaginn kemur og sýna með því samstöðu með hetjum dagsins!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EUROSHOPPER: ís á frábæru verði

398
KR. 12 STK

ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 12 X 60 ml

498
KR. 8 STK

ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 8 X 120ml

298
KR. 3 STK

LÚXUS-ÍSPINNAR 3 X 120 ml

1798
KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

59 KR.33 cl

59 KR.33 cl

59 KR.33 cl

759
KR. KG

HÁLFUR LAMBASKROKKUR
NÚ Á ENN *LÆGRA VERÐI* AÐEINS 759 KR.KG.

628
KR. KG

KS LAMBASÚPUKJÖT 1 FL.
698 KR/KG. 10% AFSLÁTTUR

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

3000 KASSAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

1498
KR.650g

NÓA KONFEKT 650g
ALLIR BESTU MOLARNIR

498
KR.6 stk

COW&GATE BARNAMATUR
6 KRUKKUR Á VERÐI 3JA

98 KR.500ml

98 KR.500ml

169 KR. 2 ltr.

169 KR. 2 ltr.

169 KR. 2 ltr.

159
KR.200g

EUROSHOPPER SNAKK 200g
SOUR CREAM AND ONION

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

Allt í matinn á betra verði í Bónus

ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTIR

GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI **GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI** GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI

ALI BAYONNESKINKA 1. FLOKKUR

ALI *ELDUÐ* SPARERIBS/GRÍSARIF

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA; FROSIÐ LAMBALÆRI 2010 SLÁTRUN

ÍG FROSNAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR M/BEINI

NAUTA Veisla

Í VERSLUNUM BÓNUS

N.V FERSKT NAUTAGÚLLAS

N.V FERSKIR NAUTABORGARAR
4 STK M/BRAUÐI

N.V FERSKT NAUTAPIPARSTEIK

N.V FERSKT HAKK

N.V FERSKT NAUTASNITSEL

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

Leiðrétting skulda

Skuldamál

Haraldur L. Haraldsson
hagfræðingur
Hagsmunasamtaka heimilanna

Höfuðstóll er fjárhæð láns eða kröfu, auk verðbóta. Af fjárhæðinni reiknast vextir. Ef lán eru verðtryggð breytist höfuðstóllinn í samræmi við verðlagsbreytingar eins og þær eru mældar hverju sinni. Verðtrygging er heiti á sérstöku breytilegu álagi á höfuðstól lána og er notuð til þess að tryggja verðgildi fjárskuldbindinga og bankainnistæða með viðmiðun við ákveðna vísitölu. Með verðtryggingu er tryggt að endurgreiðslur haldi verðgildi samkvæmt fyrirfram ákveðnu viðmiði frá þeim degi sem lán er veitt eða sparnaður hefst. Vísitala sem byggð er á mjólkurverði, áfengi o.s.frv. er ekki náttúrulögmál.

Verðtrygging felst í því, að verð fjárskuldbindinga hækkar eftir ákveðnum reglum, oftast vísitölum. Við verðtryggingu er notast við vísitölu neysluverðs. Það má lýsa því á einfaldan hátt hvernig sú vísitala er fundin. Safnað er saman tilteknu magni af vöru og þjónustu í „innkaupakörfu“, þar sem m.a. er tekið tillit til neysluvenja, og heildarverð körfunnar reiknað út. Að ákveðnum tíma liðnum er þetta endurtekið. Breyting á verði körfunnar milli þessara tímabila, er sú breyting sem notuð er til þess að reikna út breytingu á vísitölunni. Hafi verðið hækkað hækkar vísitalan um það hlutfall sem leiðir til þess, að öll verðtryggð lán tengd viðkomandi vísitölu hækka um sama hlutfall. Lítið dæmi: Innkaupakarfan hinn 1. janúar kostar kr. 10.000, hinn 1. febrúar kostar sú hin sama karfa kr. 10.200, verðhækkunin nemur 2% á einum mánuði. Vísitala, sem var 100 stig hinn 1. janúar er komin í 102 stig mánuði seinna. Verðbólgan nam því tveimur prósentum.

Mikilvægt er að hugtökin séu skýr og fólki séu þau ljós. Frá því í desember 2007 til september 2010 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 28,7% eða með öðrum orðum hefur neyslukarfan frá því í desember 2007 til september 2010 hækkað um 28,7%.

Leiðrétting á vísitölunni

Í umræðunni hefur komið fram að ef farið verður að tillögu Hagsmunasamtaka heimilanna um 18% leiðréttingu á skuldum, þýði það um 220 milljarða „afskriftir“. Afskrift á hverju? Þegar þessir 220 milljarðar eru fundnir eru þeir reiknaðir sem 18% af verðtryggðum höfuðstól, þ.e. höfuðstóll láns á tilteknum tíma að viðbættum verðbótum. Miðað við þetta er höfuðstóll lána heimilanna ásamt verðbótum 1.230 milljarðar kr.

Gengið er út frá því, að heimilin hafi ekki tekið ný lán á árinu 2008. Að því gefnu hefur höfuðstóll lánanna frá því í desember 2008 tekið breytingum sem hér segir:

Staða lána 31.12.07	955,7 ma.
Vísitöluhækkun 28,7%	274,3 ma.
Samtals	1.230,0 ma.

Ljóst er skv. þessu, að þrátt fyrir leiðréttingu upp á um 220 milljarða hefur höfuðstóllinn frá því í desember 2007 hækkað um 54,3 milljarða, eða sem nemur 5,7% auk vaxta. Miðað við 5% vexti af höfuðstólnum í desember 2007 gætu allt að 75,7 milljarðar hafa bæst við framangreinda upphæð miðað við vexti í 19 mánuði. Nú er spurt, hvað hefur valdið svo mikilli hækkun á vísitölunni frá því í desember 2007 á tíma sem atvinnuleysi hefur aukist, laun lækkað o.s.frv.?

Helstu áhrifavaldar til hækkunar vísitölunnar árið 2008 og fram til dagsins í dag eru:

1. Fjármálastofnanir tóku stöðu gegn krónunni. Gengið féll, innfluttar neysluvörur hækkuðu í verði, sem hækkaði vísitöluna.

2. Vegna efnahagshrunsins hafa stjórnvöld gripið til víðtækra gjaldskrár- og skattahækkana, sem mælast í vísitölu neysluverðs.

3. Vegna framanritaðs hafa framleiðendur þurft að grípa til hækkunar á vöru og þjónustu.

Samfara hruninu hafa neysluvenjur þjóðarinnar breyst. Þannig má gera ráð fyrir að neysla á innfluttum vörum hefur dregist saman vegna verðhækkunar. Eru þessar vörur enn í vísitölukörfunni? Íslendingar kaupa ekki sömu vörur og þeir gerðu fyrir hrun.

Með vísan til framanritaðs er lagt til að gerð verði rannsókn á því hvað framangreind atriði hafa haft mikil áhrif á hækkun neysluverðsvísitölunnar frá því í desember 2007. Jafnframt er spurt, hvort eðlilegt sé að lántakendur eigi að bera allan kostnað af því að fjármálastofnanir tóku stöðu gegn krónunni. Eiga lántakendur að taka á sig allan herkostnaðinn, þ.e. áhrif gjaldskrár- og skattahækkana sem grípa hefur þurft til vegna efnahagshrunsins?

Með vísan til framanritaðs ítreka Hagsmunasamtök heimilanna tillögu sína um leiðréttingu á verðtryggðum lánum.

Barnaverndarnefnd og Besti flokkurinn

Barnaverndarmál

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
lögfræðingur
félagsþjónustu
Kópavogs

Nýlega var skipað í nýja nefnd barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Til að gera sér grein fyrir hinu veigamikla hlutverki barnaverndarnefndar ætla ég að fara nokkrum orðum um það hér.

Meðal verkefna nefndarinnar er að beita þeim úrræðum sem koma fram í barnaverndarlögunum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra. Eitt af þessum úrræðum er úrskurðarvald nefndarinnar til að beita þvingunarráðstöfunum. Þvingunarráðstafanirnar lýsa sér til dæmis í töku barns af heimili án samþykkis foreldra og einnig getur nefndin krafist þess fyrir dómi að foreldrar séu sviptir forsjá barns.

Barnaverndarmál eru í eðli sínu afar viðkvæm og barnaverndarlöggjöfin hefur þá sérstöðu að hún felur í sér vald til handa barnaverndarnefndum að skerða friðhelgi fjölskyldunnar, en þessi friðhelgi er meðal grundvallarmannréttinda okkar samkvæmt stjórnarskránni. Í friðhelginni felst réttur fjölskyldunnar til að vera saman, að foreldrar fái að búa saman og fara með forsjá og annast uppeldi barna sinna án utanaðkomandi afskipta. Verkefni barnaverndarnefndanna geta verið þung, flókin og vandmeðfarin, þar sem fengist er við viðkvæma þætti í lífi fjölskyldna. Þar af leiðandi skiptir það sköpum að nefndirnar hafi yfir að ráða mjög hæfu starfsfólki sem hefur góða félags- og sálfræðiþekkingu og þar að auki góða yfirsýn, kunnáttu og reynslu á lagasviðinu er varðar barnaverndarmál sérstaklega til að geta sinnt hlutverki sínu á fullnægjandi hátt.

Af framansögðu er ljóst að barnaverndarnefndir eru í eðli sínu dómstóll sem getur kveðið upp úrskurði sem geta haft afdrifarík áhrif og afleiðingar á fjölskyldur.

Að öllu þessu sögðu var undirritaðri vægast sagt brugðið þegar Besti flokkurinn skipaði nýjan formann barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Formaðurinn er nýútskrifaður lögfræðingur, útskrifaðist úr lagadeild HR í vor, með enga reynslu af vinnslu barnaverndarmála. Til samanburðar má geta þess að formenn barnaverndarnefndar Kópavogs og Hafnarfjarðar eru lögfræðimenntaðir með áralanga reynslu af barnaverndarmálum og setum í nefndum og ráðum.

Það verður að segjast eins og er að það að gera engar kröfur til svo mikilvægs starfs sem formaður barnaverndar Reykjavíkur er, er með öllu óábyrgt og vanhugsað af Besta flokknum og vanvirðing við barnafjölskyldur í Reykjavík, starfsfólk barnaverndar og málaflokkinn í heild sinni.

AF NETINU

Pólitík og sakamál

Nú er hún að kveðja okkur, norsk-franski ráðgjafi sérstaks saksóknara, sem pólitískir samherjar hafa tekið ástfóstri við og kannski einhverjir fleiri. Sumir þeirra vilja meina að sönn ást sé á milli þjóðarinnar og ráðgjafans að undanskildum banka-og útrásarvíkingum og lagatæknum þeirra. Margir trúa því að rannsókn efnahagsbrota í kjölfar hruns fjármálastofnana standi og falli með þessum ráðgjafa. Þess vegna kom það á óvart að enginn skyldi þurfa áfallahjálp þegar ráðgjafinn tilkynnti nýverið að hann væri að láta af störfum.

pressan.is/pressupennar/Brynjar_Nielsson

Brynjar Níelsson

Ótrúlegur Gylfi

Gylfi Arnbjörnsson mætti brattur í viðtal hjá R2 og tilkynnti að ASÍ væri boðið og búið að vinna með öllum og hefði lagt fram tillögur til lausnar efnahagsvandans sem þjóðin glímdi við. Stjórnmálaöflin væru hins vegar að þvælast fyrir og litu ekki við neinum tillögum frá ASÍ. Þetta er ótrúlegur málflutningur.

Ég veit ekki betur en að ríkisstjórnin hafi tekið nánast allar tillögur ASÍ hvað varðar skuldavanda heimilanna og gert þær að sínum. Dæmi um þetta er að Gylfi Arnbjörnsson stýrði á sínum tíma starfshóp um vanda lántakenda með verðtryggingu á vegum félagsmálaráðuneytisins. [...]

Gylfi Arnbjörnsson hefur aldrei tekið í mál almenna skuldaleiðréttingu, og eyddi töluverðum tíma í að útskýra fyrir okkur Framsóknarmönnum hversu arfavitlaus sú hugmynd væri á fundi sem við áttum með honum. Hann hefur einnig barist hatrammlega gegn afnámi verðtryggingarinnar enda virðast hagsmunir lífeyrissjóðanna ganga framar öllu.

eyglohardar.blog.is

Eygló Þóra Harðardóttir

Michael Porter

"Einstakt tækifæri - Michael Porter á Íslandi!"

www.icelandgeothermal.is

abbey road / design

Einstakt tækifæri

Þann 1. nóvember 2010 verður haldin á Íslandi alþjóðleg jarðhitaráðstefna þar sem hinn heimskunni vísindamaður á sviði stjórnunar Dr. Michael Porter, prófessor við Harvard háskóla mun verða aðalræðumaður.
Þar mun hann kynna niðurstöður sínar og aðstoðarmanns síns, Dr. Christian Ketels, á kortlagningu hins íslenska jarðvarmaklasa sem hann hefur unnið að í heilt ár í samvinnu við íslenska ráðgjafafyrirtækið Gekon.
Samstarfsaðilar Gekon eru yfir 40 talsins og hefur myndast óvenju breið samstaða um framgöngu verkefnisins úr öllum hlutum hins íslenska jarðvarmaklasa.
Hér er um tímamótaatburð að ræða og einstakt tækifæri til að sjá einn helsta og virtasta sérfræðing heims á sviði stefnumótunar og samkeppnishæfni, ásamt fleirum, tala um hvernig Ísland gæti hugsanlega orðið leiðandi í vinnslu jarðvarma í heiminum.

Iceland geothermal 2010
Conference Agenda

Date: Monday, November 1st 2010
Time: 13:00 - 17:45
Place: Háskólabíó, Reykjavík, Iceland
Language: English

www.icelandgeothermal.is

13:00-13:30	Reception - Háskólabíó
13:30-13:40	Dr. Kristín Ingólfsdóttir, President of University of Iceland; Conference opening.
13:40-13:50	Short film; Iceland and Geothermal by Þorsteinn J.
13:50-14:20	Dr. Christian Ketels, Harvard Business School; The profile of the Icelandic geothermal cluster.
14.20-15:40	Dr. Michael Porter, Harvard Business School; Mapping the Icelandic geothermal cluster.
15:40-16:00	Coffee break
16:00-16:15	Ms. Katrín Júlíusdóttir, Minister of Industry; The geothermal cluster: The role of Government.
16:15-16:30	Dr. Hörður Arnarson, CEO of Landsvirkjun; The geothermal cluster: The role of companies.
16:30-16:45	Mr. Stefán Pétursson, CFO of Arionbanki; The geothermal cluster: The role of financial institutions - A new approach in Iceland.
16:45-16:55	Dr. Þorsteinn Ingi Sigfússon, Director General of Innovation Institute of Iceland; The future of the Icelandic geothermal cluster. Next steps.
16:55-17:25	Mr. Emiliano Duch, CEO of Competitiveness, Barcelona, and a Director of the Barcelona Clusters Summer School at IESE; A case study of a successful cluster policy. Learnings for the Icelandic geothermal cluster.
17:25-17:35	Dr. Ólafur Ragnar Grímsson, President of Iceland, Patron of the Conference; Final remarks.
17:35-17:45	Dr. Ari Kristinn Jónsson, President of the University of Reykjavík Conference closing

Iceland geothermal 2011 november

Ráðstefnan fer fram á ensku. Þátttökugjald krónur 13.200.- (6.600.- krónur fyrir skólafólk) **Miðasala fer fram á midi.is**

GEKON Skipuleggjandi ráðstefnunnar er Gekon ehf

midi.is Miðasala fer fram á midi.is

Platínu bakhjarl:
Arion banki

Demant bakhjarl:
KPMG
HS Orka

Samstarfsaðilar:

365 miðlar
Bláa lónið
Efla
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Enterprise Europe Network
Fjárfestingastofa Íslands
Georg
Háskólinn á Bifröst
Háskóli Íslands
Háskólinn í Reykjavík
Hótel Holt
Icelandair
Iðnaðarráðuneytið
Íslandsbanki
Íslandsstofa
ÍSOR
Jarðboranir
Jarðhitaskóli Sameinuðu Þjóðanna
Keilir
Landsbankinn
Landsnet
Landsvirkjun
Landvernd
LEX
Lýsing
Mannvit
Norðurál
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Orkustofnun
Orkuveita Reykjavíkur
Rannís
RARIK
Reykjavík Geothermal
REYST
RES
Samorka
Samtök atvinnulífsins
Samtök iðnaðarins
Umhverfisráðuneytið
Utanríkisráðuneytið
Verkís
VSÓ Ráðgjöf
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco)

Stenst ekki skoðun

Trúmál

Guðbjörg Jóhannesdóttir
formaður Prestafélags Íslands

Í greinargerð Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar sem lögð var fram á fundi þann 12. október síðastliðinn segir m.a.: „Því er beint til stofnana borgarinnar sem hafa starfandi áfallaráð að tryggt sé að fagaðilar komi að sálrænum áföllum í stað þess að leitað sé til trúar- eða lífsskoðunarfélaga.“

Undirrituð undrast þetta orðaval sem og annað stjórnarfólk í Prestafélagi Íslands. Sannarlega er menntun forstöðumanna eða starfsmanna trúar- eða lífsskoðunarfélaga misjafnlega háttað. En ljóst má vera hvaða menntun prestar Þjóðkirkjunnar, prestar Fríkirkjunnar í Reykjavík, Óháða safnaðarins og Fríkirkjunnar í Hafnarfirði búa yfir.

Allir þessir aðilar hafa lokið a.m.k. fimm ára háskólanámi í guðfræði, auk þess sem margir hafa lokið viðbótarmenntun. Þeir eru allir fagaðilar m.a. á sviði áfallastuðnings, fræðslu um sorg og sorgarviðbrögð sem og eftirfylgd þeirra sem verða fyrir áföllum. Margir hafa sérmenntað sig á sviðum er lúta að sálgæslu, fjölskylduráðgjöf, handleiðslu og áfallastuðningi, svo fátt eitt sé nefnt. Símenntun er mikilvægur hluti starfa prestsins og einmitt hluti af starfsskyldum. Til símenntunar er hvatt sérstaklega af fagfélaginu m.a. fyrir tilstilli Vísindasjóðs Prestafélags Íslands sem og yfirstjórnar kirkjunnar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á faghandleiðslu undanfarinn áratug og hafa prestar ávallt átt greiðan aðgang að faghandleiðslu innan Þjóðkirkjunnar.

Einn hluti margbreytilegra starfa prestsins er þjónusta sem veitt er á forsendum þess sem þjónað er. Fjölmenning er veruleiki skólasamfélagsins og því er augljóst að þjónusta presta svo sem vegna áfalla er veitt í skólum á forsendum nemenda og skóla. Sem embættismenn sinna prestar Þjóðkirkjunnar þjónustu við skóla vegna áfalla án endurgjalds og er sú þjónusta hluti af þeim embættisskyldum að veita þjónustu óháð trúfélagaaðild. Hið sama á við um presta Fríkirkjunnar í Hafnarfirði, Fríkirkjunnar í Reykjavík og Óháða safnaðarins, þ.e. þeir sinna þjónustu v. áfalla t.d. við skóla án endurgjalds.

Oft er einföld skýring á því hvers vegna prestur er kallaður til vegna áfalla fremur en annar fagaðili. Tökum dæmi úr þessari viku. Nemandi grunnskóla missir nákominn ættingja skyndilega, skólinn kallar til fagaðila sem er prestur til þess að ræða við bekk nemandans um áföll og stuðning. Hlutverk prestsins er að veita fræðslu og stuðning en alls ekki að sinna boðun. Sá stuðningur nær oftar en ekki einnig til kennara og foreldra. Sá prestur sem kallaður er til er sá hinn sami og kallaður var út að kvöldlagi af lögreglu til að sinna fjölskyldunni, sá sami og sér síðar um kistulagningu, útför og eftirfylgd viðkomandi fjölskyldu. Hann er því mikilvægur tengiliður skóla, nemenda, foreldra, lögreglu, heilbrigðisstétta og fjölskyldu. Mikil og góð samvinna hefur verið á milli þessara aðila þegar áföll verða. Samvinna sem gefið hefur góða raun.

Af þessu leiðir að yfirlýsing Mannréttindaráðs Reykjavíkur stenst ekki skoðun.

> Hlutverk prestsins er að veita fræðslu og stuðning en ekki að sinna boðun. Sá stuðningur nær oftar en ekki einnig til kennara og foreldra.

Er stjórnlagaþing ópíum fólksins?

Stjórnlagaþing

Erla Sigurðadóttir
blaðamaður og þýðandi

Ég er búin að fara hringinn, eftir að hafa fengið hvatningar frá góðu fólki um að bjóða mig fram til Stjórnlagaþings. Mér þótti vænt um traustið sem mér var sýnt. Mér stendur heldur ekki á sama um hvernig þjóðin mín kemst út úr ógöngum kreppu á flestum sviðum þjóðfélagsins. Ég ákvað því að skoða þetta vandlega, las vef Stjórnlagaþings til að kynna mér hvað fælist í þessu, las skrif á Facebook, hlustaði á hvetjandi viðtal við Guðrúnu Pétursdóttur og las grein hennar um þetta ómetanlega tækifæri. Niðurstaða mín er sú að ég tel ekki rétt að etja sjálfri mér á foraðið. Kannski er útskýringin sú að ég hef búið lengi erlendis. Ég er vonlítil um að þetta átak skili sér. Það er svo margt losaralegt í kringum þetta – kannski er ég orðin of skandinavísk, á erfitt með íslenska kappið í stað forsjár.

Hjá mér vakna margar spurningar:

Hlutverk stjórnlagaþings

Samkvæmt vefnum er verkefnið að endurskoða stjórnarskrána og undirbúa lagafrumvarp um endurbætta stjórnarskrá. Hvernig á sú vinna að fara fram? Þetta er ekkert smáverkefni og verður ekki leyst á 2-4 mánuðum, hvað þá af 25-31 manns. Verður lögfrótt fólk þinginu til aðstoðar? Verður markvisst staðið að fræðslu og umræðu um hlutverk stjórnarskrár, núverandi stjórnarskrá og þá einnig í samanburði við stjórnarskrár í öðrum ríkjum? Hvernig úreldast stjórnarskrár og hvernig eru þær nútímavæddar?

Fulltrúar á stjórnlagaþingi

Á að safna 25-31 fulltrúum þar sem dreifing þeirra (kyn, aldur, búseta, þjóðfélagsleg staða) er ekki hugsuð fyrir fram, heldur „blint“ persónukjör látið ráða?

Hvert er umboð fulltrúanna og ábyrgð? Er ekki hætta á að þeir verði leiksoppar í ferli sem þeir hafa mismunandi forsendur til að átta sig á? Er ekki hætt við að vinna þeirra verði tætt niður líkt og gerst hefur í sambandi við rannsóknarskýrsluna og ferli hennar í gegnum þingið? Og getur verið að sú reynsla fæli gott fólk frá?

Stjórnarskrá

Undirbúningur frumvarps um stjórnarskrá er margslungið ferli. Hvernig á að setja saman stjórnarskrá þjóðríkis í heimi þar sem landamæri verða æ ósýnilegri undir þéttri fuglafit alþjóðlegra laga og reglugerða – og það í landi sem er á hnjánum? Það í sjálfu sér er ögrandi verkefni og verðugt. En hverjar eru væntingar þjóðarinnar til nýrrar stjórnarskrár, og hvað eru raunhæfar væntingar?

Framboð

Einstaklingar safna nú meðmælendum og lýsa yfir framboði á Facebook. Allt virkar þetta frekar spontant og á „mér líkar við þig“-nótunum. En ég kem ekki auga á aðferðafræði um hvernig staðið skuli að framboði. Á hvaða forsendum býður fólk sig fram? Í draumalandi lýðræðisins sæi ég fyrir mér grasrótarhópa í kringum hvern frambjóðenda. Sá hópur ynni að framboðinu, héldi umræðunni gangandi, undirbyggi mál og kryfði þau til mergjar. Ég er vonlítil um að Íslendingar nútímans hafi tíma eða þol til að sinna slíku ferli.

Konur hvetja aðrar konur til að bjóða sig fram, en bjóða sig ekki sjálfar fram. Bera fyrir sig annir og ábyrgð á öðrum vettvangi. Verða það þá aðeins lífeyrisþegar, atvinnuleitendur og einyrkjar sem geta brugðið sér frá til að sinna lýðræðistilraunum? Fólk ætti að geta tekið lýðræðisorlof, sbr. fæðingarorlof.

Ég kysi að sjá skilaboð eins og „við erum hópur sem vill láta rödd sína heyrast á stjórnlagaþingi, við viljum vinna saman í baklandinu og biðjum þig um að vera fulltrúi okkar“. Eða „við viljum finna út úr því hvert okkar býður sig fram” (varla tími til þess, þrír dagar til stefnu).

Tvær milljónir

Mér finnst mjög ósmekklegt að yfirleitt sé talað um að verja megi fé í framboðið. Þakið ætti að vera 20.000, þ.e. fyrir kaffi og kleinum. Ef framboðið á að vera ólíkt öðrum framboðum á það ekki að drukkna í kaupmennsku og auglýsingaskrumi. Umræður eiga að fara fram ókeypis í ríkisfjölmiðlum og á félagsmiðlum. Vinnustöðum, skólum, sambýlum o.s.frv. Þær eiga að vera lýðræðislegar og fræðandi.

Hverjir mega við því að leggja tvær millur í framboð og hafa hug á að sitja á stjórnlagaþingi? Frjálshyggjugæjar, kannski til að tryggja sér auðlindirnar, en varla „fyrsti riðillinn“, lýðræðisferli höfðar ekki til þeirra. Bloggarar og kverúlantar, já, ég hef séð nokkra slíka á listanum í dag. Þarna sé ég að vísu nokkrar flottar konur, sem ég veit að eiga sér gott bakland, góða mannkosti og vinahópa þar sem málin eru sífellt krufin til mergjar.

Það má vera að þetta hljómi eins og svartsýnisraus, en mér finnst nauðsynlegt að staldra við og spyrja sig óþægilegra spurninga. Ekki síst í ljósi þess hvernig allar heiðarlegar tilraunir til að reisa landið við hafa drukknað í skarkala og ólátum.

Að lokum situr í mér enn ein spurning: Er stjórnmálaþing ópíum til að róa fólkið – eða er von til þess að 30 manna lýðræðistilraun hafi eitthvað að segja í öngþveiti þar sem valdaleysi einkennir þau sem valdið eiga að hafa en raunverulegt vald leynist í myrkum undirstraumum utan seilingar?

Alþingi

Alþingi

Hrafn Tulinius
læknir

Stjórnarskrá Íslands segir til um verkaskiptingu Alþingis og annarra stjórnvalda:
1. gr.: Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.
2. gr.: Alþingi og forseti fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.
Enn fremur segir um þingmenn:
48. gr.: Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.
Samkvæmt þessu eru það þingmenn sem semja lagafrumvörp. Þeir geta kallað eftir rannsóknum en leggja frumvarpið fram til umræðu og samþykkis eða synjunar.

Í dag er algengast að ráðherra eigi frumkvæðið og feli lögfræðingum í ráðuneyti sínu að semja frumvarp. Síðan taka þingflokkar ríkisstjórnarflokkanna við og sjá um að frumvarpið verði að lögum. Þó þingmenn stjórnarandstöðu beri fram fyrirspurnir, leggi fram breytingar- eða frávísunartillögur, verða lögin samþykkt.. Svo kölluð „þingmannafrumvörp“ eru fá. Því er hægt að líta svo á að 2. grein stjórnarskrárinnar sem fjallar um verkaskiptingu stjórnvalda sé alltaf brotin, þegar „stjórnarfrumvörp“ verða til.

Sú röksemd hefur komið fram að í ráðuneytum sé þekking og reynsla sem gagnist við samningu lagafrumvarpa. Þau rök eru þó léttvæg þegar 2. grein stjórnarskrárinnar er höfð í huga. Handhafar framkvæmdarvaldsins eru þeir sem eiga að framkvæma vilja Alþingis. Það er því alls ekki við hæfi að þeir setji þær reglur, sem þeir eiga sjálfir að fara eftir. Eðlilegra væri að Alþingi hefði mannafla til að aðstoða þingmenn við lagasmíð og á móti mætti fækka starfsfólki ráðuneytanna sem nú vinna að samningu laga.

Alþingi gegnir ekki því hlutverki sem því er ætlað skv. 2. grein stjórnarskrárinnar og fremur stjórnarskrárbrot í hvert sinn sem stjórnarfrumvarp verður að lögum.

Skoðanakannanir hafa margoft sýnt að Alþingi nýtur ekki trausts þjóðarinnar.

Þetta sjúklega ástand hefur verið lengi að þróast.

Tvær gagnmerkar rannsóknir hafa verið gerðar á efnahagshruninu 2008. Sú síðari var skipuð 9 þingmönnum og fjallaði um hlut Alþingis. Skýrsla um störf hennar er nýútkomin. Þar eru margar úrbótatillögur og margt gagnrýnt og stundum kveðið fast að orði t.d.: „Alþingi á ekki vera verkfæri í höndum framkvæmdarvalds og oddvitaræðis.“ Lesendum er eindregið bent á þessa skýrslu og sérstaklega á grein 2.1.

Hverjir veljast sem þingmenn?

Alþingi var endurreist samkvæmt tilskipun konungs frá 1834. Þingmenn gátu verið mest 26, 20 þjóðkjörnir, en konungur gat skipað allt að sex menn.

Breytingar hafa oft verið gerðar, yfirleitt til að fjölga þingmönnum, en mikilsverð breyting var gerð 1915, þegar konungkjör var lagt niður. Árið 1934 urðu þjóðkjörnir þingmenn 38. Þá var lögleitt að 11 þingsætum til skyldi úthlutað til jöfnunar milli þingflokka svo að hver þeirra hefði þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu.

Árið 1959 var kjördæmaskipuninni gjörbreytt. Þingmönnum var fjölgað í 60, 49 kosnir hlutbundinni kosningu, þ.e.listakosningu, í kjördæmum. 11 landskjörnir þingmenn bættust síðan við til jöfnunar milli þingflokka.

Í rúm 60 ár hafa því alþingismenn hlotið kosningu vegna þess að á skrifstofu stjórnmálaflokks var nafni þeirra raðað í „öruggt“ sæti á lista flokksins. Af því leiðir að trúnaður þeirra er ekki við samviskuna, ekki við stjórnarskrána og ekki einu sinn við þjóðina, heldur við flokkinn. Það má halda því fram að þetta sé ein aðal orsök heilsuleysis Alþingis. Lækningin hlýtur því að beinast að því rjúfa þetta vald flokkanna og koma því aftur til þjóðarinnar. Beinast virðist liggja fyrir að skipta landinu í einmenningskjördæmi, t.d. 30. Breytingin í einmenningskjördæmi, ein sér, nægir tæplega til að hnekkja valdi stjórnmálaflokkanna. Það þarf fleira að koma til og má m.a. benda á eftirfarandi:

Kosningar til Alþingis eru á 4 ára fresti. Kosningar í öllum kjördæmum á fjögurra ára fresti henta vel áróðursvélum flokkanna vegna þess að á vikunum fyrir kjördag eru allir kjósendur landsins að ákveða meðferð atkvæðis síns. Til að breyta þessu má kjósa hvenær sem þingsæti losnar. Ennfremur mætti hafa kjörtímabilin mislöng til að kosningar dreifist enn meir.

Upplýsingar um þróun kosningafyrirkomulags eru úr Skýrslu forsætisráðherra um endurskoðun á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis sem var lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.

SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ

Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!

Krabbameinsfélag Íslands heldur konukvöld í Háskólanum í Reykjavík í kvöld undir heitinu Bleika boðið 2010. Um veislustjórn sjá Friðrika Hjördís Geirsdóttir og Jón Jósep Snæbjörnsson. Landsfrægir listamenn, tónlistarfólk og dansarar leggja sitt af mörkum og haldin verður tískusýning íslenskra hönnuða. Nánar á www.krabb.is

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Villibráðar-hlaðborð

21. október - 17. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

Verð 8.490 kr.

Tilboð mánudaga-miðvikudaga

7.490 kr.

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 18. nóvember

Tilboð mán.-mið. 7.290 kr. — Verð: 8.290 kr.

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Áhugi á smurbrauðsgerð hefur aukist að undanförnu. Það er nútímalegra í framsetningu en oft áður.

Marentza er ánægð með aukinn áhuga Íslendinga á smurbrauðsgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Smurbrauðið sækir á

Veitingakonan Marentza Poulsen hefur kennt smurbrauðsnámskeið í Hótel- og matvælaskólanum síðustu ár og hefur fundið fyrir auknum áhuga Íslendinga á smurbrauðsgerð að undanförnu. „Það er með áherslur í matargerð eins og öðru að þær fara í hring. Ég held þó að skýringuna sé helst að finna í auknum áhuga á norrænni matargerð á undanförnum árum enda smurbrauð einkennandi fyrir hana.“ Marentza segir smurbrauðið þó hafa tekið nokkrum breytingum og að framsetningin sé nútímalegri en oft áður. „Við erum að vinna með sama hráefni en setjum það öðruvísi fram. Í Danmörku er þessi nýja tegund af smurbrauði nefnd moderne smørrebrød, eða smushi.“

Marentza heldur nokkur námskeið á ári og er nýtt að hefjast 1. nóvember næstkomandi. „Þetta er tuttugu stunda námskeið þar sem þátttakendur fá þjálfun í að smyrja brauð, tapassnittur og pinnamat ásamt því að velja skraut og vinna með eggja- og kjöthlaup svo dæmi séu nefnd.“

Marentza er hér með sýnishorn af því sem er gert á námskeiðinu en brauðsneiðin hefur lengi verið á boðstólum á Kaffi Flóru sem hún rekur á sumrin. Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is.

vera@frettabladid.is

BRAUÐ MEÐ REYKTUM LAXI

hvítvínssoðnum kartöflum og lárperumauki

1 sneið maltbrauð eða danskt rúgbrauð
4 sneiðar reyktur lax
1 meðalstór kartafla
2/3 matarhvítvín á móti 1/3 af vatni
salatblað
2 risarækjur
2 sítrónusneiðar
2 agúrkusneiðar

Lárperumauk
2 dl majones
1 tsk. wasabi
1 msk. rauður kavíar
2 litlar lárperur skornar í teninga (eða ein stór)

Sjóðið kartöfluna í hvítvíninu. Blandið saman majonesi, wasabi, kavíar og lárperu. Steikið risarækjur (til dæmis upp úr hvítlauk, steinselju og smjöri). Setjið salatblað á brauðsneiðina, raðið kartöflunum vinstra megin og laxinum hægra megin. Setjið lárperumaukið í miðjuna. Skreytið með risarækjum, agúrkusneiðum, sítrónusneiðum, 1 tsk. af kavíar og fersku dilli.

Vinjettuhátíð verður haldin á Hvolsvelli á morgun á Kaffi Eldstó frá klukkan 15 til 17. Lesið verður upp úr verkum Ármanns Reynissonar. Milli atriða syngur Hjónabandið og feðginin á Voðmúlastöðum leika á gítar og syngja. Aðgangur er ókeypis.

VETUR Í FLASH

Kápur
Áður ~~19.990~~
NÚ 12.990
St 36-46

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Atli Arnarson gítaristi og Ása Kolbrún Ásmundsdóttir, ein af söngkonunum sem ætla að troða upp í Sundhöllinni í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þá verður kátt í höllinni

Svokölluð gleðistund verður í Sundhöll Reykjavíkur í dag milli klukkan 11 og 13. Hún er á vegum Frístundamiðstöðvarinnar Kamps í samstarfi við Sundhöllina. Frítt verður inn fyrir börnin.

„Við köllum þetta gleðistund í Höllinni. Hún kemur meðal annars til vegna vetrarfrís í nokkrum grunnskólum í miðbæ og Hlíðahverfi enda er hún góður kostur fyrir fjölskyldur sem ekki fara út á land í fríinu," segir Bjartur Guðmundsson, einn af starfsmönnum frístundamiðstöðvarinnar Kamps sem starfar á vegum ÍTR. Hann tekur fram að Sundhöllin bjóði krökkunum ókeypis í sund en hvað verður til skemmtunar?

„Þarna verður dagskrá. Þegar komið er inn mun blasa við ljósmyndasýning og innar í höllinni og úti við pottana verðum við með söngatriði, ljóðalestur og kvikmyndasýningu. Þeir sem standa að skemmtidagskránni eru nokkrir frábærir krakkar sem eru í Kampi eða hafa nýlega verið þar." Tónlistaratriðin verða í höndum fjögurra ungmenna, þriggja söngkvenna og eins pilts sem spilar undir á gítar, að sögn Bjarts og hann tekur fram að farið verði líka í leiki og svo verði synt og buslað og jafnvel stokkið af brettinu, slakað á í potti og gufu. Sem sagt allt þetta hefðbundna sem gert er í sundlaug, í bland við annað.

„Við viljum skapa jákvæða og hlýja stemningu í garð náungans og verðum með ákveðin þemu í því sambandi," segir Bjartur leyndardómsfullur. „Í pottunum verða til dæmis fljótandi spjöld með áletrunum og spurningum sem fólk skoðar og deilir. Þetta verður kósí og gaman og aðeins tilbreyting frá öðru," segir hann. „Aðalatriðið er að eiga skemmtilega stund og þjappa fólki saman."

Ylströndin í Nauthólsvík verður svo vettvangur annars viðburðar á mánudaginn á milli 16 og 19. Þar ætlar Markús Bjarnson tónlistarmaður að koma fram og spila frumsamið efni og boðið verður upp á fleira skemmtilegt að sögn Bjarts. „Allt er þetta innlegg ÍTR til að stuðla að uppbyggilegri samveru fjölskyldunnar."

gun@frettabladid.is

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Allar peysur og hálsklútar með
20%
afslætti

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
MIÐ
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau.
kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

NÝ VERSLUN
20%
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR
MYBC
Skipholti 29b • S. 551 0770

Rauðsokkulokkar frá Vestfjörðum

Marta Sif Ólafsdóttir hefur hannað og framleitt eyrnalokka í tengslum við Kvennafrídaginn á norðanverðum Vestfjörðum. Lokkarnir eru í formi rauðra sokka sem er táknrænt fyrir kvenfrelsishreyfinguna Rauðsokkurnar sem var áberandi á áttunda áratugnum.

„Ég er í undirbúningshópi fyrir kvennafrídaginn á Vestfjörðum," segir Marta. „Hugmyndin kviknaði á fyrsta fundinum þegar rætt var um að láta konur prjóna rauða sokka til að gefa til styrktar Sólstöfum. Mér datt í hug að það væri gaman að gera eitthvað meira í þessum dúr og fékk þá þessa hugmynd að rauðsokku-eyrnalokkum," segir Marta. Hún hóf því hönnunar- og framleiðsluferlið og eru sokkarnir nú komnir í sölu á Facebook-síðu hennar Ekki-design. Hluti ágóðans fer til styrktar Sólstöfum, systursamtökum Stígamóta á Vestfjörðum, sem eru í mikilli fjárþörf.

En hvers vegna rauðir sokkar? „Mér finnst gaman að vitna í Rauðsokkuhreyfinguna og lít á eyrnalokkana sem minjagripi um það tímabil. Þó að lokkarnir séu gerðir fyrir Kvennafrídaginn þá geta konur notið þeirra áfram og alltaf þegar þeir eru settir upp eru konur í raun að styðja þessa baráttu með því að minnast hennar. Rauðu sokkarnir eru tímalausir." segir Marta.

Eyrnalokkarnir eru minjagripir um Rauðsokkuhreyfinguna, segir Marta Sif.

Lokkarnir kosta 2.900 krónur og af verðinu renna þúsund krónur til Sólstafa.

- fsb

Skemmtilegt og ögrandi að takast á við hlutverk Næturdrottningarinnar, segir Hrund Ósk Árnadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Næturdrottningin ögrun

Sinfóníuhljómsveitin flytur fjölskylduútgáfu af Töfraflautu Mozarts í Háskólabíói á morgun. Hrund Ósk Árnadóttir syngur hlutverk Næturdrottningarinnar og segir það krefjandi, bæði tæknilega og líkamlega.

Töfraflautan er ein vinsælasta ópera allra tíma, enda tónlist Mozarts stórfengleg og sagan skemmtilegt ævintýri sem höfðar til allra aldursflokka. Á morgun flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tvígang klukkustundarlanga fjölskylduútgáfu af þessari vinsælu óperu.

Halldóra Geirharðsdóttir er sögumaður en ungir og bráðefnilegir söngvarar bregða sér í helstu hlutverkin. Öll stunda þau framhaldsnám við virta tónlistarskóla erlendis eða eru nýsnúin heim frá námi. Þau eru Herdís Anna Jónasdóttir, Sveinn Dúa Hjörleifsson, Jón Svavar Jósefsson, Tinna Árnadóttir og Hrund Ósk Árnadóttir sem túlkar Næturdrottninguna.

Hrund býr í Berlín og stundar söngnám hjá Janet Williams, en skreppur alltaf heim annað slagið til að syngja.

Hún söng Næturdrottninguna í uppsetningu Söngskóla Sigurðar Demetz í fyrra í láni frá Söngskólanum í Reykjavík. Vakti frammistaða hennar mikla hrifningu gagnrýnenda en hún segir Næturdrottninguna þó ekki vera eitt af draumahlutverkunum. „Nei, ég get nú ekki sagt það, enda er þetta hlutverk ekki beint á mínu sviði. Ég hef raddhæðina sem þarf, en vanalega eru valdar söngkonur með meiri stáltón í röddinni í þetta hlutverk.“ Hún segir þó mjög skemmtilegt að glíma við Næturdrottninguna. „Þetta er svakalega krefjandi hlutverk bæði tæknilega og líkamlega. Manni líður eins og eftir brjálað púl í ræktinni eftir að hafa sungið það. En það er mjög skemmtilegt og ögrandi líka.“

Fyrri tónleikarnir hefjast kl. 14 og þeir síðari kl. 17. Stjórnandi er Bernharður Wilkinson. Allir söngvarnir eru fluttir á íslensku og því er þetta kjörin skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

fridrikab@frettabladid.is

Sér spaugsama hlið móðurhlutverksins

Einleikurinn MAMMA ÉG verður sýndur í Slippsalnum, Mýrargötu 2, annað kvöld kl. 20. Hann er liður í upphitun fyrir kvennafrídaginn.

Það er hin nýbakaða móðir Lilja Katrín Gunnarsdóttir leikkona sem fer með eina hlutverk gamanleiksins MAMMA ÉG. Þar fer hún yfir meðgöngu, fæðingu og sjálft móðurhlutverkið á spaugsaman hátt. Sjálf er hún höfundur verksins ásamt Svani Má Snorrasyni ritstjóra en Ástbjörg Rut Jónsdóttir leikstýrir.

„Ég var með lífið planað og ætlaði ekkert að verða mamma enda miklu skemmtilegra að djamma og djúsa,“ segir Lilja Katrín glaðlega.

Það var þó forsjónin sem tók í taumana og henti henni út í djúpu laugina eitt kvöld í Köben því hún kveðst hafa orðið ólétt eftir einnar nætur gaman. Eftir hugleiðingar fram og til baka hafi hún ákveðið að eignast barnið. Ótal margt hafi komið upp sem hún vissi ekki um meðgönguna, fæðinguna og móðurhlutverkið. „Konur tala bara um hvað það sé frábært að verða mamma, æðislegt og meiri háttar,“ segir hún og bætir við. „Sem það er auðvitað. En ekki alltaf.“

Lilja Katrín telur einleikinn ekki bara fyrir nýbakaðar mæður. „Þetta er ferðalag um ævintýraheima bleiuskipta, brjóstagjafar og ælubletta,“ segir hún. „Verk sem allir geta haft gaman af sem hafa hugleitt barneignir eða þekkja einhvern sem hefur gengið í gegnum þetta ferli. Brot úr einleiknum var flutt á menningarnótt og þar gekk fólk skellihlæjandi út.“ *- gun*

Lilja Katrín ásamt dótturinni Amelíu Björt. MYND/RAKEL ÓSK SIGURÐARDÓTTIR

Kynning

Ólafur Sólimann, framkvæmdastjóri hjá My Secret, er ánægður með þær jákvæðu undirtektir sem drykkurinn Beat the body with goji hefur hlotið.

Beat the body with goji hefur slegið í gegn!

Einungis 15.000 flöskur af drykknum Beat the body with goji verða framleiddar í takt við Boston-leikinn hjá My Secret. Ekki eru nema um 4.000 flöskur eftir því drykkurinn hefur rokið út eins og heitar lummur.

Ólafur Sólimann, framkvæmdastjóri My Secret, segir engifer- og gojidrykkinn Beat the body with goji hafa selst frábærlega vel ásamt því að hafa hlotið góða dóma fyrir gæði. Takmarkað magn er til af þessum magnaða hreinsunardrykk, alls 15.000 flöskur voru framleiddar og aðeins 4.000 eru eftir.

Samhliða markaðssetningu Beat the body with goji setti My Secret af stað leik þar sem meðal annars er hægt að vinna fjögurra daga ferð fyrir tvo til Boston, þar sem gist er á Hotel Colonnade, miðar á sýningu Blue Man Group, út að borða á veitingastaðnum Cuchi Cuchi, tvö gjafabréf hjá Victoria´s Secret í Boston eða út að borða í Sjávarkjallaranum. Síðasta vikan í Boston-leiknum er hafin og verður dregið úr honum föstudaginn 29. október hjá Ívari Guðmundssyni á Bylgjunni.

Hægt er að taka þátt í Boston-leiknum með því að fara inn á heimasíðu My Secret, www.mysecret.is.

Á heimasíðu My Secret er einnig að finna gómsætar uppskriftir að heilsubætandi boostum sem eiga það sameiginlegt að vera án mjólkurvara og henta vel í fimm daga hreinsun.

Mikilvægt er að fólk hugi vel að mataræði meðan á hreinsun stendur, borði ávexti, grænmeti, fisk og kjúkling en sleppi öllum hveiti- og mjólkurvörum og unnum mat.

Frábær reynsla

Starfsfólki My Secret berst daglega tölvupóstur og símtöl frá fólki sem lýsir yfir ánægju sinni með engifer- og gojidrykkinn Beat the body with goji.

„Ég hef verið að drekka aada í nokkra mánuði og ákvað að prófa Beat the body with goji fljótlega eftir að drykkurinn kom á markaðinn. Ég fór eftir öllum leiðbeiningum og drakk 200 ml á fastandi maga á morgnana og síðan aftur seinnipartinn. Tók mig á í mataræði á meðan. Borðaði kjúkling, fisk, grænmeti og ávexti. Ég fann strax aukna orku og mér leið betur. Ég var með mikinn bjúg sem rann af mér á tveimur dögum. Ég fann minna fyrir svengd og náði ég að losa vel um ristilinn. Ég mæli eindregið með þessum frábæra drykk.“

Lilja Jakobsdóttir.

„Ég tók fyrst einn kúr á Beat the body with goji, vissi eiginlega ekki á hverju ég átti von og var satt að segja svolítið hrædd við orðið hreinsun. En þar sem ég er búin að drekka aada síðan í febrúar með ótrúlegum árangri, vissi ég að þetta yrði þess virði. Hreinsunin kom þægilega á óvart. Líkaminn tók allur við sér og virtist losa sig við eitrið sem ég hef verið að innbyrða síðustu ár, en ég hef ekki passað nógu vel upp á mataræðið, borðað unninn mat og þess háttar. Ég svitnaði mikið, húðin hreinsaði sig og meltingin fór öll af stað en ég hef verið með meltingartruflanir lengi eftir áföll sem ég varð fyrir. Mér leið allri miklu betur, fannst ég ekkert uppþembd lengur og mér til mikillar ánægju fann ég svolítinn mun á buxnastrengnum. Ekki má gleyma orkunni sem mér finnst alltaf streyma um mig eftir að ég fæ mér glas af Beat the body wih goji, orkuskot sem endist lengi.“

Hanna Bryndís Axelsdóttir.

KINAHOFID
Tilboð í 3 vikur
Vorrúllur með súrsætri sósu
Steiktar rækjur með súrsætri sósu
Nautakjöt og grænmeti í ostrusósu
Kjúklingur með grænmeti í karrísósu
Allt þetta fyrir 1.590 á mann
Tekið heim 1.450 á mann
www.kinahofid.is
NYBYLAVEGUR 20 200 KOPAVOGUR SIMI 554 5022

Fyrir Ellilífeyrisþega

Frí heimsendingarþjónusta þriðjudaga og fimmtudaga. (Heimsendingarþjónustan er eingöngu á höfuðborgarsvæðinu).

Virk efni í engifer ásamt reynslusögum viðskiptavina okkar hafa sýnt að engiferdrykkurinn aada hefur virkað vel á:

> Bólgur
> Gigt
> Magasýrur
> Meltinguna
> Orkuna
> Magavandamál
> Astma
> Depurð
> Mígreni/Höfuðverk
> Flensu og hálsbólgu
> Ristilvandamál
> Sykurfíkn
> Eykur grunnbrennslu líkamans
> Ýmis húðvandamál
> Ýmis ofnæmi

My Secret

5L aada
Öflugastur í fjölskyldunni – Styrkleiki 100%

Verð til ellilífeyrisþega gegn framvísun skírteinis er 4.900 kr.

My Secret Digranesvegi 10, 200 Kópavogi
S. 527 2777 www.mysecret.is

Óttar Ottósson lögsögumaður við minnisvarða Sveinbjörns Beinteinssonar allsherjargoða í útjaðri byggingarreits Ásatrúarfélagsins í Öskjuhlíð. Gengið verður að minnisvarðanum frá Nauthóli klukkan 17 á morgun og haldin hátíðleg athöfn. Um kvöldið verður aftur blótað með mat á samkomu í Mörkinni 6. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðlegir vættir ákallaðir

Haustblót ásatrúarmanna fer fram í Öskjuhlíð á morgun, fyrsta vetrardag. Slíkt blót er jafnan sjónarspil þeim sem ekki þekkja til og öllum velkomið að fagna vetri með goðum, vættum og skapanornum.

„Ásatrúarmenn biðja ekki bænir en geta ákallað guðlega vætti eftir aðstæðum. Í sjávarháska væri þá einhver sjávarguðanna ákallaður, Njörður, Ægir eða Rán, og í ástarsorg ástargyðjan Freyja. Freyr gæti aðstoðað fólk í ófrjósemi og til eru goð fyrir hverja raun, eins og Óðinn með visku sína og galdur, Þór með styrk og hugrekki, Bragi með skáldagáfu og Iðunn og Eir með heilbrigði," segir Óttar Ottósson, lögsögumaður Ásatrúarfélagsins, sem að venju heldur haustblót fyrsta dag vetrar.

Óttar kom út úr trúarskápnum fyrir áratug, eftir að hafa staðið utan trúfélaga í aldarfjórðung. „Það hvarflaði ekki að mér annað en að fermast, en átján ára sagði ég mig úr Þjóðkirkjunni, þótt tilgangurinn hafi ekki verið að afneita kristni. Kristnin lak svo úr mér með árunum og þegar ég svaraði innbyggðri trúarþörf var augljóst að ásatrú yrði fyrir valinu, enda held ég því fram að við séum öll heiðingjar inn við beinið. Ef grannt er skoðað var ásatrú mótuð af líkt hugsandi forfeðrum okkar, en kristni er af allt öðrum menningarheimi," segir Óttar, sem fann sig strax meðal ásatrúarmanna og segist ekki missa af einni einustu samverustund síns fólks; slík sé gleðin meðal trúariðkenda.

„Mörgum finnst ásatrú sveipuð dulúð og víst eru fleiri kynlegir kvistir meðal okkar en annars staðar í þjóðfélaginu, en það er bara betra. Allir eru alltaf velkomnir á okkar samkomur, hverrar trúar sem þeir eru, og skiljanlegt að fólki finnist blót okkar spennandi. Verulegur vöxtur hefur enda verið í félaginu undanfarin ár, en ekki síst nú eftir að hópar fólks sögðu sig úr Þjóðkirkjunni vegna vandræðagangs hennar," segir Óttar.

Hann segir gildi fyrsta vetrardags nú hið sama fyrir ásatrúarmenn og síðustu árþúsundir. „Því þótt við lifum í nútímanum er mannfólkið enn þá mannfólk og trúin fylgir með. Tíminn og lífið er hringrás, eins og túlka má í merki félagsins, sem er hringur með fjórum krossörmum. Armana má túlka sem árstíðirnar fjórar eða höfuðáttirnar. Hér passar táknið við hringrás ársins og fyrsta vetrardag mætum við nýjum áfanga og tímum í lífi okkar og starfi, eins og gerist líka um jól, vor og sumur, sem eru höfuðblótstímar ásatrúarmanna," segir Óttar.

Á haustblóti er miði hellt úr drykkjarhorni sem táknræn fórn. „Ásatrú snýst ekki bara um goðin Þór, Óðin og öll hin, heldur líka vætti, dýr, skapanornir og annan fjölskrúðugan hóp sem hefur lifað með norrænum þjóðum. Hér tókst aldrei að uppræta þjóðtrúna sem á heima í ásatrú. Forfeður okkar tóku enda kristni með hálfum huga og ákváðu að þykjast kristnir á yfirborðinu því ella stóðu þeir frammi fyrir því að einangrast þegar kristnar þjóðir lokuðu á heiðingja sem að þeirra dómi höfðu ekki rétta trú eftir kristnitöku."

thordis@frettabladid.is

Málþing í kjölfar myndlistarsýninga

LISTASAFN ÍSLANDS EFNIR TIL UMRÆÐNA UM VERK ÓLAFS ELÍASSONAR OG PÉTURS THOMSEN.

Í tengslum við sýningar myndlistarmannanna Ólafs Elíassonar og Péturs Thomsen í Listasafni Íslands, Cars in rivers eftir Ólaf Elíasson og Aðflutt landslag eftir Pétur Thomsen, hafa vaknað spurningar um fagurfræðilegt gildi náttúrunnar, náttúruvernd, nýtingu náttúruauðlinda og pólitísk áhrif myndlistar. Forsvarsmenn Listasafns Íslands ætla af því tilefni að efna til umræðna um málefnin á morgun, laugardag. Umræður hefjast klukkan ellefu og standa til klukkan eitt, en þær fara fram í Listasafni Íslands að Fríkirkjuvegi 7. Pallborð skipa Rakel Pétursdóttir safnafræðingur, Gísli Már Gíslason, prófessor við Háskóla Íslands, Pétur Thomsen myndlistarmaður, Ómar Ragnarsson fréttamaður og Guðbjörn Guðbjörnsson stjórnsýslufræðingur. Stjórnandi umræðu verður Rakel Pétursdóttir. Aðgangur er ókeypis og eru allir boðnir velkomnir til þátttöku.

Í Listasafni Íslands verður meðal annars rætt um pólitísk áhrif myndlistar.

RÝMI – fyrir alla muni

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

-20% af hillum í október

Frábærar lausnir fyrir fyrirtæki og stofnanir

- Skjalaskápar
- Geymslu- og lagerhillur
- Starfsmannaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Úti- og inniskilti
- Gínur og fataslár

- Ráðgjöf
- Lausnir
- Þjónusta

Skemmuvegur 6
Kópavogur
Sími 511 1100
www.rymi.is

Veljum íslenskt

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

22. október 2010

Hjörvar Hafliðason hefur slegið í gegn á skjánum

ALLS ENGINN SPAÐI

TÍSKAN Á PÖLLUNUM + Á RÚMSTOKKNUM + ROYAL EXTREME OPNAR VERSLUN + ÞAÐ NÝJASTA Í NAGLATÍSKUNNI + TOPP TÍU

FLAKKARATILBOÐ

UNITED 500GB 720/1080i

Kr. 22.950

SJÓNVARPSFLAKKARI

United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

HDMI HIGH-DEFINITION MULTIMEDIA INTERFACE

WD

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

núna

Verið hrifnæm

LEÐURKRAGI Þessi leðurkragi er frá íslenska merkinu Áróru og fæst í versluninni GK. Kraginn er á 34.900 kr. og er fallegur fylgihlutur. Hann er þeim hæfileikum gæddur að geta flikkað upp á hvaða flík sem er, stuttermabolinn, kjólinn og skyrtuna.

blogg vikunnar

Skandinavísk hönnun

Hönnunarbloggið www.fromscandinaviawithlove.tumblr.com fjallar um skandinavíska hönnun eins og hún gerist best. Falleg og einföld húsgögn, mínímalísk herbergi og skemmtileg hönnun þekur þetta blogg og fyllir mann innblástri. Skyldulesning fyrir hvern þann sem kann að meta norræna hönnun.

Halló tígur

Bloggið www.hello-tiger.blogspot.com fjallar einnig um fallega hönnun. Síðan er skrifuð bæði á sænsku og ensku þannig að flestir ættu að geta skilið það sem skrifað er. Síðan er einföld og smekkleg og góð uppspretta hugmynda.

Falleg heimili

Www.decor8blog.com er hönnunarblogg sem fjallar um innanhússarkitektúr og húsgagnahönnun. Þar má einnig finna ýmsar skemmtilegar hugmyndir sem hægt er að nýta sér til að lífga upp á eigið heimili. Myndirnar eru svo fallegar að hugurinn fer ósjálfrátt á flug.

Royal Extreme opnar verslun í miðbænum

DRAUMUR AÐ RÆTAST HJÁ UNU

Fatahönnuðurinn Una Hlín Kristjánsdóttir er í mikilli sókn með merkið sitt Royal Extreme. Fatamerkinu hefur verið tekið vel og nú ætlar Una loksins að láta enn einn drauminn rætast og opna Royal Extreme verslun í miðbænum. „Næsta skref er að opna búð og nú er það að gerast. Algjör draumur í dós," segir Una glöð í bragði en verslunin er á Bergstaðastræti 4, ská á móti Kaffibarnum, og áætluð opnun er á laugardaginn.

Húsnæðið er á tveimur hæðum og verður Una með vinnustofu á efri hæðinni. „Við erum á frábærum stað í miðbænum og við erum með frábæra granna. Vinkona mín og fyrrum skólasystir, Jónína de la Rosa, ætlar að sjá um búðina og allt sem henni tengist. Ég verð í búðinni þegar ég get enda mikilvægt að vera með puttana á púlsinum og sjá hvernig vörurnar leggjast í kúnnann," segir Una en með því að opna eigin búð er hún að stuðla að því fatnaðurinn verði aðgengilegri fyrir viðskiptavini og verðið viðráðanlegra. „Flíkurnar verða á ágætu verði en með því að vera með eigin búð get ég sjálf séð til þess að öll fatalínan fáist á einum stað," segir Una en þegar Föstudagur náði af henni tali var hún að bíða eftir að fá vetrarlínuna 2010 í hús.

Una er búin að vera á flakki heimshorna á milli með sumarlínu sína 2011 og hefur fengið góðar viðtökur hjá erlendum miðlum og innkaupafólki. „Ég er rosalega ánægð með viðtökurnar og ætla ekkert að slaka á. Næst á dagskrá er að gera meira, og bæta skóm og ilmvatni við fatalínuna," segir Una og bætir við að hún ætli að halda upp á opnunina seinni part laugardag ásamt systur sinni, Hugrúnu Hrönn Kristjánsdóttur, en hún var einmitt að gefa út sína fyrstu bók og því mikils að fagna. *- áp*

Fagnandi systur Una Hlín og Hugrún Hrönn Kristjánsdætur ætla að fagna opnun nýrrar búðar og bókaútgáfu saman í þessu nýja verslunarhúsnæði Royal Extreme í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Glæsilegar gjafir fylgja kaupum.
Vertu velkomin.

SIGURBOGINN

Skemmtileg ný lína frá MAC:

Illmennskan uppmáluð

Illmennskan hefur aldrei litið jafn vel út og nú. Snyrtivöruframleiðandinn MAC og Disney-samsteypan unnu saman að nýrri línu sem nefnist Venomous Villains og sækir innblástur sinn beint til nokkurra hroðalegustu illfygla Disney-myndanna.

Litirnir eru hræðilega flottir, líkt og illmennin sjálf, og umbúðirnar skemmtilega barnalegar. Í línunni má finna dásamlega varaliti, varagloss, kinnaliti og naglalökk svo fátt eitt sé nefnt. Hvert illmenni er með sitt eigið litaspjald og því geturðu valið um gloss í anda vondu drottningarinnar úr ævintýrinu um Mjallhvíti eða í anda illu tískudrósarinnar Cruellu DeVille. *- sm*

Hræðilega flott Ný lína frá MAC sem unnin var í samstarfi við Disney sækir innblástur til nokkurra Disney-illmenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

augnablikið

BLÚNDUR Leikkonan Kirsten Stewart mætti í þessum blúndukjól á frumsýningu í New York. Fatastíll hennar hefur þróast frá því að vera strákalegur yfir í fágaðan kvenlegan stíl.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir **Forsíðumynd** Anton Brink
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
sigridurh@365.is sími 512 5432 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Leitin að Sloggi stelpunni!

sloggi HOT HIPS

It´s time to be hot!

Sloggi, Eskimo Models og FM957 leita að Sloggi stelpunni 2010.

Skráðu þig í myndatöku fyrir Sloggi hjá Eskimo Models dagana 22. okt – 5. nóv í síma 533 4646 eða á Eskimo@Eskimo.is Athugið, 18 ára aldurstakmark.

Kosning á Sloggistelpu ársins 2010 fer fram á heimasíðu FM957 8-12. nóvember.

Glæsileg verðlaun til sigurvegarans! Ferð fyrir tvo til Tenerife með Heimsferðum, 1. árs módelsamningur við Eskimo Models, glæsileg gjafakarfa frá Sloggi o.fl.

HALLDÓR JÓNSSON

eskimo

FM957

Heimsferðir

núna

gleðjið aðra

ILMANDI KARLMENNSKA Það er auðvelt að hrífast af vel ilmandi karlmanni. Verdon-herrailmurinn frá l'Occitane er frískandi ilmur sem minnir á piparmyntu og vatnskennda tóna.

Yfirgefið hús Hildur María hefur gaman af því að mynda hvað sem fyrir augu ber.

Ótrúlegt útsýni Íslensk náttúra er á meðal myndefna Hildar Maríu.

Hildur María Valgarðsdóttir þykir efnilegur ljósmyndari:

Seldi verk í lokaprófi

Hildur María Valgarðsdóttir lauk námi í ljósmyndun í haust og hefur strax vakið mikla athygli fyrir verk sín. Hildur María stundaði nám við Københavns Tekniske Skole í Kaupmannahöfn og lenti í því skemmtilega atviki að selja tvö lokaverk sín í miðju prófi.

„Í lokaprófinu þarf maður að mæta tvisvar sinnum fyrir dómara og sýna verk sín. Í seinna skiptið sem ég fór inn greip einn dómarinn fram í fyrir mér í miðri frásögn og bað um að fá að kaupa verkið sem ég var að fjalla um. Það sló mig svolítið út af laginu en ég svaraði játandi og hélt svo áfram að segja frá. Stuttu síðar stoppaði annar dómari mig af og vildi sá líka kaupa af mér verk. Þetta hefur víst aldrei gerst áður í sögu skólans og því er þetta mikill heiður fyrir mig," segir Hildur María, sem var að vonum ánægð með gengi sitt í prófinu.

Áhugi hennar á ljósmyndun kviknaði þegar hún var skiptinemi í Bandaríkjunum og lærði þá á filmumyndavél. Hún segist hafa gaman af hvers kyns ljósmyndun og gildi þá einu hvort um sé að ræða landslagsmyndir eða andlitsmyndir. „Mér finnst til dæmis mjög gaman að fara út að ganga og mynda það sem fyrir augu ber. Sömuleiðis finnst mér öll grafísk vinnsla mjög skemmtileg og ég nota hana mikið til að fá eitthvað meira út úr myndunum mínum."

Efnileg Hildur María Valgarðsdóttir þykir efnilegur ljósmyndari. Hún seldi tvö verka sinna í lokaprófinu.

MYND/HILDUR MARÍA VALGARÐSDÓTTIR

Hildur María hefur tekið að sér ýmis verkefni í gegnum tíðina og nýlega aðstoðaði hún við tískuþátt fyrir danska tímaritið Euroman og norskt tímarit að nafni Costume. Þar vann hún með einum fremsta stílista Dana. Aðspurð segist Hildur María hafa gaman af tískuljósmyndun en tekur fram að það sé þó bæði nauðsynlegt og gaman að sinna líka öðrum verkefnum á borð við auglýsingaljósmyndun. „Draumurinn er að sjálfsögðu að geta unnið eingöngu við ljósmyndun í framtíðinni, enda er þetta mitt helsta áhugamál," segir Hildur María að lokum.

Hægt er að skoða myndir Hildar Maríu á heimasíðunni hennar www.hildurphoto.com. **- sm**

Spurt&svarað

Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Um saflát og munnmök

?Ég er tiltölulega nýbyrjuð að hitta strák og það gengur mjög vel. Um daginn lágum við uppi í rúmi eftir smá kelerí og vorum að spjalla saman og þá sagði hann mér að nánast allar stelpur sem hann hefði sofið hjá hefðu „squirtað". Ég hef sjálf aldrei upplifað slíkt og vinkonur mínar segjast ekki heldur hafa gert það. Geta allar konur „squirtað" og hversu líklegt er að hann sé að segja satt? **SVAR:** Jahá, hið mikla hitamál um saflát (íslenskun á female ejaculation (squirting)). Það er ekki mikið vitað um hina líffeðlislegu hlið safláts en það er talið tengjast G-blettinum og oftar en ekki verður saflát við örvun á honum. Stundum fylgir fullnæging og stundum ekki og vökvamagn getur verið mismikið. Þá er vert að minnast á það að safinn er ólíkur þvagi í efnasamsetningu og er oftast glær og lyktarlaus (og ætti því ekki að skilja eftir sig bletti í lakinu). G-bletturinn er viðkvæmur vefur og í raun kvenleg hliðstæða blöðruhálskirtils karla. Við kynferðislega örvun á að vera hægt að finna G-blettinn (hjá þeim sem hann hafa), því hann verður ögn svampkenndur. Þó virðast ekki allar konur hafa G-blett og þær sem hafa hann virðast ekki allar upplifa saflát né fullnægingu við örvun hans. Nú get ég ekki sagt að elskhugi þinn sé að ljúga en kannski að ýkja smá. Ef við gefum okkur að hann segi satt og þú hafir áhuga á því að prufa þetta, er þá ekki málið að láta hann standa við stóru orðin og hjálpa þér að athuga hvort þú sért með G-blett og ef svo er, örva hann og sjá svo hvað gerist! Gangi ykkur vel!

?Ég er búin að vera í föstu sambandi í rúm tvö ár og við erum mjög hamingjusöm. Það er reyndar eitt sem böggar mig pínulítið og það er að kærasti minn er stanslaust að biðja um munnmök, sem er svo sem allt í lagi, nema mér finnst bara bæði frekar vond lykt og bragð af vininum og langar þess vegna ekkert sérstaklega mikið til að veita honum það sem hann biður um. Er ekki dónalegt af mér að nefna þetta við hann, ég vil nefnilega ekki að hann verði sár, og er eitthvað hægt að gera til að bæta stöðuna? **SVAR:** Sælar mín kæra, mér finnst ekkert sjálfsagðara en að nefna þetta við kærasta þinn. Þið eruð búin að vera saman í tvö ár og mætti ætla að traustur grunnur hefði skapast fyrir slíka umræðu. Ef hann verður sár þá verður hann að eiga það við sig því það er illómögulegt að bjóða þér upp á kæst typpi. Við næstu sturtuferð þarf hann að sápa typpið vel og vandlega. Hann þarf að passa sérstaklega að draga aftur forhúðina og sápa og skola. Svo er um að gera að þurrka kynfærin vel eftir sturtuferðina. Ef lykt og bragð skánar ekki eftir þetta þá ætti hann að kíkja til læknis því hann gæti verið með sýkingu. Þar sem þú segir að hann biðji oft um munnmök þá ætti lausnin á þessu vandamáli að margborga sig fyrir ykkur bæði.

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.
Netfangið er kynlif@frettabladid.is

Við hvetjum konur um allt land til þátttöku í kvennafrídeginum 25. október – Áfram stelpur!

Jafnréttisstofa

JAFNRÉTTISRÁÐ

RANNSÓKNASTOFA Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM

JÁ!

– ég þori, get og vil

KVENNAFRÍ

25. OKTÓBER 2010

KLUKKAN 14:25

Víðar herrabuxur og kvenlegir kjólar voru áberandi á tískupöllunum:

BUXUR OG FLEGIN HÁLSMÁL

Tískan af pöllunum

Flíkur í anda sjötta áratugarins voru áberandi í haust-tískunni. Tískuhús á borð við ***Cacharel, Dolce & Gabbana, Prada og Isabel Marant*** sýndu flíkur með þröngu mitti, flegnu hálsmáli og A-línu pilsfaldi. Flíkurnar voru kvenlegar og kynþokkafullar og minntu nokkuð á hina rauðhærðu og seiðandi Joan úr sjónvarpsþáttunum Mad Men.

Víðar buxur með herrasniði voru einnig sjáanlegar í línum margra tískuhúsa og má þar helst nefna ***Chloé, Lacoste, Jean Paul Gaultier og Etro.*** Buxurnar eru þægilegar, fallegar, kvenlegar og henta við öll tækifæri og því nánast skyldueign hverrar konu.

- sm

Zara, 9.995 kr.

Prada, haust 2010.

Zara, 10.005 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Chloe, haust 2010.

NORDICPHOTOS/GETTY

Jean-Paul Gaultier, haust 2010.

Zara, 6.995 kr.

Vero Moda, 8.990 kr.

Ware-house, 18.990 kr.

Sautján, 9.990 kr.

Sautján, 15.990

Zara, 9.995 kr.

Warehouse, 9.990 kr.

Warehouse, 17.990 kr.

Sautján, 6.990 kr.

Dolce & Gabbana, haust 2010.

Snyrtivörur

GOSH COSMETICS MARBERT GERMANY

Kynning í dag frá kl. 13:00-18:00
og á morgun, laugardaginn 23. október
frá kl. 11:00-16:00.

20% afsláttur

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Við leitum að góðu fólki

VÍSIR.IS og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – VÍSIR.IS

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á VÍSIR.IS í viku

+

FRÉTTABLAÐIÐ

VÍSIR.IS

...ég sá það á visir.is

ÞRÍFUR EKKI SJÁLFUR

Hann er íþróttafíkill með límheila. Hann er búinn að vera með sömu klippinguna síðan hann var fimm ára og þolir ekki að standa fyrir framan myndavélina. Hann er besti vinur Gillzeneggers og var einu sinni hluti af hinum fræga vinahóp Kallarnir.is. Nú er *Hjörvar Hafliðason* tíður gestur á sjónvarpsskjáum landsmanna þar sem hann lætur gamminn geisa um sína helstu ástríðu, fótbolta.

Viðtal: **Álfrún Pálsdóttir**

Ljósmyndir: **Anton**

Hvaða stelpa vill vera með strák sem getur bara talað um fótbolta? Er á klukkunni vegna þess að hann þarf að horfa á leik Wigan og Tottenham í sjónvarpinu? Ég skil vel að það sé ekki heillandi eiginleiki fyrir margar stelpur," segir Hjörvar Hafliðason og glottir út í annað. „Ef ég ætlaði að ná mér í eitthvert starf til að heilla kvenpeninginn þá hefði ég annað hvort verið duglegri að æfa hann sjálfur eða einfaldlega farið að glamra á gítar."

Hjörvar er næstyngstur af fimm systkinum og hjarta hans slær fyrir bæjarfélagið Kópavog þar sem hann býr núna. „Ég bý eiginlega nær Litlu kaffistofunni en Smáralindinni. En það er algerlega óhugsandi að flytja eitthvert annað. Kópavogur er minn bær," segir íþróttaspekingurinn, sem veigrar ekki fyrir sér að keyra í rúman hálftíma í vinnuna á morgnana.

Andlit Hjörvars varð þekkt eftir heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu í sumar þar sem hann sat í spekingssætinu og var á skjánum oft á dag. Hann hefur þó unnið í fjölmiðlum lengi, skrifaði í DV og ritstýrði hinu sáluga blaði Sirkus, ásamt því að verja mark Breiðabliks um árabil.

Vinir Hjörvars segja hann alltaf hafa látið eins og hann sé frægur og að hann sé jafnvel fæddur til að vera frægur. Eftir HM í sumar tók vinabeiðnunum á Facebook að fjölga og hinir og þessir voru farnir að stoppa hann í Bónus. „Ég hef alltaf verið kokhraustur og held að ég hafi ekkert breyst þannig. Ég er enn þá sami náunginn og ég hef alltaf verið," segir Hjörvar.

FÖÐURHLUTVERKIÐ

Það eru ekki margir sem vita að Hjörvar á þriggja ára gamlan son, Henrik Einar Hjörvarsson. Hann vill ekki meina að föðurhlutverkið hafi breytt honum og þvertekur fyrir að það hafi gert hann að mýkri manni. „Ég er samt farinn að hugsa mig aðeins um og vil auðvitað vera góð fyrirmynd. Það vill enginn eiga pabba sem er algjör fáviti og djammar allar helgar. Að því leyti er ég búinn að breytast aðeins."

Látum það liggja á milli hluta að mannréttindi eru fyrst og fremst til þess að vernda minnihlutann. Þetta ættu kristnir að skilja manna best. En þetta er ekki aðalatriðið. Skólakerfið er opinbert og veraldlegt og þar má ekki mismuna. Með því að blanda trú inn í skólastarf er verið að víkja frá hlutverki skólans sem fræðslustofnunar. Og það getur ekki verið að neinn íhugi í alvöru þá „lausn“ að taka börn „þessa fólks“ út úr hópnum – varla eftir alla þá umræðu sem verið hefur um einelti. Finnst þér, Örn Bárður, að þú hafir rétt til þess að gera lítið úr lífsskoðunum foreldra í mínum sporum og taka fram fyrir hendurnar á þeim um uppeldi eigin barna? Finnst þér að þú hafir meiri rétt til minna eigin barna en ég sjálfur? Svona snýr þetta við mér sem trúlausu foreldri sem sendir börnin sín til fræðslu í hverfisskólanum. Og hvers vegna þarf skólinn að vera vettvangur trúarinnar? Kirkjur eru víða. Ég sé a.m.k. eina út um stofugluggann. Þar er blómlegt barnastarf oft í viku. Ég er sammála þér þegar þú segir að „í fjölhyggjusamfélagi þarf fólk að læra að virða og meta skoðanir annarra“. Þetta er háleitt en raunsætt markmið. Leyfum skólanum að sinna sínu hlutverki og kirkjunni sínu. Leyfum kristnum að láta sín börn koma til Krists – leyfum börnum trúlausra að vera börn foreldra sinna. Þetta er engin bylting, aðeins lítið sanngirnismál.

SAMSUNG SETRIÐ
TURN ON TOMORROW

NÝ VERSLUN Í SÍÐUMÚLA 9

NÝJA SAMSUNG ÞVOTTAVÉL
KYNNUM..:

NÝSTÁRLEG ÞVOTTAVÉL
SEM VEKUR MIKLA ATHYGLI

TAKMARKAÐ MAGN VÉLA Á SÉRSTÖKU KYNNINGAR-TILBOÐI:

SAMSUNG WF8704ASA
Tekur 7 kg. af þvotti
Kynningarverð: 109.900,-
LISTAVERÐ: 129.900,-

SAMSUNG WF8604AFW
Tekur 6 kg. af þvotti
Kynningarverð: 99.900,-
LISTAVERÐ: 119.900,-

SAMSUNG WF8804AFW
Tekur 8 kg. af þvotti
Kynningarverð: 119.900,-
LISTAVERÐ: 159.900,-

Stillanlegur vindingarhraði: 1400, 1000, 800 og 400 sn./mín.
Demantslöguð 54 lítra tromla / 63 lítra tromla í WF8804 / Minna slit á fötum og vindur mun betur
Keramik element / Hitar betur og safnar ekki húð / Hurðarlöm og krókur úr málmi
Auðvelt að fjarlægja aðskotahluti úr dælu / "ÖKO-System" sparar sápu / Froðuskynjari
Hægt að taka sápuskúffu úr vélinni og þrífa / Frístandandi H: 85cm–B: 60cm–D: 64cm
Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: A / Orkuflokkur A

Komdu í heimsókn og kynntu þér málið!

SAMSUNG SETRIÐ · SÍÐUMÚLA 9 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON ÞAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI · HEIMABÍÓKERFI · DVD & BLU-RAY SPILARAR · MYNDAVÉLAR · UPPTÖKUVÉLAR · FARTÖLVUR · PRENTARAR
TÖLVUSKJÁIR · FJÖLNOTATÆKI · SKJÁVARPAR · KÆLISKÁPAR · ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR · BÖKUNAROFNAR
HELLUBORÐ · RYKSUGUR · ÖRBYLGJUOFNAR · GSM SÍMAR OG FYLGIHLUTIR

Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað
alla laugardaga

„MYNDI DANSA MAGADANS FYRIR EINHVERN SEM MÉR ER ILLA VIÐ“

– S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, og Margrét Erla Maack fjölmiðladís á rökstólum.

Meðal annars efnis:

Er skrifræðisjafnrétti nóg?
Spyr Þórhildur Þorleifsdóttir, formaður jafnréttisráðs.

Leikkona á uppleið
Diane Kruger, aðalleikkona í kvikmyndinni inhale, ræðir um samstarfið við Baltasar Kormák.

Michelle Obama á villigötum
Marilyn Wann, sem berst fyrir réttindum feitra, gagnrýnir herferð forsetafrúarinnar gegn offitu.

91% landsmanna notar netið daglega
Ísland og Íslendingar eins og hagtölur lýsa þeim.

Allt sem þú þarft...

Ekki missa af Fréttablaðinu um helgina

tímamót

timamot@frettabladid.is

PAUL CÉZANNE, franskur málari, (1839-1906) lést þennan dag.
„List sem byggist ekki á tilfinningu er alls engin list.“

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Markús Hjálmarsson

frá Lækjarbakka í Vestur-Landeyjum,

andaðist að morgni 18. október sl. Jarðsett verður frá Akureyjarkirkju laugardaginn 13. nóvember kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á PKU félagið á Íslandi, s: 552 4242.

Hjálmar Markússon
Þorgeir Markússon
Grétar Markússon
og afabörn.

Álfheiður Árnadóttir
Sigurbjörg Á. Ólafsdóttir

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Engilbert Þórarinsson,

Austurmýri 15, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Ljósheimum, föstudaginn 15. október. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 23. október kl. 13.30.

Helga Frímannsdóttir
Jóna Kristín Engilbertsdóttir
Heiðar Snær Engilbertsson
Dagný Engilbertsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðfinnur Karlsson
Barbara Ósk Ólafsdóttir
Brynjar Jónsson

†

Kærar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýjan hug við andlát og útför bróður okkar, mágs og frænda,

Kristjáns Friðrikssonar

húsasmíðameistara,
Strikinu 10, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við öllu starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir umönnun og hlýju.

Fríða Friðriksdóttir
Ólöf Friðriksdóttir
Örn Friðriksson
og systkinabörn.

Ellert Jensson
Sigurður Tryggvason

†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, systir, mágkona, amma og langamma,

Ingunn Sigríður Ingvarsdóttir,

Hofsstöðum, Stafholtstungum,

andaðist 13. október á Sjúkrahúsi Akraness. Útför hennar fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 23. október kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Borgarfjarðar.

Herdís Gróa Tómasdóttir
Sigrún Ingibjörg Tómasdóttir
Jón Aðalsteinn Tómasson
Tómas Ingi Tómasson
Ingvar Helgi Tómasson
Helga Ingvarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Gústaf Ívarsson
Kristberg Jónsson
Hlíf Hreinsdóttir
Pálína Jörgensdóttir
Hrefna Sigurlaug Sigurðardóttir
Þorvaldur Sigurjón Helgason

ÞETTA GERÐIST: 22. OKTÓBER 1253

Flugumýri í Skagafirði brennur

Þennan dag lagði Eyjólfur ofsi Þorsteinsson eld að bænum Flugumýri í Skagafirði. Þar fór fram brúðkaup Ingibjargar Sturludóttur og Halls Gissurarsonar og fórust 25 manns í eldinum. Hallur fórst en Ingibjörg komst lífs af. Flugumýrarbrenna er jafnan talin einn af stórviðburðum Sturlungaaldar, en brúðkaup Ingibjargar og Halls átti að þýða sættir milli Sturlunga og Gissurar Þorvaldssonar. Eyjólfur ofsi, tengdasonur Sturlu Sighvatssonar, var ekki fylgjandi sáttunum. Hann fór með liði að Flugumýri þar sem veislan fór fram, en Gissur hafði sest þar að fyrr um árið. Eyjólfur réðst til inngöngu ásamt mönnum sínum þegar fólk var gengið til náða. Hann óttaðist þó að Gissuri bærist liðsstyrkur og bar því eld að bænum. Gissur bjargaðist sjálfur úr brennunni með því að leynast í sýrukeri og hefndi brennunnar.

VÍKINGAR

GÍSLÍNA DÖGG BJARKADÓTTIR: SAFNAÐI 365 KJÓLUM

Gersemar úr geymslum kvenna

Gíslína Dögg Bjarkadóttir, fatahönnuður í Vestmannaeyjum, hefur safnað kjólum í heilt ár. Á hverjum degi stillti hún kjól út í gluggann á vinnustofu sinni og nú á sunnudaginn fer síðasti kjóllinn út í glugga. Að gjörningnum loknum verða kjólarnir boðnir upp til styrktar góðgerðarfélaginu Bætum einstök brjóst.

„Ég fór af stað með gjörninginn 24. október í fyrra með því að senda 180 bréf til kvenna, bæði sem ég þekkti og þekkti ekki neitt. Ég bað þær um að senda mér kjól sem þær væru hættar að nota og sögu hans með,“ útskýrir Gíslína. Hún fékk góð viðbrögð og eftir að hún setti gjörninginn einnig af stað á Facebook tóku kjólarnir að streyma inn.

„Tilgangurinn var að gefa þessum kjólum framhaldslíf. Konur á aldrinum átján ára og upp úr, frá átján stöðum á landinu, sendu mér kjóla og eins fékk ég kjóla frá íslenskum konum búsettum erlendis, til dæmis í Lúxemborg og New York. Konur hér í Eyjum hafa líka fylgst vel með kjólaskiptunum í glugganum hjá mér og verið duglegar að senda inn kjóla.“

Gíslína hefur samviskusamlega myndað hvern einasta kjól víða um Vestmannaeyjar og sett myndirnar og sögu kjólanna inn á Facebook-síðuna. Þar má einnig lesa nöfn allra þeirra kvenna sem gefið hafa kjól í gjörninginn. Síðasta kjólinn klifraði Gíslína með upp í Heimaklett og myndaði hann þar.

„Mér fannst ómögulegt að hafa alltaf sama bakgrunninn. Hver kjóll hefur sinn karakter og ég vann bakgrunninn út frá því. Stundum þurfti ég að flýja inn þegar veðrið var vont en ég hugsaði þetta líka sem kynningu á Vestmannaeyjum. Draumurinn er síðan að gefa sögurnar og myndirnar jafnvel út á bók, en það má segja að í öllum þessum kjólum sé ákveðin söguleg heimild um konur. Innan um leynast margar gersemar. Til dæmis átti að henda einum mjög fallegum kjól frá 1961 þegar honum var bjargað og komið til mín.“

Kjólauppboðið fer fram laugardaginn 6. nóvember í Veisluturninum í Kópavogi en eigendurnir lána salinn til styrktar uppboðinu. Einnig verður hægt að bjóða í kjóla á Facebook á miðnætti hinn 27. október til 2. nóvember. En sér Gíslína ekkert eftir kjólunum? „Mér er auðvitað farið að þykja mjög vænt um þá alla. Ætli það endi ekki með því að ég bjóði bara í þá sjálf. Ég vona allavega að þeir fái allir framhaldslíf, þeir mega ekki fara ofan í geymslu.“

heida@frettabladid.is

VONAR AÐ ÞEIR FÁI FRAMHALDSLÍF Gíslína Dögg Bjarkadóttir fatahönnuður hefur safnað 365 kjólum og býður þá upp til styrktar góðgerðarfélaginu Bætum einstök brjóst.

MYND/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hrafnkell Helgason,

fv. yfirlæknir á Vífilsstöðum,
Móaflöt 23, Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 19. október.

Sigrún Aspelund
Helgi Hrafnkelsson
Stella S. Hrafnkelsdóttir
Hrefna Lovísa Hrafnkelsdóttir
Ríkarður Már Ríkarðsson
afabörn og langafabörn.

Anna Kristín Gunnlaugsdóttir
Einar Sigurgeirsson
Gunnar Karl Guðmundsson
Lilja Þorsteinsdóttir

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

90 ára afmælí

Þórunn Vilmundardóttir

Réttarholtsvegi 33, Reykjavík,

er níræð í dag. Í tilefni dagsins býður hún vinum og ættingjum að þiggja veitingar í sal FÍH, Rauðagerði 27, Reykjavík, **laugardaginn 23. október** milli klukkan 14 og 17.

†

Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jóhönnu Bjarnfreðsdóttur,

Boðaþingi 5, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu, Boðaþingi 5, deild 5-2.

Sigrún Ingólfsdóttir
Dóra Hlín Ingólfsdóttir
Svanhvít Eygló Ingólfsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Einar Gunnar Bollason
Erlingur Kristjánsson
Guðmundur H. Jónsson

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

67%
Lesa bara Fréttablaðið



5%
Lesa bara Morgunblaðið

27%
Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir
95%
lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí - júlí 2010.

krossgáta



LÁRÉTT
2. refur, **6.** spil, **8.** meðal, **9.** framkoma, **11.** tveir eins, **12.** orðrómur, **14.** gistihús, **16.** í röð, **17.** bjálki, **18.** skelfing, **20.** klaki, **21.** spil.

LÓÐRÉTT
1. létu, **3.** belti, **4.** ölvun, **5.** þróttur, **7.** sáttir, **10.** hlóðir, **13.** sigað, **15.** dó, **16.** stal, **19.** ónefndur.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** tóta, **6.** ás, **8.** lyf, **9.** fas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** tu, **17.** tré, **18.** ógn, **20.** ís, **21.** kani.
LÓÐRÉTT: **1.** gáfu, **3.** ól, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** samhugð, **10.** stóð, **13.** att, **15.** lést, **16.** tók, **19.** nn.

Dagar kvenna og hagtalna

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur

Dagarnir líða og allir eru þeir helgaðir einhverju ákveðnu. Það sem af er október hafa liðið bleiki dagurinn og fjólublái dagurinn, dagur hvíta stafsins, dagur gegn einelti, dagur án ofbeldis, dagur myndlistar, dagur samkeppnishæfni og PBS-dagurinn, dagur hrunsins og alþjóðlegur dagur öndunarmælinga.

Í FYRRADAG var dagur hagtalna og á mánudaginn er dagur kvenna. Ég tilheyri báðum hópum þó að það hafi mismikil áhrif á líf mitt. Sem hagtala er ég háskólagráður=3, skuldir=slatti, bíll=já, sambúð=1, framleiðni=2 (börn), kyn= (ekki karlmaður).

EN það að ég er kona hefur litað allt mitt líf. Það hefur haft áhrif á klæðaburð minn frá því í frumbernsku og fram á þennan dag, það hafði áhrif á hvernig ég lék mér, og á skólagöngu mína þar sem ég var þæg og iðin og uppskar í samræmi við það á meðan strákar höfðu hærra, létu verr og kölluðu yfir sig meiri athygli og sérmeðferð. Það að ég er kona gerir það að verkum að ég labba aldrei ein heim úr bænum í myrkri og reyni að vera réttu megin við örmjóa línuna milli þess að vera fín og vera glyðruleg, sem aftur gerir mig skotmark fyrir athugasemdir um kynlíf mitt og snertingar sem ég kæri mig ekki um. Og hef alltaf reynt að standa mig að minnsta kosti jafn vel í vinnunni og strákarnir sem ég vinn með því ég fæ alltaf harðari gagnrýni en þeir.

ÞAÐ að ég er kona gerir mig líklegri til að verða fyrir kynferðisofbeldi en ef ég væri það ekki og ólíklegra er að sá sem beitir mig því hljóti refsingu fyrir verk sín. Það gerir mig sjálfkrafa minna eftirsóknarverðan starfskraft framan af starfsævinni því hver vill ráða einhvern til vinnu sem nánast örugglega mun á einhverju skeiði detta út í að minnsta kosti hálft ár, kannski heilt, til að ganga með börn og annast þau í frumbernsku? Svo eru allir veikindadagarnir og starfsdagarnir og tannlæknaheimsóknirnar sem ég verð síðan treg til að bæta upp með því að vinna á kvöldin og um helgar.

OG það að ég er hagtalan kona þýðir að á mánudaginn klukkan 14.25 er ég búin að vinna minn hluta af átta stunda vinnudegi miðað við launamuninn sem er milli mín og hagtölukarlsins á næsta borði. Og það þýðir líka að þá geng ég út.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Longoria í bílslysi

EVA LONGORIA Leikkonan lenti í minniháttar bílslysi í Hollywood.

Leikkonan Eva Longoria Parker úr þáttunum Desperate Housewives lenti í minni háttar bílslysi í Hollywood fyrir skömmu. Longoria var að aka eftir Hollywood Boulevard-götunni þegar annar bíll ók á hana er hann ætlaði að beygja inn á bílastæði. Leikkonan kvartaði yfir minni háttar meiðslum þegar lögreglan kom á svæðið en fór ekki á sjúkrahús. Hinn ökumaðurinn meiddist ekki. Talið er að Longoria hafi verið á leið frá veitingastað sínum, Beso, þegar slysið átti sér stað.

Næsta verkefni hennar er að kynna evrópsku MTV-tónlistarverðlaunin sem verða haldin í Madríd 7. nóvember. Þar eru söngkonurnar Katy Perry og Lady Gaga tilnefndar til fimm verðlauna hvor.

Golfið hjá Justin í lægð

GOLF-FÍKILL Í LÆGÐ Justin Timberlake er golf-fíkill en leikur hans á vellinum hefur verið í lægð sökum anna á öðrum vígstöðvum.

Justin Timberlake viðurkennir í samtali við tímaritið People að honum hafi farið mikið aftur í golfi. Ástæðan sé einföld: hann hafi einfaldlega ekki haft tíma til að sinna íþróttinni sökum velgengni sinnar. Timberlake er einn fremsti popptónlistarmaður heims um þessar mundir og hefur jafnframt getið sér gott orð fyrir leik í kvikmyndum, nú síðast í The Social Network en hann leikur einnig í kvikmyndunum Friends with Benefits og Bad Teacher. Þar leikur hann á móti kærustu sinni fyrrverandi, Cameron Diaz.

Golfið hefur þar af leiðandi fengið að líða fyrir annirnar. „Leikur minn á vellinum hefur verið skelfilegur en það er bæði gömul saga og ný. Þegar þér gengur vel í vinnunni þá kemur það niður á leiknum. Og þú vinnur til að geta spilað golf," segir Timberlake sem er einmitt gestgjafi Shriners Hospitals for Children Open-golfmótsins í Las Vegas. Þá mun hann troða upp á lokakvöldi PGA, samtaka atvinnukylfinga í Bandaríkjunum, ásamt Sir Elton John, og hinni nýfráskildu Christinu Aguilera.

Timberlake hyggst hins vegar taka golfið fastari tökum því hann hefur komið fyrir púttflöt við glæsivillu sínu í Los Angeles svo að hann geti fínpússað stutta spilið hvenær sem hann vill.

DANGER MOUSE Upptökustjórinn vinnur með U2 að væntanlegri plötu sveitarinnar.

U2 starfar með Mouse

Upptökustjórinn Danger Mouse, annar hluti hljómsveitarinnar Gnarls Barkley, vinnur með U2 að nýjustu plötu sveitarinnar. „Við höfum tekið upp tólf lög með honum. Það lítur út fyrir að við gefum þessa plötu út næst því vinnan við hana gengur svo vel," segir söngvarinn Bono. Platan hefur fengið vinnuheitið Songs of Ascent og er væntanleg á næsta ári.

U2 er með tvær aðrar plötur í burðarliðnum. Önnur platan er dansplata þar sem Will.i.am., David Guetta og RedOne verða gestir. Einnig er fyrirhugð plata byggð á lögunum sem Bono og The Edge sömdu fyrir söngleikinn Spider-Man.

CONAN O´BRIEN Conan O´Brien stjórnar nýjum spjallþætti á sjónvarpsstöðinni TBS.

Góðir gestir hjá Conan

Gamanleikarinn Seth Rogen og rokkarinn Jack White verða gestir í fyrsta spjallþætti Conans O´Brien á bandarísku sjónvarpsstöðinni TBS sem fer í loftið 8. nóvember. Einnig er mögulegt að sá sem verður efstur á blaði í skoðanakönnun um hver eigi að vera fyrsti gestur þáttarins láti einnig sjá sig. Leikarinn Jack Nicholson er sem stendur í efsta sætinu. Á meðal fleiri gesta í næstu þáttum Conans verða Tom Hanks, Soundgarden og Michael Cera. Conan O´Brien stjórnaði áður kvöldþætti NBC þar sem hann tók við af Jay Leno en var látinn taka pokann sinn.

vilborga@centrum.is

Langar þig í nýtt eldhús?

Kynnum innréttingar og tæki frá Þýskalandi laugardag frá kl. 11-15

Vandaðu valið, og þú gætir fengið það sem þig langar í.

LIEBHERR HÄCKER kitchen.germanMade. Miele bulthaup

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

GUITAR ISLANCIO Á ROSENBERG Tríóið Guitar Islancio heldur tvenna tónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg á föstudag og laugardag. Efnisskráin samanstendur að stórum hluta af lögum Johns Lennon og Bítlanna, auk djassstandarda, íslenskra þjóðlaga og frumsamins efnis. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og kostar 1.000 krónur inn.

TJARNARBÍÓ
FIM. Silesian/ÍD [íd] Colorblind/Singletrack
Nánar á www.tjarnarbio.is
LAUG. „Allt fyrir mixið“ Dj-grækjukynning
Nánar á www.tjarnarbio.is
SUN. Tónleikar: Hrólfur Jónsson
Nánar á www.tjarnarbio.is
FIM. FÖST. LAUG. Leiksýning: Odó á Gjaldabuxum
Nánar á www.tjarnarbio.is
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.midi.is
KAFFIHÚSIÐ MAJONES
opið alla daga frá kl. 9-23

Menning sem er smám saman að hverfa

Út er komin bókin Birgir Andrésson – Í íslenskum litum eftir Þröst Helgason

HÖFUNDURINN Þröstur Helgason er höfundur bókarinnar Birgir Andrésson – Í íslenskum litum
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Árið 2004 sagði Þröstur Helgason við Birgi Andrésson myndlistarmann að hann vildi skrifa bók um hann. Næstu misserin rakti hann úr honum garnirnar og afraksturinn má finna í Í íslenskum litum, sem Crymogea gefur út. Þar má finna sæg af skemmtilegum sögum, enda Birgir afbragðs sagnamaður. Þetta er þó ekki hefðbundin ævisaga eða viðtalsbók, enda kveðst Þröstur hafa snemma ákveðið að fara aðra leið. „Ég komst snemma að þeirri niðurstöðu að þarna þyrftu að vera tvær raddir sem töluðu,“ segir Þröstur. „Annars vegar Biggi, sem fengi að segja sínar sögur ómengaðar. Biggi var þannig að þegar maður reyndi að fá hann til að ræða verkin sín vildi hann aldrei útskýra neitt heldur sagði hann bara sögur. Mér fannst liggja beinast við að miðla þeim og þær komu af hans vörum.En mér fannst líka mikilvægt að það yrði einhver samræða í bókinni; ekki eins og í hefðbundinni samtalsbók þar sem ég myndi spyrja og hann svara, heldur að mín rödd væri eiginlega sjálfstæð. ég væri óhræddur við að koma með minn farangur inn í umræðuna, það er að segja bakgrunn minn sem bókmenntafræðingur og menningarrýnir. Þótt það sé vissulega samræða á milli okkar í bókinni erum við ekki alltaf að tala um það sama. Úr þessu verður einhvers konar samkrull.“

Íslensk þjóðmenning var Birgi hugleikin, eins og verk hans bera með sér. Bókin fjallar því ekki aðeins um Birgi og list hans, heldur um íslenska menningu á lýðveldistímanum.

„Ég sagði Bigga árið 2004 að ég ætlaði að skrifa bók um hann. Næstu tvö ár fóru í að hugsa um hvernig ég ætti að fara að því og um hvað mér fyndist myndlist hans fjalla. Eins og bent hefur verið á, og blasir við, fjallaði hann mikið um íslenska þjóðmenningu og menningu. En mér fannst vanta umfjöllun um hvað hann væri að gera með þetta allt saman.“

Í bókinni gengur Þröstur út frá því að Birgir hafi í verkum sínum verið að fjalla um menningarsögu íslenska lýðveldisins. „Ég held að hann hafi verið að segja sögu af því hvernig íslensk menning sé smám saman að hverfa; hvernig við séum að missa tengslin við nálæga fortíð, rætur okkar og arfleið. Með því að flytja inn allan infrastrúktúr og þýða evrópsku þjóðríkishugmyndina yfir á íslenska bændasamfélagið, var það sem kalla má íslenska menningu smám saman kaffært.“

Birgir féll frá árið 2007, langt fyrir aldur fram, áður en ritun bókarinnar var lokið.

„Bókinni lýkur á því að aðalsöguhetjan deyr. En í raun og veru vorum við í miðju ferlinu þegar hann dó. Síðasta setningin sem hann sagði við mig var: „Svo höldum við bara áfram.“ Ég átti eftir að tala meira við Bigga en átti nóg af efni til að ljúka við bókina. En ég hefði auðvitað viljað fá meiri tíma með Bigga. Eins og við öll.“

bergsteinn@frettabladid.is

vísir.is
“...ég sá það á vísi”

Kuldaboli er kominn!

molo TICKET TO HEAVEN POLO RALPH LAUREN oilily hummel bisgaard
ný sending af kuldaskóm frá bisgaard
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

Leikhús ★★★

Þögli þjónninn
Leikfélag Akureyrar

Höfundur: Harold Pinter **Leikstjóri:** Jón Gunnar Þórðarson. **Aðalhlutverk:** Guðmundur Magnússon og Atli Þór Albertsson

Skilaboð að ofan

Í verkum breska leikskáldsins Harolds Pinter er einatt að finna vanmátt okkar til samskipta, ófullnægjandi samskipti okkar við hvert annað og það ófyrirséða í gjörðum okkar. Um tilhneiginguna til að sækjast eftir hinu smávægilega og markmiðinu sem við aldrei náum. Hann setur fingur á það sem við tjáum hvert öðru. Sendir okkur skilaboð frá landamærum þagnarinnar.
Með pennann að vopni getur hann kallað fram hlátur sem festist í hálsinum og breytist í þöglan ótta. Á öldum léttleikans er áhorfandinn einatt þrifinn í ferðalag þar sem hann sveiflast um í heimi ofbeldis og hræðslu. Ferðalag kryddað svörtum húmor.

Á síðari árum ævi sinnar lét Pinter mikið til sín taka á opinberum vettvangi í mannréttindabaráttu. Hörð gagnrýni hans á ríkisstjórnir Bretlands og Bandaríkjanna vegna stefnu þeirra í alþjóðastjórnmálum vakti mikla athygli. Meðal annars tók hann virkan þátt í mótmælum gegn Persaflóastríðinu, stríðsrekstri Bandaríkjanna í Afganistan og innrásinni í Írak.

Þögli þjónninn er dæmigerður Pinter og það er vel til fallið hjá Leikfélagi Akureyrar að sýna Pinter nú. Andrúmsloftið í íslensku samfélagi og samskipti ráðamanna og almennings eru stundum eins og í verki eftir Harold Pinter.

Ég skemmti mér vel á sýningu Leikfélags Akureyrar á Þögla þjóninum. Þrátt fyrir vankanta hennar. En hvort ég á að skrifa seigleika sýningarinnar framan af á leikstjórann Jón Gunnar Þórðarson eða á leikarann Guðmund Ólafsson veit ég ekki alveg. Eftir fyrstu mínúturnar – sem lofuðu svo góðu – tók við kafli þar sem Guðmundur varð of mjúkur og ógnin of léttvæg þannig að spennan fjaraði út á milli leikaranna tveggja, þeirra Atla Þórs Albertssonar og Guðmundar. Eftir varð notalegt stofudrama sem tók nokkurn tíma að byggja upp á ný. Síðari hluti sýningarinnar var mun sterkari, skilaboðin frá valdhöfunum að ofan urðu að hrollvekjandi ógn – bið eftir endi. Guðmundur Ólafsson sótti í sig veðrið er líða tók á sýninguna og átti marga mjög góða spretti. Atli Þór Albertsson skilaði sínu hlutverki með prýði, einfaldur, óttalaus og auðtrúa. Leikmynd hópsins sem og hljóðmynd Eyþórs Inga hæfði leikritinu mjög vel.

Sýningu Leikfélags Akureyrar á Þögla þjóninum er vel þess virði að sjá, leikrit sem hæfir vel í þeim pólitíska ólgusjó sem íslenskt samfélag er í – þar sem engu er að treysta.

Sigurbjörg Árnadóttir

Niðurstaða: Brokkgeng sýning framan af en sækir í sig veðrið eftir hlé. Verk sem talar inn í íslenskan samtíma.

PIPAR\TBWA • SÍA • 102591



EGF

BIOeffect™ **húðdropar**

Kynning í Hagkaup Smáralind 22. október kl. 12–18

Sérfræðingar frá Sif Cosmetics kynna EGF BIOeffect™ húðdropana og bjóða viðskiptavinum í Hagkaup Smáralind að koma og láta meta ástand húðar sinnar í sérstöku húðgreiningartæki.

Kaupauki* fylgir hverju keyptu stóru glasi af húðdropunum.

* Gildir meðan birgðir endast.

Vellíðan og betra útlit

EGF BIOeffect™ húðdroparnir gefa frísklegra útlit og aukinn raka og fyllingu. Þeir innihalda EGF frumuvaka sem stuðla að endurnýjun húðfrumna og sporna gegn öldrun húðarinnar.

EGF BIOeffect™ húðdroparnir fást í öllum verslunum Hagkaups

EGF BIOeffect ™ húðdroparnir:

- Gefa ferskara yfirbragð
- Veita aukinn raka og fyllingu
- Eyða þurrkblettum
- Eru græðandi
- Henta öllum húðgerðum
- Innihalda engin aukaefni
- Byggja á verðlaunuðum vísindarannsóknum

Íslensk nýsköpun, hugvit og framleiðsla

www.sifcosmetics.is

Sif COSMETICS

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 22. október

Tónleikar

20.00 Í Salnum í Kópavogi verður Páll Rósinkranz með tónleika undir yfirskriftinni Brot af því besta í bland við nýtt efni. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er aðgangseyrir 3.500 krónur.

22.00 Guitar Islancio heldur tónleika á Rósenberg í kvöld. Flokkurinn flytur nýja dagskrá og verða bítlalögin í fyrirrúmi. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.

22.00 Í kvöld er Rokkabillýband Reykjavíkur með tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Tónleikarnir hefjast kl.22.

Hljómsveitin Steingerður verður með tónleika á Ránni í Keflavík í kvöld.

Kvikmyndir

20.00 Nokkrar kvikmyndir verða sýndar á vegum Kínó klúbbsins í Hafnarhúsinu í kvöld. Sýningar hefjast kl. 20 í kvöld og er heildarsýningartími kvikmyndanna 76 mínútur. Aðgangur er ókeypis.

Miðasala » www.sinfonia.is » Sími 545 2500 » Miðasala í Háskólabíói frá kl. 9-17

Leiklist

12.30 Leikkonan Þóra Karítas Árnadóttir leikles einleikinn Nauðgunin eftir Fröncu Rame í þýðingu Eddu Jónsdóttur. Lesturinn fer fram á Kjarvalsstöðum kl. 12.30 í dag og tekur um 10 mínútur. Allir velkomnir og ókeypis aðgangur.

21.00 Einleikjatvenna frá Komedíuleikhúsinu verður haldin í Fjósinu í Arnardal, þar sem sýndir verða einleikirnir The poet comes home og Bjarni á Fönix. Dagskrá hefst í kvöld kl. 21. Miðaverð er 2.500 og er miðasala á staðnum.

Hátíðir

20.00 Í tilefni af sjöttu ljóðahátíð Nýhils verður upplestrarkvöld með íslenskum og erlendum skáldum og tónlistaratriðum á Venue í kvöld. Dagskrá hefst kl. 20.

20.00 Í tilefni af Ljósvakaljóðum, stuttmynda- og handritakeppni unga fólksins er öllum boðið á hátíð Ljósvakaljóða í Norræna húsinu í kvöld. Hátíðin hefst kl. 20 og er aðgangur ókeypis.

Fyrirlestrar

12.00 Þórólfur Matthíasson flytur erindið Sameiginlegir fiskveiðihagsmunir Íslands og Noregs gagnvart ESB, sem er hluti af fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn fer fram á Háskólatorgi, 103, frá kl. 12-13. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

TÓNSKÁLD Þráinn Hjálmarsson, Páll Ragnar Pálsson, Þorgrímur Einarsson, Guðmundur Steinn Gunnarsson og Gunnar Karel Másson, á myndina vantar þau Báru Sigurjónsdóttur og Viktor Orra Árnason.

Gott tækifæri fyrir ung tónskáld

Sjö íslensk tónskáld tóku þátt í hinni árlegu tónlistarhátíð Ung Nordisk Musik sem fram fór í Helsinki í september. „Þátttakan í hátíðinni er mjög gott tækifæri, maður hittir mörg önnur ung tónskáld og fær að vinna með atvinnuhljóðfærahópum. Í Finnlandi voru virkilega nafntogaðir tónlistarmenn sem spiluðu verkin okkar," segir Guðmundur Steinn Gunnarsson, eitt tónskáldanna sem tóku þátt í hátíðinni. Hann segir lærdómsríkt fyrir ung tónskáld að fá verk sín leikin af reyndum tónlistarmönnum. Þar að auki sé gaman og gefandi að kynnast kollegum á Norðurlöndunum.

Hátíðin er samstarfsverkefni Norðurlandaríkjanna fimm; Danmerkur, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar og Íslands. Hún hóf göngu sína árið 1946 en Íslendingar hafa tekið þátt síðan 1970.

Þau sem lögðu fram verk á hátíðinni í ár fyrir Íslands hönd voru auk Guðmundar þau Bára Sigurjónsdóttir, Gunnar Karel Másson, Páll Ragnar Pálsson, Viktor Orri Árnason, Þorgrímur Einarsson og Þráinn Hjálmarsson.

Hátíðin verður haldin í Kaupmannahöfn á næsta ári og óskað er eftir verkum fyrir hátíðina. Skilafrestur verður 1. desember næstkomandi og mun dómnefnd fara yfir verkin og velja þátttakendur. Þátttaka er opin tónskáldum sem eru yngri en þrjátíu ára eða eru enn í námi. Frekari upplýsingar um umsóknarferlið eru á vefslóðinni: http://www.myspace.com/ungnordiskmusik.

krakkasíðan
krakkar@frettabladid.is

Fréttablaðið kynnir nýja og skemmtilega krakkasíðu sem hefur göngu sína á morgun!

Á síðunni á morgun verður viðtal við Sveppa, brandarar, krakkagagnrýni á leikrit, þraut og myndasaga.

KRAKKAR!
Sendið inn brandara eða ábendingar um skemmtilegar vefsíður á netfangið: krakkar@frettabladid.is

„EKKI HRÆDDUR VIÐ NEITT NEMA KRÓKÓDÍLA"
- segir Sveppi

Krakkasíðan á heima í helgarblaði Fréttablaðsins

BÓKMENNTA-
VIÐBURÐUR ÁRSINS

„… gríðarlega merkileg bók
og góð skáldsaga …“
ÞORGERÐUR E. SIGURÐARDÓTTIR / KILJAN

„… óskaplega spennandi …
algjört meistaraverk …
frábær bók í alla staði.“
ILLUGI JÖKULSSON / KILJAN

„… snilldarbók …
ofboðslega góð skáldsaga.“
EGILL HELGASON / KILJAN

„Framúrskarandi sögumaður.“
JYLLANDS-POSTEN

Fáar skáldsögur hafa vakið aðra eins aðdáun og *Hreinsun*, áhrifamikil frásögn Sofi Oksanen af lífi tveggja kvenna af ólíkum kynslóðum.

Margradda og spennandi saga um ást, svik, vald og valdaleysi. Bókin fer nú sigurför um heiminn.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

BÓKMENNTAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2010

fólk

folk@frettabladid.is

> VERÐUR GÓÐUR PABBI

Leikarinn Russell Brand er sannfærður um að hann verði góður pabbi. Hann vill stofna fjölskyldu með tilvonandi eiginkonu sinni, söngkonunni Katy Perry. „Þegar ég er í kringum börn er ég alltaf til í að leika við þau. Ég hef mjög gaman af börnum," sagði Brand.

Tvær góðar á tónleikaferð

Hljómsveitirnar Moses Hightower og Jónas Sigurðsson og Ritvélar framtíðarinnar eru lagðar af stað í stutta tónleikaferð sem þær nefna Bílalest út úr bænum. Í gærkvöldi spiluðu sveitirnar á Stokkseyri en í kvöld verða þær á Sódómu Reykjavík. Á laugardagskvöld stíga þær svo á svið á Græna hattinum á Akureyri.

„Við eigum að einhverju leyti sameiginlega áhrifavalda og báðar hljómsveitirnar syngja á íslensku og eru að fylgja eftir nýlegum plötum," segir Andri Ólafsson úr Moses Hightower, spurður um samstarf sveitanna. Moses gaf út Búum til börn í sumar og önnur plata Jónasar Sigurðssonar, Allt er eitthvað, kom út fyrir skömmu. Báðar hafa þær fengið mjög góðar viðtökur gagnrýnenda og almennings. „Það verður skemmtileg stemning á þessum tónleikum því við erum rólega bandið á meðan Jónas er ásta bandið," bætir Andri við. - fb

MÓSES OG JÓNAS Á leið í tónleikaferð. Frá vinstri: Moses-mennirnir Magnús Tryggvason, Steingrímur Karl Teague og Andri Ólafsson ásamt Jónasi Sigurðssyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aguilera opnar sig

Christina Aguilera hefur loksins opnað sig í sambandi við nýlegan skilnað hennar og Jordans Bratman, en þau hittust árið 2002, trúlofuðu sig árið 2005 og giftu sig seinna sama ár.

„Þetta er ekki auðvelt og ég hef grátið mikið," segir Aguilera í viðtali við tímaritið RedBook. „Það er ómögulegt að endurskilgreina sig og líf sitt á einni nóttu. Sem betur fer á ég mömmu mína að og lítinn hóp af nánum vinum sem eru til staðar allan sólarhringinn. Ég reiði mig á þá enda get ég treyst þeim."

Aguilera og Bratman eignuðust soninn Max í janúar árið 2008, en henni er tíðrætt um vinina í viðtalinu. „Þegar mér finnst nánast ómögulegt að fara fram úr rúminu og vera góð móðir þá styðja vinir mínir mig. Hvatning þeirra og stuðningur heldur mér á beinu brautinni."

EINSTÆÐ MÓÐIR Christina Aguilera er að ganga í gegnum erfiðan skilnað.

Ánægður með Íslendingana

Dermot Mulroney, aðalleikari Inhale, hrósar þeim Óttari Guðnasyni og Baltasar Kormáki fyrir vinnu þeirra. Myndin fær frábæra dóma í Hollywood Reporter.

Í RÓ OG NÆÐI Dermot Mulroney og Diane Kruger ásamt framleiðendum Inhale, þeim Jennifer Kelly og Nathalie Marciano. Þau horfðu á myndina í ró og næði á ótilgreindu heimili í Beverly Hills.
NORDICPHOTOS/GETTY

Á meðan leikstjórinn Baltasar Kormákur og Óttar Guðnason sátu í stóra sal Háskólabíós með sínu fólki á sunnudagskvöld og horfðu á Inhale komu þau Dermot Mulroney og Diane Kruger, aðalleikarar myndarinnar, sér vel fyrir á einkaheimili í Beverly Hills og horfðu á myndina í ró og næði. Með þeim voru meðal annars framleiðendur Inhale, þær Jennifer Kelly og Nathalie Marciano.

Mulroney, þekktastur fyrir aukahlutverk í kvikmyndum á borð við My Best Friend's Wedding, About Schmidt og Zodiac, er í ítarlegum viðtölum við bæði Collider.com og Los Angeles Times og ræðir þar meðal annars samstarfið við Baltasar og Óttar og ekki síst mótleikara sinn, leikritaskáldið og goðsögnina Sam Shepard. Sem, ef marka má orð Mulroneys, er ekkert alltof auðveldur í samstarfi. „Ég hef unnið nokkrum sinnum með Sam, lék meðal annars son hans í kvikmynd frá árinu 1986 og svo gerðum við aðra mynd tíu árum seinna og eitthvað í leikhúsi líka. Og ég get alveg sagt að Sam er aldrei neitt sérstaklega viðkunnanlegur og hann er frekar ógnandi við fyrstu kynni. Ég meina, Baltasar Kormákur, er mikill maður, myndarlegur með kraftmikla nærveru og jafnvel hann varð lítill við hliðina á Sam," segir Mulroney í samtali við Collider.

Mulroney hrósar hins vegar þeim Baltasar og Óttar Guðnasyni tökumanni fyrir þeirra vinnu í Los Angeles Times. „Hvernig þeim tókst að breyta Las Vegas í mexíkóska bæinn Juarez var alveg ótrúlegt og það var skemmtilegt að vinna við mynd með íslenskum kvikmyndagerðarmönnum, þýskri aðalleikkonu, ameríkskum aðalleikara og frönskum og spænskum aukaleikurum," segir Mulroney í samtali við Los Angeles Times.

Inhale fær fjórar stjörnur í Fréttablaðinu í dag og gagnrýnandi Hollywood Reporter, Kirk Honeycutt, var einnig yfir sig hrifinn og nefnir sérstaklega: „stórkostlega frammistöðu Dermots Mulroney," eins og það er orðað. Í niðurstöðu dómsins segir að Inhale sé vel skrifaður tryllir en áhorfendum gæti liðið illa vegna þeirra siðferðilegu spurninga um ólöglega líffærasölu sem kvikmyndin spyr.

freyrgigja@frettabladid.is

Ragnar Jónasson í fjölskyldugírnum með dótturinni Kiru og Maríu Margréti Jóhannsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jenna Jensdóttir og Guðrún Svava Bjarnadóttir mættu í útgáfuhófið.

Önnur glæpasaga Ragnars

Útgáfuhóf var haldið í Eymundsson til að fagna annarri glæpasögu Ragnars Jónassonar, Snjóblindu. Ragnar er ungur lögfræðingur sem vakti athygli fyrir bókina Fölsk nóta sem kom út á síðasta ári.

Snjóblinda fjallar um unga konu sem finnst á Siglufirði blóðug og hálfnakin í snjónum, nær dauða en lífi. Aldraður rithöfundur deyr á grunsamlegan hátt á æfingu hjá áhugaleikfélagi bæjarins. Ari Þór Arason, nýútskrifaður lögreglumaður, reynir að komast að því hvað er satt og hvað er logið í málunum.

Þingmaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson fær bókina áritaða hjá Ragnari.

Eitt líf
– Njóttu bess!

Áttu von á gestum ?

Mikið úrval vandaðra svefnsófa.
Allir okkar svefnsófar koma með
vandaðri 12 cm latex- heilsudýnu.
Senseo 140 cm 30% afsl. kr. 254.800,-

Dúnsokkar
Outlast hiajöfnunarefnið sér til þess
að þér er hvorki of heitt né kalt!
kr. 6.900,- **Nýr litur**

TempraKON®

Veldu það besta!



Hryggurinn styður þig allan daginn...
... með Tempur styður þú hrygginn alla nóttina.

- Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu.

Nýtt og betra verð!
160x200 rúm kr. 299.000,-

TEMPUR®
ÞRÝSTIJÖFNUNAR HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

Sængurver í sérflokki !
20% afsláttur
Verð frá kr. 15.920,-

JOOP!

Vandaðir lyftistólar
30% afsláttur

Chiro Deluxe heilsurúm

- 5 svæða heilsu og hægindalag.
- Lagar sig að hálsi, öxlum og mjóhrygg.
- Stuðningur við bak.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Val um botna og lappir.

Tilboð - 20% afsláttur
160x200 rúm kr. 246.320,-
180x200 rúm kr. 272.720,-

TempraKON dúnsængur
100% hvítur gæsadúnn
20% afsláttur
kr. 29.900,-

TempraKON®

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Strumpandi skemmtilegar

Í tilefni af útkomu nýju Strumpabókanna kíkir HREKKJASTRUMPUR í heimsókn í HAGKAUP Skeifunni kl. 17 föstudag!

1.999.-



Gildir til 28. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Kvikmyndir ★★★★

Inhale

Leikstjóri: Baltasar Kormákur

Aðalhlutverk: Dermot Mulroney, Diane Kruger, Mia Stallard, Vincent Perez, Jordi Mollà og Sam Shepard.

Feigðarflan í Mexíkó

Líffærabrask er með óhugnanlegri fylgifiskum nútíma læknavísinda. Kvikmyndagerðarmenn vestan hafs hafa vissulega velt fyrir sér siðferðilegum álitamálum í sambandi við líffæragjafir, oftar en ekki í vísindaskáldskap á borð við The Island og í hinni væntanlegu Never Let Me Go, þar sem klón eru ræktuð til líffæragjafar. Kvikmynd Baltasars Kormáks, Inhale, er hins vegar rækileg áminning um að það þarf ekki að skyggnast inn í framtíðina til að finna hrollvekjandi sögur af því hvernig líffæri ganga kaupum og sölum á svörtum markaði.

Hér segir frá bandarískum hjónum, saksóknara og frú, sem sjá fram á að missa dóttur sína af völdum lungnasjúkdóms nema hún fái lungnaígræðslu. Heilsu dótturinnar fer sífellt hrakandi og líkurnar á líffæragjöf minnka sífellt. Þegar öll von virðist úti er þeim bent á annan möguleika: að fara suður til Mexíkó, þar sem líffæri séu föl í undirheimunum fyrir rétt verð. Faðirinn heldur því upp á von og óvon inn í skuggaheima Juarez í Mexíkó og kemst fljótt að raun um að það á eftir að kosta talsvert meira en peninga að bjarga lífi dóttur hans.

Inhale er sjötta kvikmyndin sem Baltasar leikstýrir, þar af sú önnur sem er á ensku. Skemmst er frá því að segja að Inhale er talsvert betur lukkuð en hin brokkgenga A Little Trip to Heaven og tvímælalaust með því besta sem Baltasar Kormákur hefur gert á hvíta tjaldinu.

Fyrst ber að nefna stórgott handrit þeirra Walters Doty og Johns Claflin. Persónurnar og sagan eru sannfærandi, framvindan er fumlaus og spennandi og liggur um óvæntar krókaleiðir og refilstigu Juarez þar sem venjulegu fólki er stillt upp á siðferðislegum krossgötum.

Baltasar kemur þessu vel til skila, með góðu liðsinni Óttars Guðnasonar myndatökumanns og Elísabetar Ronaldsdóttur klippara. Leikhópurinn er traustur. Mest mæðir á Dermot Mulroney í hlutverki föðurins, sem er jafnframt fulltrúi lagabókstafsins og glímir við meiri togstreitu en eiginkona hans, sem móðurástin rekur fyrst og fremst áfram. Mulroney er sæmilega farsæll leikari (sérlega eftirminnilegur sem verðandi tengdasonur Jacks Nicholson í About Schmidt) og skilar sínu með ágætum, sjálfsagt betur en margir af hans þekktari kollegum hefðu gert. Diane Kruger er sömuleiðis fín í hlutverki móðurinnar, hinn svipsterki Jordi Mollà er eftirminnilegur skúrkur og gamla brýnið Sam Shepard er traustur að vanda.

Útkoman verður þrælmögnuð spennumynd, sem bregður ljósi á vægðarlausan heim misskiptingar og skorts og spyr áleitinna siðferðisspurninga – meira en flestar kvikmyndir af þessari tegund gera nú til dags.

Bergsteinn Sigurðsson

Niðurstaða: Mjög vel heppnuð spennumynd sem spyr áleitinna siðferðisspurninga. Hugsanlega besta mynd Baltasars hingað til.

Ný sending!
Þökkum frábærar viðtökur

CC Flax

Frábært við **fyrirtíðarspennu** fyrir konur á öllum aldri og öllum einkennum **breytingaskeiðs**

Mulin hörfræ – Lignans
Trönuberjafræ
Kalk úr sjávarþörungum

CC Flax gefur frábæran árangur við tifinningasveiflum, pirringi, hita- og svitakófi, svefntruflunum, fitusöfnun og húðþurrki. Stuðlar að hormónajafnvægi og vellíðan. Kemur í veg fyrir bjúg og vökvasöfnun, styrkir nýru og hindrar sýkingu í þvagfærum.* Fjölbreyttar trefjar og ríkt af Omega-3.

Heilbrigðari og grennri konur
Rannsókn sýndi að konur sem hafa mikið Lignans i blóðinu hafa að meðaltali 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans.**

* Howel AB Journal of the American Medical Associaton june 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.

Styrking • Jafnvægi • Fegurð

100% NATURAL
NOT SYNTHETIC

1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

Fæst í apótekum og heilsubúðum www.celsus.is

512 50 50 Auglýsingasími

Allt sem þú þarft...

West fylgir aðeins ungum fyrirsætum

Kanye West er virkur Twitter-notandi og um 1,3 milljónir notenda fylgja honum á síðunni. Sjálfur fylgir West aðeins fjórtán notendum og eiga þeir allir eitt sameiginlegt; allir notendurnir eru ungar fyrirsætur.

Á meðal þeirra sem West fylgir eru ofurfyrirsætan Bar Rafaeli, hin tvítuga Chanel Iman frá Bandaríkjunum og hin stórglæsilega Alessandra Ambrosio. Flestar eru fyrirsæturnar á aldrinum 20-30 ára, en sú elsta er hin 45 ára gamla Veronica Webb. Sjálfur er West 33 ára gamall, en aldur er auðvitað afstæður.

TWITTARI Kanye West fylgir sjálfur bara Twitter-síðum hjá fyrirsætum á borð við Bar Rafaeli.

Annað Alias-spil

Orðskýringaspilið Alias sló í gegn fyrir síðustu jól þegar hátt í fimmtán þúsund eintök seldust hér á landi. Hamra á járnið meðan það er heitt því nýtt spil er væntanlegt um miðjan nóvember sem nefnist Partý-Alias. „Við erum að gera okkur vonir um að það seljist svipað ef ekki meira en Alias fór í fyrra," segir Halldór Guðjónsson, sölustjóri Myndforms.

Partý-Alias inniheldur ýmsar nýjungar. Leikmenn geta fengið það hlutskipti að segja sögu sem inniheldur öll orð viðkomandi spjalds, lýsa frægum einstaklingum eða útskýra orð í mismunandi stellingum. Spilið inniheldur meira en 2.300 orð og nöfn á yfir sex hundruð frægum einstaklingum, þar á meðal 130 íslenskum.

Fjölmörg kreppuspil komu út í fyrra og gaf Myndform einmitt út það vinsælasta, Ísland. Það seldist í tvö þúsund eintökum. Svo virðist sem kreppuspilin verði heldur færri fyrir þessi jól, enda kannski komið nóg af slíkum spilum í bili.

- fb

ALIAS Orðskýringaspilið Alias sló í gegn fyrir síðustu jól. Partý-Alias er væntanlegt í nóvember.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mayer og Kardashian?

Hjartaknúsarinn John Mayer, sem hefur verið orðaður við glæsipíur á borð við Jennifer Aniston og Jessicu Simpson, hefur augastað á hinni stórglæsilegu Kim Kardashian.

Samkvæmt dagblaðinu New York Post hittust þau ásamt fleiri vinum á bar í Stóra eplinu í vikunni. „Hugmyndin var að sjá hvort þau næðu saman," er haft eftir heimildarmanni blaðsins. Kim ku vera í leit að nýrri bráð en hvorugt þeirra hefur tjáð sig um þetta stórmál. Það er því óvíst hvernig þau náðu saman og stóra spurningin er: Hittast þau aftur? Við spyrjum að leikslokum.

NÝTT PAR? Kim Kardashian og John Mayer eiga að hafa hist í vikunni.

STÍGUR Á SVIÐ Jenna Jameson á í viðræðum um að koma fram á Broadway.

Jenna á Broadway

Klámkonan Jenna Jameson á í viðræðum um að koma fram í rokksöngleiknum Rock of Ages á Broadway. Jameson sækist eftir hlutverki Justice, sem á strippklúbbinn Venus, en fái hún hlutverkið þarf hún að syngja lagið Any Way You Want It eftir hljómsveitina Journey.

„Ég er að spjalla við framleiðendurna og vonast til að vera nógu hæfileikarík til að valda hlutverkinu," segir Jameson, sem hætti að leika í klámmyndum fyrir nokkrum misserum. „Mig hefur alltaf dreymt um að koma fram á Broadway og ég bið til Guðs um að fá hlutverkið."

Fái Jameson hlutverkið myndi hún vera í sýningunni í allt að þrjá mánuði. „Ég held að ég sé fullkomin í hlutverkið og ég hlakka til að flytja til New York."

Samkvæmt heimildarmönnum dagblaðsins New York Post kom Jameson framleiðendum verksins á óvart. „Hún er með góða rödd og þrátt fyrir að hún sé aðeins þekkt fyrir leik í klámmyndum þá getur hún leikið."

BRIM Kvikmyndin Brim fær góða dóma á bresku síðunni Tribune.

Promille og Brimi hrósað

Stuttmyndin Promille eftir Martein Þórsson og kvikmyndin Brim fá góða dóma á heimasíðu breska tímaritsins Tribune. Myndirnar voru báðar sýndar á Riff-hátíðinni fyrir skömmu. „Hin fjórtán mínútna Promille var besta íslenska myndin sem ég sá í Reykjavík," skrifar blaðamaður. Hann segir Brim vafalítið munu verða sýnda á kvikmyndahátíðum víða um heim. „Brim lýsir íslensku andrúmslofti vel og fjallar á náinn hátt um lífið á sjónum og utan hans. Þetta raunsæi vantaði í myndum á borð við The Perfect Storm," segir blaðamaður, sem bætir þó við að handritið hafi verið helsti galli Brims.

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000

INHALE	kl. 6 - 8 - 10	16
TAKERS	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
SOCIAL NETWORK	kl. 5.20 - 8 - 10.35	7
SOCIAL NETWORK LÚXUS	kl. 5.20 - 8 - 10.35	7
BRIM	kl. 4 - 6 - 8	12
EAT PRAY LOVE	kl. 10	L
AULINN ÉG 2D	kl. 3.40	L
AULINN ÉG 3D	kl. 3.40	L

HÁSKÓLA BÍÓ
SÍMI 530 1919

INHALE	kl. 6 - 8 - 10	16
SOCIAL NETWORK	kl. 6 - 9	7
BRIM	kl. 6 - 8 - 10	12
EAT PRAY LOVE	kl. 5.15 - 8	L

BORGAR BÍÓ
SÍMI 462 3500

TAKERS	kl. 8 - 10	16
SOCIAL NETWORK	kl. 8 - 10.15	7
BRIM	kl. 6	12
AULINN ÉG 3D	kl. 6	L

facebook.com/smarabio
AUGLÝSINGAR A 5%

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus



SÝNINGARTÍMAR

TAKERS	5.45, 8 og 10.15	16
LEGEND OF THE GUARDIANS 3D	8 og 10.15 - ENS TAL	L
KONUNGSRÍKI UGLANA 3D	3.45 og 5.50 - ÍSL TAL	L
SOCIAL NETWORK	5, 7.30 og 10	7
AULINN ÉG 3D	3.45 - ÍSL TAL	L

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN

JENNIFER ANISTON THE SWITCH JASON BATEMAN
Frá þeim sömu og færðu okkur Juno og Little miss sunshine frábær ný gamanmynd sem kemur öllum í gott skap



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

THE SWITCH	kl. 6 - 8 - 8:20 - 10:20	10
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ísl. Tali	kl. 3:40 - 5:50	7
ÓRÓI	kl. 5:50 - 8 - 10:20	10
THE TOWN	kl. 8 - 10:30	16
THE TOWN	kl. 6 - 9:15	VIP
FURRY VENGEANCE	kl. 4 - 6	L
DINNER FOR SCHMUCKS	kl. 8 - 10:20	7
SOLOMON KANE	kl. 10:30	16
ALGJÖR SVEPPI-3D	kl. 4 - 6	L
ALGJÖR SVEPPI	kl. 4	L
HUNDAR OG KETTIR 2 M/ísl. Tali	kl. 4	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali	kl. 6	7
THE SWITCH	kl. 8 - 10:10	10
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	L
ÓRÓI	kl. 8 - 10:10	10

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

THE SWITCH	kl. 8:20 - 10:30	10
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ísl. Tali	kl. 4	7
LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótextuð Ensku	kl. 6:10	7
ÓRÓI	kl. 8:20 - 10:30	10
THE TOWN	kl. 5:50 - 8:20 - 10:50	16
FURRY VENGEANCE	kl. 3:50	L
ALGJÖR SVEPPI-3D	kl. 4 - 6	L

SAMBÍÓIN SELFOSSI

KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ísl. Tali	kl. 6	7
SOCIAL NETWORK	kl. 8 - 10:20	7
ALGJÓR SVEPPI	kl. 6	L
ÓRÓI	kl. 8	10
DINNER FOR SCHMUCKS	kl. 10:20	7

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

HASAR Tökur á nýrri þáttaröð Steindans okkar eru hafnar. Á myndinni er Steindi nær óþekkjanlegur í gervi ásamt Bent fyrir aftan myndavélina, Didda Fel á hljóðinu og leikaranum Davíð Guðbrandssyni. Fyrir aftan eru Þórunn Antonía, sem leikur í þáttunum, Magnús Leifsson handritshöfundur og framleiðandinn Hrefna Björk Sverrisdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Steindi skorar á forsetann að leika í þættinum sínum

Steindi Jr. sló í gegn með þætti sína Steindinn okkar fyrr á árinu. Hann vinnur nú að nýrri þáttaröð sem verður sýnd snemma á næsta ári og dreymir um að fá Ólaf Ragnar Grímsson til að leika í atriði.

„Ég er handviss um að forsetinn muni slá til og taka þátt í þessu með okkur," segir grínistinn Steindi Jr.

Steindi og félagar hófu tökur á annarri þáttaröð Steindans okkar í vikunni. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er ofarlega á lista Steinda yfir þá sem hann vill fá í aukahlutverk í nýju þáttaröðinni.

„Við reyndum að fá Ólaf Ragnar í fyrstu seríuna. Ég get lofað þér að hann kemur eftir að hann les þessa frétt. Hann má búast við símtali," segir Steindi kokhraustur. „Annars förum við heim til hans með kameruna – við vitum hvar hann á heima. Við erum með góðar hugmyndir um atriði með forsetanum."

Steindi segir nýju þáttaröðina leggjast vel í sig og bætir við að landslið grínista og leikara verði sér innan handar. Þekkt andlit vöktu mikla athygli í síðustu þáttaröð Steinda, en hann harðneitar því að troða frægu fólki í þættina að ástæðulausu. „Mér finnst ógeðslega skemmtilegt þegar fólk kemur og leikur sjálft sig," segir hann. „En við veljum alltaf þá sem okkur finnst passa best í hlutverkin."

Og það eru fleiri á óskalista Steinda. „Okkur langar að fá Valda úr Geisladiskabúð Valda," segir hann. „Við spurðum hann einu sinni hvort hann gæti komið, en þá var hann einn í búðinni og gat ekki lokað. Ég sagði honum að við myndum hringja í hann aftur. Valdi er búinn að vera maður fólksins mjög lengi og er körfuboltagoðsögn. Hann á svo sannarlega heima í sjónvarpi." atlifannar@frettabladid.is

FYRSTA SERÍAN KEMUR ÚT Á DVD

„Þetta er mjög stór dagur í lífi okkar og við erum mjög stoltir af þessari seríu," segir Steindi Jr.

Þáttaröðin Steindinn okkar kom út á DVD í gær. „Við ákváðum að gefa hana út núna í staðinn fyrir þremur dögum fyrir jól. Það er hellingur af fólki sem hefur bara séð atriðin sem láku á netið og það eru ekki allir með Stöð 2 – ég var að fá mér Stöð 2 fyrir nokkrum dögum," segir Steindi. „Það er mikið af aukaefni á disknum sem fólk er ekki búið að sjá."

Erum við að tala um jólagjöfina í ár?

„Já, klárlega. Serían er í rauninni það eina sem fólk þarf að fá um jólin."

10 ára gömul verð!
Eld Smiðjan
5623838
Bragagata 38a Laugavegur 81 Suðurlandsbraut 12
18.-31. október
GILDIR EKKI UM DRYKKI OG HEIMSENDINGU
STOFA 53

BÍÓ ★ PARADÍS

ÁFRAM STELPUR! (MADE IN DAGENHAM) (L)	21:00, 23:00
NORD VESTUR (L)	19:00 (boð), 21:00, 22:50
AMERÍKANINN (THE AMERICAN) (14)	18:10, 20:10, 22:10
WALL STREET 2 (L)	17:40, 20:20, 23:00
LILJUR VALLARINS (L)	18:00

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!
Meðlimakort: 10% afsláttur
Áskriftarkort: Allt að 37% afsláttur.
CAFÉ BAR
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

ÁFRAM STELPUR!
(MADE IN DAGENHAM)
Bretland 1968. Karlaheimur.
En ekki mikið lengur!
FRÁBÆR BRESKUR HÚMOR!
BÍÓ ★ PARADÍS

Dermot MULRONEY

Diane KRUGER

Sam SHEPARD

Vincent PEREZ

Rosanna ARQUETTE

MYND Í LEIKSTJÓRN **BALTASARS KORMÁKS**

INHALE

HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA?

★★★★

- B.S., Fréttablaðið

★★★½

Spennandi og vel gerð
- T.V., kvikmyndir.is

★★★★

Baltasar Kormákur segir átakanlega og áleitna sögu með stæl og látlausum tilþrifum í eftirminnilegri mynd sem er enn ein rósin í hnappagat leikstjórans.
- Þ. Þ., Fréttatíminn

★★★★

„Inhale“ er hvalreki á fjörur áhorfenda sem vilja vitrænar ræmur í vígahug, sem skora umhverfi sitt á hólm, skerpa hugsun og skipta máli. Baltasar er jafnframt slóttugur spennuskammtari.
- Ó.H.T., Rás 2

Nú í bíó SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

sena

sport

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKA KARLALANDSLIÐIÐ í knattspyrnu mætir Ísrael í vináttulandsleik þann 17. nóvember næstkomandi. Leikurinn fer fram í Tel Aviv. Ísrael er í 56. sæti heimslistans en Ísland í því 110. Þetta er í þriðja sinn sem þjóðirnar mætast í knattspyrnulandsleik. Hinir tveir leikirnir fóru fram árið 1992 og vann Ísrael þá báða.

Landsliðshópurinn á móti Lettlandi og Austurríki

Markmenn:
Björgvin Páll Gústavsson, Kadetten
Hreiðar Levy Guðmundsson, TV Emsdetten
Aðrir leikmenn:
Alexander Petersson, Fuchse Berlin
Arnór Atlason, AG Köbenhavn
Aron Pálmarsson, THW Kiel
Ásgeir Örn Hallgrímsson, Hannover-Burgdorf
Hannes Jón Jónsson, Hannover-Burgdorf
Ingimundur Ingimundarson, AaB
Logi Geirsson, FH
Ólafur Andrés Guðmundsson, FH
Ólafur Stefánsson, Rhein-Neckar Löwen
Róbert Gunnarsson, Rhein-Neckar Löwen
Sigurbergur Sveinsson, Rheinland
Snorri Steinn Guðjónsson, AG Köbenhavn
Sverre Jakobsson, Grosswallstadt
Vignir Svavarsson, Hannover-Burgdorf
Þórir Ólafsson, N-Luebbecke

Kveikjum útiljósin

Kemur blaðberinn þinn að þínu húsi í myrkri? Sýnum tillitssemi. Höfum ávallt kveikt á útiljósum við útihurð og póstlúgu.

Þannig tryggir þú örugga dreifingu á þitt heimili.

Með fyrirfram þökk,

Póst:húsið
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1
S:585 8300 | www.posthusid.is

Logi er besti kosturinn

Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari tilkynnti landsliðshóp sinn fyrir komandi leiki í undankeppni EM 2012. Hann valdi Loga Geirsson og Hannes Jón Jónsson sem vinstri hornamenn liðsins í forföllum Guðjóns Vals og Sturlu.

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hefur valið sautján leikmenn fyrir leikina gegn Lettlandi og Austurríki í undankeppni EM 2012. Fyrri leikurinn er gegn Lettum í Laugardalshöll á miðvikudaginn 27. október en sá seinni er í Austurríki þremur dögum síðar. Þetta eru tveir fyrstu leikirnir í undankeppninni þar sem fjögur lið keppa um tvö sæti í úrslitakeppninni í Serbíu.

„Það er gríðarlega mikilvægt að byrja þessa undankeppni vel og hver einasti leikur í þessum riðli er lykilleikur. Við verðum að gera mjög vel til að koma okkur upp úr þessum riðli. Austurríkismenn eru sýnd veiði en ekki gefin og Þjóðverjar eru með frábært lið. Við höfum ekki efni á að vanmeta Letta því þeir eru líka með mjög frambærilegt lið," segir Guðmundur en hann fagnar því þó að fá að byrja á heimavelli á móti fyrir fram slakasta liðinu í riðlinum.

„Við höfum bara tvo daga saman og tvær æfingar fyrir þennan fyrsta leik. Það tekur alltaf tíma að stilla saman strengina, bæði í varnarleik og sóknarleik og allt þar á milli. Við þurfum að gera vel til þess að koma okkur í stand, við tökum leikinn á miðvikudaginn mjög alvarlega og svo bíður okkar mjög erfiður leikur á móti Austurríkismönnum á þeirra heimavelli," segir Guðmundur.

Hrósar Sigurbergi

Guðmundur Guðmundsson hefur fengið gott tækifæri til að fylgjast með íslensku leikmönnunum í þýsku deildinni og sem dæmi um það hafa fyrstu þrír deildarleikir Rhein-Neckar Löwen undir hans stjórn verið á móti Íslendingaliðum. „Ég hef frábært tækifæri til að skoða leikmennina sem eru hérna. Allir íslensku leikmennirnir hafa spilað vel á móti okkur í Rhein-Neckar Löwen og ætli þeir séu ekki að reyna að sýna sig fyrir mér," segir Guðmundur í léttum tón. Einn þeirra var Sigurbergur Sveinsson, sem skoraði átta mörk utan af velli á móti lærisveinum Guðmundar.

Guðmundur valdi Sigurberg líka í hópinn og hrósaði honum fyrir frammistöðuna. „Sigurbergur spilaði vel á móti okkur og var mjög sannfærandi," sagði Guðmundur.

Guðjón Valur Sigurðsson er enn frá vegna meiðsla og þá glímir Sturla Ásgeirsson einnig við meiðsli. „Það eru ýmsar stöður sem við þurfum að manna öðruvísi en við höfum gert áður. Við erum með menn í hópnum sem þurfa að leysa vinstra hornið. Við erum að horfa til Loga [Geirssonar] og Hannesar [Jóns Jónssonar]. Ég tel að Logi sé klár í að spila þessa stöðu og hann er besti kosturinn til að leysa vinstra hornið," segir Guðmundur og bætti við: „Ég treysti Loga og Hannesi fullkomlega til þess að sjá um þessa stöðu."

Guðmundur er ánægður með þróun mála hjá landsliðsfyrirliðanum Ólafi Stefánssyni, sem mun spila sinn 300. landsleik á móti Lettum. „Það er búið að vera gríðarlegt álag á Ólafi Stefánssyni. Það er ekkert skrítið að menn hafi áhyggjur af honum en hann er búinn að standa sig frábærlega. Hann hefur verið að bæta sig og er að komast í betra stand," segir Guðmundur.

„Það verður mjög gaman að hitta strákana í landsliðinu en þetta er líka öðruvísi tilfinning fyrir mig, þar sem ég bý erlendis núna," segir Guðmundur, sem telur að mikið muni reyna á liðið í þessum tveimur leikjum.

Engin tilraunastarfsemi

„Það er mjög erfiður leikur í Austurríki en það þarf líka að halda einbeitingu á Lettum," segir Guðmundur, sem ætlar ekki að prófa nýja hluti í Höllinni á miðvikudaginn kemur.

„Við getum ekki verið með neina tilraunastarfsemi á móti Lettum því við þurfum að stilla saman strengina á mánudag og þriðjudag og svo verðum við bara að vera komnir í gírinn á miðvikudaginn. Það er ekki tími fyrir neina tilraunastarfsemi. Ég vona að við fáum fólkið til þess að mæta því það er mikilvægur stuðningur sem við þurfum á að halda. Það er alltaf gríðarlegur munur á því hvort við erum að spila fyrir fullu húsi eða ekki," sagði Guðmundur að lokum.

ooj@frettabladid.is

ERFITT VAL Það er nóg að gera hjá Guðmundi Guðmundssyni þessa dagana enda er hann að þjálfa lið Rhein-Neckar Löwen. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

> Allir íslensku leikmennirnir hafa spilað vel á móti okkur í Rhein-Neckar-Löwen og ætli þeir séu ekki að reyna að sýna sig fyrir mér.
>
> **GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON**
> LANDSLIÐSÞJÁLFARI ÍSLANDS

ENSKI BOLTINN 23. OKTÓBER 2010 — 1 X 2

1.	Sunderland - Aston Villa	ÚRV.D.	
2.	Birmingham - Blackpool		
3.	Chelsea - Wolves		
4.	WBA - Fulham		
5.	Wigan - Bolton		
6.	Burnley - Reading	1. D.	
7.	Norwich - Middlesbrough		
8.	Swansea - Leicester		
9.	Hull - Portsmouth		
10.	Millwall - Derby		
11.	Nottingham - Ipswich		
12.	Preston - Crystal Palace		
13.	Watford - Scunthorpe		

42. LEIKVIKA — SÖLU LÝKUR 23. OKT. KL. 13.00

Stærstu nöfnin eru í Enska boltanum og nú er **potturinn** orðinn **ennþá stærri**. Vertu með og tippaðu fyrir kl. 13 á morgun.

72.000.000 (13 R.)
27.000.000 (12 R.)
21.000.000 (11 R.)
45.000.000 (10 R.)

1X2

TIPPAÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á 1X2.IS

Sænska úrvalsdeildarfélagið Jitex BK vill semja við Rakel Hönnudóttur:

Jitex vill fá Rakel til Svíþjóðar

FÓTBOLTI Sænska úrvalsdeildarfélagið Jitex BK vill fá Rakel Hönnudóttur til liðs við sig. Þetta staðfesti hún í samtali við Fréttablaðið í gær.

Rakel fór til Svíþjóðar fyrr í mánuðinum og leist forráðamönnum félagsins vel á hana. „Það gekk mjög vel úti. Viðbrögðin sem ég fékk voru mjög fín og þeir vilja fá mig," sagði Rakel. „Ég hef fengið mjög gróft samningstilboð frá þeim en mér líst svo sem ekki illa á það sem þeir höfðu fram að færa."

Rakel hefur verið lykilmaður í liði Þórs/KA sem varð í 2. sæti Pepsi-deildar kvenna í ár og vann sér þar með þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð, fyrst kvennaliða á Norðurlandi.

„Ég er núna að hugsa málið og er að velta fyrir mér öllum mögulegum kostum og göllum. Valið snýst fyrst og fremst um að vera hér áfram eða fara til Svíþjóðar," sagði Rakel. „Þetta er ekki auðveld ákvörðun en ég á von á að komast að niðurstöðu á næstu vikum."

Hún segist samt hafa stefnt að því að komast að í atvinnumennskunni. „Ég vil ná lengra en ég hef gert en þarf líka að hugsa um hvað sé best fyrir mig – hvar mér myndi líða best og hvar ég gæti lært mest."

Henni líst vel á lið Jitex, sem náði fínum árangri í sænsku úrvalsdeildinni í sumar. „Liðið var á sínu fyrsta ári í deildinni og náði sjötta sæti. Þetta er lið í Gautaborg og mér leist vel á það."

Fjölmargir íslenskir knattspyrnumenn, karlar og konur, eru nú á mála hjá sænskum knattspyrnuliðum. „Ég hef aðeins heyrt í stelpunum úti og spurt út í lífið í Svíþjóð. Það er annars voðalega lítið ákveðið enda er ég enn að hugsa málið."

RAKEL HÖNNUDÓTTIR Gæti verið á leið í sænsku deildina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Rakel lék sinn fyrsta meistaraflokksleik árið 2004, þá sextán ára gömul. Síðan þá hefur hún skorað 119 mörk í jafn mörgum leikjum í deild og bikar, sem er frábær árangur. Hún á að baki 30 A-landsleiki og hefur skorað í þeim tvö mörk. - esá

ZIK ZAK OG VESTURPORT KYNNA
★★★★★
Með því stórbrotnasta sem sést hefur.
- DV, J.V.J.
★★★★
Allir í gallana!
- Fréttablaðið, H.V.A.
★★★★
„fallegt, fyndið og harmrænt“
- Fréttatíminn, Þ.Þ.
★★★★
Stórkostlegt listaverk!
Pressan K.I.
HAFIÐ GEFUR...
HAFIÐ TEKUR...
BRIM
INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON
ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
ZIK ZAK KVIKMYNDIR OG VESTURPORT KYNNA I SAMVINNU VID KIDFILM MED STUDNINGI FRA KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS POLISH FILM INSTITUTE & NORDISK FILM OG TV FOND „BRIM"
INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
LEIKMYND BÖRKUR JÓNSSON KVIKMYNDATAKA G. MAGNI ÁGÚSTSSON KLIPPING VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR & EVA LIND HÖSKULDSDÓTTIR HLJÓÐHÖNNUN INGVAR LUNDBERG & KJARTAN KJARTANSSON BÚNINGAR MARGRÉT EINARSDÓTTIR FÖRÐUN ÁSTA HAFÞÓRSDÓTTIR TÓNLIST SLOWBLOW
HANDRIT OTTÓ G. BORG ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
ZIK ZAK VesturPort BYGGT Á LEIKRITI EFTIR JÓN ATLA JÓNASON FRAMLEIÐENDUR ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON SKÚLI FR. MALMQUIST GRÍMAR JÓNSSON & VESTURPORT LEIKSTJÓRN ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON
SMÁRA BÍÓ
NÚ Í BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta

Selfoss-Afturelding 24-26 (9-11)
Mörk Selfoss (skot): Atli Kristinsson 7 (18), Ragnar Jóhannsson 6 (13/1), Guðjón F. Drengsson 5/2 (8/3), Helgi Héðinsson 2 (3), Hörður Bjarnason 1 (2), Atli Einarsson 1 (2), Einar Héðinsson 1 (2), Árni Steinþórsson 1 (2), Eyþór Lárusson (1).
Varin skot: Birkir Bragason 16 (42/2, 38%).
Hraðaupphlaup: 3 (Guðjón F. 1, Atli 1, Ragnar 1).
Fiskuð víti: 4 (Atli 2, Eyþór 1, Ragnar 1).
Mörk Aftureldingar (skot): Bjarni Aron Þórðarson 8/2 (13/2), Hrafn Ingvarsson 4 (8), Jón Andri Helgason 4 (6), Jóhann Jóhannsson 3 (6), Arnar Theódórsson 2 (4), Pétur Júníusson 2 (2), Ásgeir Jónsson 1 (2), Reynir Árnason 1 (2), Eyþór Vestmann 1 (1), Aron Gylfason (2).
Varin skot: Hafþór Einarsson 17/1 (36/3, 47%), Smári Guðfinsson 4/1 (9/1, 44%).
Hraðaupphlaup: 6 (Jón Andri 3, Hrafn 2, Arnar 1).
Fiskuð víti: 2 (Bjarni Aron, Þorkell, Ásgeir 1, Hrafn 1).

Fram - Valur 40-23 (20-11)
Mörk Framara (Skot): Jóhann Gunnar Einarsson 11(16), Einar Rafn Eiðsson 8(9), Haraldur Þorvarðarson 6(6), Jóhann Karl Reynisson 3(4), Matthías Daðason 3(5), Arnar Birkir Hálfdánarson 3 (4), Magnús Stefánsson 2(3) Róbert Aron Hostert 1(3), Halldór Jóhann Sigfússon 1, Andri Berg Haraldsson 1(2), Kristján Kristjánsson 1.
Varin skot: Magnús Gunnar Erlendsson 20 (14), Björn Viðar Björnsson 6(9)
Hraðaupphlaupsmörk: 8(Einar 4, Matthías, Jóhann Gunnar, Jóhann Karl, Haraldur)
Fiskuð víti: 3(Jóhann Gunnar Einarsson, Jóhann Karl Reynisson, Haraldur Þorvarðarson)
Mörk Vals (Skot): Anton Rúnarsson 4(11), Valdimar Fannar Þórsson 4(12), Jón Björgvin Pétursson 4 (5), Orri Freyr Gíslason 4(5), Ernir Hrafn Arnarsson 2(9), Einar Örn Guðmundsson 3(5), Finnur Ingi Stefánsson 1(7), Gunnar Harðarson 1.
Varin skot: Ingvar Guðmundsson 5 (33), Friðrik Sigmarsson 3 (7).
Hraðaupphlaupsmörk: Orri Freyr Gíslason
Fiskuð víti: 2 (Gunnar, Orri Freyr Gíslason)

STAÐAN Í DEILDINNI

FH	**3**	**3**	**0**	**0**	**93-69**	**6**
Akureyri	3	3	0	0	101-83	6
Fram	**4**	**2**	**0**	**2**	**133-115**	**4**
HK	3	2	0	1	95-98	4
Haukar	**3**	**2**	**0**	**1**	**72-76**	**4**
Afturelding	4	1	0	3	96-109	2
Selfoss	**4**	**1**	**0**	**3**	**108-120**	**2**
Valur	4	0	0	4	107-135	0

Ragna Ingólfsdóttir:

Tímamótasigur

BADMINTON Ragna Ingólfsdóttir, Íslandsmeistari í badminton, er komin í átta manna úrslit á opna hollenska mótinu í badminton eftir sigur á búlgörsku stelpunni Lindu Zechiri í gær. Þetta var glæsilegur sigur því Zechiri er númer 31 á nýjum heimslista eða 70 sætum ofar en Ragna.

Þetta var líka tímamótasigur fyrir Rögnu því þetta er í fysta sinn sem hún kemst í átta liða úrslit á Grand Prix móti. Ragna vann 21-19, 21-14 og 21-10. Ragna mætir í dag Olgu Konon frá Þýskalandi.

- óój

RAGNA INGÓLFSÓTTIR

Afturelding náði í sín fyrstu stig í N1-deild karla á þessu tímabili eftir 26-24 sigur á Selfossi í gær:

Kjúklingarnir sterkari í nýliðaslagnum

HANDBOLTI Nýliðarnir í N1-deild karla áttust við í hörkuviðureign í troðfullu íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi í gær. Þar höfðu gestirnir úr Mosfellsbæ betur eftir kaflaskiptan og æsispennandi leik, 26-24.

Þetta var mikill baráttu- og hasarleikur þar sem rjúkandi hiti var bæði í leikmönnum og áhorfendum, sem voru fjölmennir í gær – bæði heimamenn og Mosfellingar.

Hafþór Einarsson, markvörður Mosfellinga, átti stórleik í fyrri hálfleik og átti stærstan þátt í því að gestirnir voru með tveggja marka forystu þegar flautað var til hálfleiks. Hann varði 57 prósent þeirra skota sem á hann komu og sýndi að hann er í hæsta gæðaflokki þegar sá gállinn er á honum.

Það dró hins vegar af honum í síðari hálfleik og heimamenn komust inn í leikinn. Á fimmtán mínútna kafla skoraði Selfoss tíu mörk gegn þremur og komst í þriggja marka forystu, 20-17. En Mosfellingar gáfust ekki upp og náðu að jafna. Síðustu tíu mínúturnar voru æsispennandi en gestirnir voru sterkari á síðustu mínútunum og munaði þar miklu um skyttuna Bjarna Aron Þórðarson sem tók af skarið þegar mest lá við.

„Þetta var gríðarlega sætt, sérstaklega þar sem úrslitin réðust þegar lítið var eftir," sagði Bjarni Aron. „Það var erfitt að lenda í mótlætinu í síðari hálfleik en það var mjög flott hjá okkur hvernig við komum til baka. Það var einmitt liðsheildin og trúin á okkur sem skilaði þessum sigri."

ÖFLUGUR Bjarni Aron Þórðarson lék vel með Aftureldingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sebastian Alexandersson, þjálfari Selfoss, var óhress með hvernig dómarar leiksins tóku á varnarleik Mosfellinga. „Ég skil ekki hvernig í ósköpunum þeir fóru að því að spila í 60 mínútur og fá bara eina brottvísun. Þeir áttu að fá átta til ellefu brottvísanir í dag. Þeir fengu að spila allt of grófa vörn og við bökkuðum undan því, því miður," sagði Sebastian. „En það þýðir ekkert að líta annað en í eigin barm. Við vorum í stöðu til að vinna leikinn en þá hættum við einfaldlega. Við þorðum ekki að sækja sigurinn."

- esá

Framarar fóru illa með Valsara

„Ég er bara hálf orðlaus," sagði Júlíus Jónasson, þjálfari Vals, eftir fjórða tap liðsins í röð í N1-deild karla en Hlíðarendaliðið er nú eina liðið í úrvalsdeildinni sem hefur ekki enn fengið stig. Framarinn Jóhann Gunnar Einarsson fór á kostum í fyrri hálfleik og skoraði þá átta af ellefu mörkum sínum.

HANDBOLTI Reykjavíkurliðin Fram og Valur mættust í Safamýrinni í gærkvöldi í N1-deild karla og það er skemmst frá því að segja að Fram gjörsamlega valtaði yfir lánlausa Valsmenn, en leikurinn fór 40-23.

Jafnræði var með liðunum fyrstu mínútur leiksins en þegar líða tók á fyrri hálfleikinn fóru Framarar í gang. Jóhann Gunnar Einarsson, leikmaður Fram, var heldur betur heitur og virtist geta skorað þegar honum sýndist en hann kom boltanum átta sinum í mark Valsmanna í fyrri hálfleik.

> Spilamennskan var karakterslaus, metnaðarlaus og hreint út sagt skelfileg.
>
> **JÚLÍUS JÓNASSON** ÞJÁLFARI VALSMANNA

Valsmenn léku skelfilegan varnarleik allan leikinn og Framarar voru ekki í neinum vandræðum með að brjóta sér leið í gegn. Staðan í hálfleik var 20-11 og fátt benti til þess að Valsmenn myndu minnka muninn.

Framarar héldu áfram að auka forskotið í síðari hálfleiknum en það var ekki sjón að sjá Valsmenn, ekkert gekk upp hjá þeim og mikið vonleysi einkenndi leik þeirra. Munurinn á liðunum var mestur tuttugu mörk í stöðunni 38-18 en gestirnir spýttu örlítið í lófana í lokin og niðurstaðan 40-23.

Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram, var að vonum mjög ánægður með leik sinna manna í gærkvöldi.

„Þetta var frábær frammistaða hjá okkur í kvöld. Loksins sá ég samheldni og samstöðu hjá strákunum og það skilaði sér í frábærum leik hjá okkur í kvöld. Það vill oft gerast þegar lið eru komin með ákveðið forskot að menn falla niður á hælana og fara að gefa eftir en það gerðist ekki í kvöld, strákarnir gáfu bara meira í og kafsigldu þá. Það sem skóp þennan sigur hjá okkur var mikil liðheild, frábær vörn og góð markvarsla. Við vorum í raun hættulegir á öllum sviðum og ég er hrikalega ánægður með strákana," sagði Reynir.

„Ég er bara hálf orðlaus," sagði Júlíus Jónasson, þjálfari Vals, eftir leikinn í gær.

„Spilamennskan var karakterslaus, metnaðarlaus og hreint út sagt skelfileg. Fyrir tímabilið þá misstum við flesta leikmenn allra liða í deildinni og í raun misstum við líka mikilvægustu leikmennina. Við þurftum að byggja upp alveg nýtt lið og höfum fengið marga leikmenn til okkar. Eitt er að slípa leikmennina saman og annað er að fá menn til berjast og gefast aldrei upp en barátta og vinnusemi er hlutur sem okkur sárvantar. Það er nokkuð ljóst að það bíða okkar fullt af verkefnum á næstu dögum og ég hef miklar áhyggjur af liðinu," sagði Júlíus svekktur eftir tapið í gærkvöldi.

- sáp

FRÁBÆR Í GÆR Jóhann Gunnar Einarsson skoraði fimm af fyrstu níu mörkum Fram í gær og var kominn með átta mörk í hálfleik þegar Framarar voru búnir að ná níu marka forskoti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
Er tímareimin komin á tíma?
Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 56.442 kr.
Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 43.205 kr.
Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 58.366 kr.
Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 42.652 kr.
Renault Kangoo 1,4 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 58.230 kr.
Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)
Skoðaðu www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.
Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.

VÉLALAND
Vélaland • Vagnhöfða 12, 110 Reykjavík • Sími 515 7170 • velaland@velaland.is

Manchester City og Liverpool eru bæði efst í sínum riðlum í Evrópudeildinni:

Adebayor með þrennu fyrir City

FÓTBOLTI Manchester City og Liverpool eru bæði í esta sæti í sínum riðlum í Evrópudeildinni eftir leiki gærkvöldsins þar sem að Coty vann 3-1 sigur á og Liverpool gerði markalaust jafntefli í Napólí.

Emmanuel Adebayor opnaði markareikninginn sinn hjá Manchester City á tímabilinu með því að skora þrjú mörk í 3-1 sigri á pólska liðinu Lech Poznan.

Emmanuel Adebayor skoraði tvö mörk á fyrstu 25 mínútunum og innsiglaði síðan þrennuna á 73. mínútu leiksins eftir frábæra sendingu David Silva sem lagði upp tvö mörk fyrir hann. Adebayor tryggði sér væntanlega með þessu sæti í byrjunarliði Manchester City á móti hans gömlu félögum í Arsenal um næstu helgi.

Liverpool fór með eitt stig frá Napolí eftir litlaust 0-0 jafntefli og hefur Liverpool-mönnum því ekki tekist að skora í fyrstu tveimur leikjunum eftir að nýir eigendur eignuðust félagið. Þetta var sjöundi leikur liðsins í röð án sigurs en það hefur ekki gerst síðan frá október til desember 1995.

Þetta voru samt ágæt úrslit fyrir Liverpool ekki síst þar sem Steven Gerrard og Fernando Torres hvíldu sig heima í Bítlaborginni. Staða Liverpool er líka góð á toppi riðilsins með tveimur stigum meira en Napoli og Utrecht og búin að mæta þeim báðum á útivelli.

„Það var fullt af jákvæðum hlutum hjá okkur í þessum leik. Þetta var gott stig sem margir töldu að við myndum ekki ná í þar sem það vantaði menn í liðið. Við svöruðum þeim hrakspám og erum ánægðir með stigið sem tryggir okkur áfram toppsætið í riðlinum," sagði Roy Hodgson, stjóri Liverpool.

Kolbeinn Sigþórsson og Jóhann Berg Guðmundsson komu inn á sem varamenn í 1-2 tapi AZ Almaar á móti Dynamo Kiev á heimavelli. Kolbeinn kom inn á sem varamaður á 68. mínútu og Jóhann Berg kom inn á níu mínútum síðar. Rúrik Gíslason spilaði fyrstu 72 mínúturnar í 4-2 tapi OB fyrir Young Boys. Fimm lið eru með fullt hús þegar riðlakeppnin er hálfnuð en það eru Porto, Stuttgart, Zenit St Pétursborg, Sporting Lissabon og CSKA Moskva.

- óój

Panasonic
ideas for life

HÁGÆÐA 3D SJÓNVARP og 3D BLU-RAY SPILARI SAMAN Á TILBOÐI

Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, PC tengi ofl.

TILBOÐ 349.990
FULLT VERÐ kr. 499.990

3D FULL HD

Panasonic TXP42C2
42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

TILBOÐ 124.990
FULLT VERÐ kr. 179.990

Panasonic TXP42S20
42" Full HD 1080p Plasma sjónvarp með 1920x1080P upplausn, Vreal Pro4 Engine, 24p Playback Plus/Playback, 2.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), kortalesara ofl.

TILBOÐ 179.990
FULLT VERÐ kr. 229.990

Panasonic TXP42G20
42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari, kortalesara, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

TILBOÐ 249.990
FULLT VERÐ kr. 319.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

> Guy Ritchie

„Ég fékk leið á kvikmyndum sem reyndu ekki á hugann. Ég kann vel að meta hugmyndina um að áhorfandinn þurfi að tipla á tánum í kringum kvikmyndina. Ég vil að hugur minn sé algjörlega tekinn af kvikmyndinni sem ég horfi á. Þess vegna fór ég í þennan bransa."

Guy Ritchie leikstýrir spennumyndinni Revolver sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld kl. 23.00.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSON SKILUR EKKI NEITT

Hvar eru sjónvarpsmyndirnar um Erlend?

Svíar hafa framleitt tugi sjónvarpsmynda um einn ástsælasta lögreglumann sinn, Wallander. Þær eru í svipuðum gæðum og Derrick-þættirnir góðu, ekkert verið að leggja of mikið upp úr of miklum tæknibrellum, allt gert eins ódýrt og hugsanlega er hægt án þess að það komi niður á gæðum. Þeir bjuggu meira að segja til sjónvarpsseríu upp úr myndunum um Lisbeth Salander eftir Millennium-þríleik Stiegs Larsson.

Við Íslendingar eigum okkar eigin Wallander, hann heitir Arnaldur Indriðason og hefur skrifað, samkvæmt Wikipediu, tíu bækur um Erlend, Elínborgu og Sigurð Óla. Sem allir Íslendingar þekkja. Aðeins ein mynd hefur verið gerð um þetta fræga þríeyki, það var Mýrin, stórmynd Baltasars Kormáks. Til stóð að leikstjórinn gerði Grafarþögn

ANDLEGIR TVÍBURAR Erlendur og Wallender eru andlegir tvíburar, sá síðarnefndi er alltaf á skjánum á föstudagskvöldum og gerir það að verkum að bolur eins og ég þekkir hann.

en því hefur væntanlega verið slegið á langan frest enda leikstjórinn ákaflega upptekinn maður í Hollywood.

Skorturinn á leiknu efni í Efstaleiti er áþreifanlegur. Og þarna eru þeir með kjörefni í höndunum. Að gera sjónvarpsmyndir eftir sögum Arnaldar Indriðasonar, klukkutíma langar. Ein saga, ein mynd. Þjóðverjar myndu kaupa sýningarréttinn að slíkum myndum, þeir elska Arnald. Og það gera aðrir Norðurlandabúar líka. Englendingar hafa smám saman verið að bætast í hópinn og myndu hugsanlega vera áhugasamir.

Svíar hafa meira að segja gengið svo langt að búa til nýjar sögur, sem eiga ekkert skylt við bækur Hennings Mankell. Rithöfundurinn nýtur góðs af því að úti um alla Evrópu þekkir fólk, eins og ég, Wallander. Sem er andlegur tvíburi Erlends, bara ögn leiðinlegri. Og Þess vegna spyr ég: hvar eru sjónvarpsmyndirnar um Erlend?

SJÓNVARPIÐ

16.35 Þorvaldur Thoroddsen jarðfræðingur
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Handboltinn Fjallað verður um leiki í N1-deildinni í handbolta.
18.00 Manni meistari (20:26)
18.25 Frumskógarlíf (4:13)
18.30 Frumskógar Goggi (5:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Útsvar Spurningakeppni sveitarfélaganna. Í þessum þætti mætast lið Norðurþings og Hornafjarðar.
21.20 Óbyggðaferð (Into the Wild) Bandarísk bíómynd frá 2007. Myndin er byggð á sannri sögu og segir frá Christopher McCandless, afburðanámsmanni og íþróttagarpi, sem að loknu háskólanámi gaf eigur sínar til góðgerðamála og fór á puttanum til Alaska til að búa þar í óbyggðum.
23.50 Wallander – Loftkastalinn (Wallander: Luftslottet) Sænsk sakamálamynd frá 2006. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)
01.20 Hr. Brooks (Mr. Brooks) Bandarísk bíómynd frá 2007. Earl Brooks er virtur kaupsýslumaður í Portland en enginn veit að hann er líka raðmorðingi. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)
03.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.20 The Truth About Love
10.00 Reality Bites
12.00 Akeelah and the Bee
14.00 The Truth About Love
16.00 Reality Bites
18.00 Akeelah and the Bee
20.00 Spider-Man 3
22.15 Forgetting Sarah Marshall
00.05 No Country for Old Men
02.05 The Hoax
04.00 Forgetting Sarah Marshall
06.00 Liar Liar

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Tommi og Jenni, Hvellur keppnisbíll, Boowa and Kwala, Boowa and Kwala, Kalli litli kanína og vinir
08.10 Lalli
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 60 mínútur
11.05 Mercy (3:22)
11.50 Glee (18:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares (2:4)
13.50 La Fea Más Bella (258:300)
14.35 La Fea Más Bella (259:300)
15.25 Wonder Years (17:17)
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (14:25)
18.23 Veður Markaðurinn.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Simpsons (18:21)
19.45 Auddi og Sveppi Frábær skemmtiþáttur með Audda og Sveppa þar sem félagarnir eru með allskyns skrautleg uppátæki.
20.15 Logi í beinni Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.
21.05 Back to the Future III Í þessari ferð um tímann er McFly sendur til Villta vestursins á árunum kringum 1885.
23.00 Revolver Hörkuspennandi glæpamynd eftir Guy Ritchie og fjallar um fjárhættuspilara og fyrrverandi fanga sem hefur engu að tapa.
00.50 Shadowboxer Spennumynd með Helen Mirren og Cuba Gooding Jr. í aðalhlutverkum.
02.25 Selena
04.30 Auddi og Sveppi
04.55 The Simpsons (18:21)
05.20 Fréttir og Ísland í dag (e)

SPORT *besta sætið*

07.00 Napoli - Liverpool
17.25 Man. City - Lech
19.05 Inside the PGA Tour 2010 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
19.30 Á vellinum Virkilega skemmtilegur þáttur þar sem barna og unglingastarfinu er veitt athygli. Fjallað verður um yngri flokkana í knattspyrnunni og þeim gerð góð skil.
20.00 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur 10/11 Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.

20.30 La Liga Report Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
21.00 F1 föstudagur Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum.
21.30 Main Event
22.20 San Remo 2
23.10 San Remo 3
00.00 Man. City - Lech
01.55 Formúla 1 - Æfingar
04.45 Formúla 1 2010

SPORT 2 *enski boltinn*

16.00 Sunnudagsmessan
17.00 Man. Utd. - WBA
18.45 Arsenal - Birmingham
20.30 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Preview 2010/11 Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
21.30 Premier League World 2010/11 Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
22.00 Football Legends - Maradona Að þessu sinni verður fjallað um Diego Maradona sem er talinn besti knattspyrnumaður allra tima að margra mati.
22.30 Premier League Preview 2010/11
23.00 Bolton - Stoke

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Game Tíví (6:14) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.40 Rachael Ray (e)
09.25 Pepsi MAX tónlist
12.00 Game Tíví (6:14) (e)
12.30 Pepsi MAX tónlist
16.45 Rachael Ray
17.30 Dr. Phil
18.10 Friday Night Lights (7:13) (e)
19.00 Melrose Place (1:18) (e)
19.45 Family Guy (5:14) (e)
20.10 Bachelor (11:11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.
20.55 Last Comic Standing (7:14) Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.
21.40 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny (6:8) Breskur gamanþáttur þar sem falin myndavél er notuð til að koma fólki í opna skjöldu.
22.05 Hæ Gosi (4:6) (e)
22.35 Sordid Lives (7:12) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegar konur í smábæ í Texas.
23.00 Secret Diary of a Call Girl (3:8) (e)
23.30 Law & Order: Special Victims Unit (11:22) (e)
00.20 Whose Line is it Anyway (9:20) (e)
00.45 Premier League Poker II (12:15)
02.30 Jay Leno (e)
04.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
17.10 Golfing World (e)
18.00 Golfing World
18.50 PGA Grand Slam of Golf 2010 (2:2) (e)
22.00 Golfing World (e)
22.50 PGA Tour Yearbooks (3:10) Samantekt á því besta sem gerðist á PGA Tour árið 2002.
23.40 Golfing World (e)
00.30 ESPN America

EXTRA

18.45 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
19.30 Last Man Standing (6:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum.
20.25 Little Britain (3:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 NCIS: Los Angeles (10:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn sysdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.
22.35 Human Target (1:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
23.20 The Forgotten (14:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
00.05 The Doctors
00.45 Last Man Standing (6:8)
01.40 Little Britain (3:6)
02.10 Auddi og Sveppi
02.40 Logi í beinni
03.25 Fréttir Stöðvar 2
04.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Föstudagsþátturinn Með Hildu Jönu Gísladóttur.

iNN

20.00 Hrafnaþing Heimastjórnin telur vinstri stjórnina á tærri niðurleið.
21.00 Ævintýraboxið Ný þáttaröð um eitt og annað sem landsmenn dunda sér við.
21.30 Heilsuþáttur Jóhönnu Kolla grasalæknir meðal gesta.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

Við leitum að góðu fólki

VISIR.IS og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – VISIR.IS

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á VISIR.IS í viku

FRÉTTABLAÐIÐ
VISIR.IS
...ég sá það á visir.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05
Back to the Future III

Það er komið að lokamyndinni í þessum klassíska þríleik um tímaflakk unglingsins McFly og Doc Emmet Brown. Í þessari ferð um tímann er McFly sendur til Villta vestursins á árunum kringum 1885. Þar á hann að finna Doc Emmet Brown og koma í veg fyrir að byssubófi komi honum fyrir kattarnef.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** 2+2 eru 5 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Fjölradda sveiflusöngur **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturtónar

BBC entertainment

12.25 Deal or No Deal **13.00** Monarch of the Glen **13.50** Absolutely Fabulous **14.20** Absolutely Fabulous **14.50** My Family **15.20** Top Gear **16.10** The Weakest Link **16.55** Deal or No Deal **17.30** My Hero **18.00** My Family **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) **19.30** Hustle **20.20** Come Dine With Me **20.45** Come Dine With Me **21.10** My Family **21.40** Whose Line Is It Anyway? **22.05** The Green, Green Grass **22.35** Monarch of the Glen **23.25** Hustle

DR 1

12.00 Rabatten **12.30** Sporløs **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Brødrene Løvehjerte **15.30** Rosa fra Rouladegade **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2010 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 2010 **19.55** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.45** Trapped **22.25** Desperate Measures

NRK 1

12.30 Tinas mat **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Si ja, bli min **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.35** Norge rundt **18.00** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Tause vitner **21.15** Kveldsnytt **21.30** Tause vitner **22.20** Pop-revy fra 60-tallet **22.50** Hjerte til hjerte - Spelet **23.30** Country jukeboks u/chat

SVT 1

15.55 Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** Försoning **22.00** Elvis Costello med gäster **22.50** Sinchronicity **23.40** Larry Sanders show

Fjölskyldustemning í

Njótum frítímans saman!

22., 25. og 26. október verða vetrarfrí í flestum grunnskólum Reykjavíkur.
Á heimasíðu ÍTR er að finna upplýsingar um alls konar skemmtilegar uppákomur sem ÍTR býður fjölskyldum upp á í vetrarfríinu, t.d.:

- Diskósund
- Wipeout
- Pappírsbrot
- Sjósund
- Kaffihús
- Útieldun
- Gleðisund
- Klifur
- Frisbígolf
- Heitur pottur
- Afa- og ömmustund

Ævintýri á heimaslóð

Skoðaðu hvað hægt er að gera í þínu hverfi á **www.itr.is**



www.itr.is • sími 411 5000

10 ára gömul verð!

Eld Smiðjan

562 3838

Bragagata 38a Laugavegur 81
Suðurlandsbraut 12

18.-31. október

GILDIR EKKI UM DRYKKI OG HEIMSENDINGU

STOFA 53



„Lover in the Dark með Berndsen. Það er frábært partílag og hann er algjör stuðbolti.“

Þórunn Antonía Magnúsdóttir söngkona.

Dagskrárstjóri vonsvikinn með Hringekjuna

„Auðvitað hefði maður viljað sjá meira áhorf, það vilja allir, og þetta eru ákveðin vonbrigði. Ég er hins vegar sannfærð um að tími Hringekjunnar sé að koma,“ segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV.

Hringekjan, skemmtiþáttur í umsjá Guðjóns Davíðs Karlssonar, hefur ekki náð að fylla það skarð sem Spaugstofan skildi eftir sig. Þátturinn mældist í vikulegri skoðanakönnun Capacent með 22,8 prósenta áhorf í aldurshópnum 12-80 ára og 18,4 prósenta áhorf hjá fólki á aldrinum 12-49 ára. Til samanburðar má nefna að Spaugstofan mældist með 50,3 prósenta áhorf í aldurshópnum 12-80 á sama tíma í fyrra og 42,4 meðal 12-49 ára.

Þegar RÚV var harðlega gagnrýnt á sínum tíma fyrir að hafa Spaugstofuna enn á dagskrá benti yfirstjórnin yfirleitt á ótrúlegar áhorfstölur. Gagnrýnisraddirnar bentu þá á að hægt væri að sýna málningu þorna í sjónvarpi á umræddum dagskrártíma, það myndi fá sama áhorf. Sú fullyrðing virðist hins vegar byggð á sandi ef marka má þessar niðurstöður. Sigrún telur ástæðuna liggja í því að fólk sé í eðli sínu íhaldssamt og biður áhorfendur RÚV um að gefa þessu tíma. „Fyrir mitt leyti var fyrsti þátturinn slakastur en síðan hafa þau verið að sækja í sig veðrið, þátturinn hefur verið að slípast til og á bara eftir að verða betri,“ segir Sigrún.

Hún kveðst þó ánægð með áhorf á þáttinn Landann í ritstjórn Gísla Einarssonar en hann mælist með rúmlega þrjátíu prósenta áhorf. „Það er mjög ánægjulegt og sannar að fólk vill sjá meira efni utan af landi, sem ætti að vinna með Hringekjunni.“ - fgg

GÍSLI SIGRAR GÓA

Mun fleiri horfa á þátt Gísla Einarssonar, Landann, en Hringekjuna sem er stjórnað af Guðjóni Davíð Karlssyni. Sigrún Stefánsdóttir hefur fulla trú á að Hringekjan muni bæta sig.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Finnski hesturinn (Stóra sviðið)

Fös 22.10. Kl. 20:00 aukas. U	Lau 6.11. Kl. 20:00 7. sýn	Sun 21.11. Kl. 15:00 br. sýn.tími
Lau 23.10. Kl. 20:00 3. sýn	Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn	Lau 27.11. Kl. 20:00
Lau 30.10. Kl. 20:00 4. sýn U	Fös 12.11. Kl. 20:00	Sun 28.11. Kl. 20:00
Sun 31.10. Kl. 20:00 5. sýn	Fös 19.11. Kl. 20:00	
Fös 5.11. Kl. 20:00 6. sýn U	Lau 20.11. Kl. 20:00	

Fíasól (Kúlan)

Lau 23.10. Kl. 13:00	Sun 31.10. Kl. 13:00	Lau 13.11. Kl. 13:00
Lau 23.10. Kl. 15:00 U	Sun 31.10. Kl. 15:00	Lau 13.11. Kl. 15:00
Sun 24.10. Kl. 13:00 U	Lau 6.11. Kl. 13:00	Sun 14.11. Kl. 13:00
Sun 24.10. Kl. 15:00 U	Lau 6.11. Kl. 15:00	Sun 14.11. Kl. 15:00
Lau 30.10. Kl. 13:00	Sun 7.11. Kl. 13:00	
Lau 30.10. Kl. 15:00	Sun 7.11. Kl. 15:00	

Hænuungarnir (Kassinn)

Fös 22.10. Kl. 20:00 U	Fim 4.11. Kl. 20:00 U	Fös 19.11. Kl. 20:00
Lau 23.10. Kl. 20:00 U	Fös 5.11. Kl. 20:00 U	Lau 20.11. Kl. 20:00
Fim 28.10. Kl. 20:00 U	Lau 6.11. Kl. 20:00 U	Fös 26.11. Kl. 20:00
Fös 29.10. Kl. 20:00	Fim 11.11. Kl. 20:00 U	Lau 27.11. Kl. 20:00
Lau 30.10. Kl. 20:00	Fös 12.11. Kl. 20:00	
Sun 31.10. Kl. 20:00 U	Lau 13.11. Kl. 20:00	

Íslandsklukkan (Stóra sviðið)

Sun 24.10. Kl. 19:00 U	Mið 3.11. Kl. 19:00 aukas. U	Mið 24.11. Kl. 19:00 aukas.
Þri 26.10. Kl. 19:00 U	Sun 7.11. Kl. 19:00 U	Fim 25.11. Kl. 19:00 aukas.
Mið 27.10. Kl. 19:00 U	Mið 10.11. Kl. 19:00 U	Lau 11.12. Kl. 19:00 aukas.
Fim 28.10. Kl. 19:00 U	Sun 14.11. Kl. 19:00 U	Sun 12.12. Kl. 19:00 aukas.

GERPLA

Gerpla (Stóra sviðið)

Fim 21.10. Kl. 20:00	Lau 13.11. Kl. 20:00	Fös 3.12. Kl. 20:00
Fös 29.10. Kl. 20:00	Fim 18.11. Kl. 20:00 aukas.	
Fim 4.11. Kl. 20:00	Fös 26.11. Kl. 20:00	

FINNSKI HESTURINN „Fimm stjörnu Ólafía Hrönn“ GB, Mbl

KYSSILEG BÓK



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Ný bók eftir metsöluhöfundinn JACQUELINE WILSON

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

MUGISON OG MIRSTRUMENT Mugison á tónleikum með nýja hljóðfærið sitt, Mirstrument. MYND/INGVAR SVERRISSON

MUGISON: MIRSTRUMENT TILBÚIÐ EFTIR EINS OG HÁLFS ÁRS ÞRÓUN

Skírði hljóðfærið sitt í höfuðið á geimstöðinni Mír

„Þetta er eins og ég hefði átt sjö bíla í garðinum hjá mér og ákveðið að búa til flugvél,“ segir Örn Elías Guðmundsson, Mugison, um nýja hljóðfærið sitt, Mirstrument, sem hann frumsýndi á Airwaves-hátíðinni um síðustu helgi.

Hljóðfærið getur töfrað fram alls konar hljóð og hefur verið í þróun síðasta eitt og hálfa árið. Popparinn hefur prófað það víða til að koma auga á bilanir en núna er það loksins tilbúið.

Græjan var búin til heima hjá Mugison með hjálp vinar hans, Páls Einarssonar. „Ég tók fullt af drasli sem ég átti hérna heima og við tókum það í sundur og svo röðuðum við þessu saman og létum þetta virka,“ útskýrir hann.

Nafnið Mirstrument varð til í Póllandi fyrir skömmu þegar hann prófaði þar græjuna á tónleikum. „Þá sagði einn eldhressgaur: „This is like the Mir-space station“. Þá fæddist þetta.“

Nýja hljóðfærið gerir Mugison kleift að fara einn á tónleikaferð án hljómsveitar, enda getur verið kostnaðarsamt að ferðast með heila hljómsveit út um allar trissur. Tækið verður tengt við tölvu, sem er falin fyrir áhorfendum. „Þetta verður meira eins og gítar eða annað hljóðfæri á sviðinu. Ég fíla ágætlega elektróníska tónlist en það er leiðinlegt að horfa á hana,“ segir kappinn. Ljósasýning fylgir einnig með Mirstrumentinu til að gera það skemmtilegra fyrir augað. „Við bjuggum til vasaljósa „sjóv“ þannig að þetta er eiginlega einn pakki, móðurstöðin, hljóðfærið og ljósið.“ Hljóðfærið hefur þegar vakið töluverða athygli og verður það til að mynda til sýnis á iðnaðarsýningu hér á landi í mars á næsta ári.

Mugison er með tvær plötur í vinnslu sem væntanlegar eru snemma á næsta ári. Önnur verður elektrónísk en hin í órafmögnuðum gír og öll sungin á íslensku. Mirstrument kemur við sögu á þeim báðum en þó mest á þeirri fyrrnefndu. freyr@frettabladid.is

Ævisaga Kalla Sighvats sett á ís

„Heimildaöflun gekk hægar en ég gerði ráð fyrir, kannski ætluðum við okkur um of að gera þetta á svona skömmum tíma,“ segir Jónatan Garðarsson. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr á þessu ári hugðist Jónatan skrifa ævisögu Karls J. Sighvatssonar, eins fremsta orgelleikara Íslands fyrr og síðar, sem lést langt fyrir aldur fram í bílslysi 1991 við Hellisheiði. Karl var einn af meðlimum ofurgrúppunnar Trúbrots og lifði ansi merkilegu lífi.

Jónatan segir að hann hafi allt eins átt von á þessum töfum, hann hafi verið upptekinn við önnur verkefni og því ekki komist jafnfljótt í verkefnið og hann hafði vonast eftir. Aðrir hlutir hafi einnig komið til, Sigurjón Sighvatsson, bróðir Karls, var til að mynda upptekinn við tökur á kvikmyndinni The Killer Elite í Ástralíu allt sumarið. „Þannig að þetta tafðist eðlilega. Ég var samt búinn að tala við yfir hundrað manns og það tekur drjúga stund. Við vildum því ekki láta einhverja tímapressu fella verkið.“

Jónatan var engu síður búinn að skrifa mestalla bókina en það átti eftir að gera lagfæringar, myndvinna hana og brjóta hana um. Spurður hvort bókin komi þá út á næsta ári segir Jónatan vonast til þess. „Okkur fannst allavega skynsamlegt að staldra við núna og sjá hvað setur. Það er einfaldlega undir útgefandanum komið hvað verður, hvort bókin komi út á næsta ári eða ekki.“ - fgg

BEÐIÐ MEÐ ÆVISÖGUNA Jónatan Garðarsson segir heimildaöflun um ævi Karls J. Sighvatssonar hafa gengið hægar en vonir stóðu til.

lifum
HÚSGÖGN & GJAFAVARA

Nýjar vörur!

Full búð af nýjum vörum. 25% afsláttur af öllum vörum.

Vorum einnig að opna lagersölu á 2. hæð, 30-50% afsláttur!!

RIVERDALE
Joy of Living

VAN ROON

VILLA COLLECTION

HEIMA
HÚSIÐ
heima Önduregi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET&FLÍSAR

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 reykjavík - 562 4242 - www.heimahusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Núna er

FRÉTTIR AF FÓLKI

Vala gengin út

Uppi varð fótur og fit á Facebook-samskiptasíðunni í gær þegar **Vala Grand** tilkynnti að hún væri ekki lengur á lausu. Viðbrögð vina Völu voru ofsafengin, en hún hvatti fólk til að halda ró sinni, enda væri hún rétt að kynnast drengnum, sem heitir Milos Tanasic og er fótboltamaður úr Þrótti. Samband Völu og Baldvins Vigfússonar vakti mikla athygli á sínum tíma, en þau hættu saman í sumar skömmu eftir að hún gekkst undir kynleiðréttingaraðgerð. Æ síðan hefur Vala leitað að hinum eina rétta.

Frábærir dómar

Aska eftir **Yrsu Sigurðardóttur** stenst samanburð við það besta sem gerist í heimi glæpasagna samtímans. Þetta segir gagnrýnandi bókmenntatímaritsins Times Literary Supplement sem kemur út í dag. Greinin hefst á þessum orðum: „Aska er þriðja glæpasaga Yrsu Sigurðardóttur sem kemur út í enskri þýðingu og jafnvel þótt hinar fyrri tvær, Þriðja táknið og Sér grefur gröf, hafi verið góðar þá er þessi sú langbesta; hún stenst samanburð við það besta sem gerist í glæpasögum samtímans, hvar sem er í heiminum." Aska kom út nú í sumar í Bretlandi og hefur hlotið frábæra dóma. Times Literary Supplement þykir þó fínasta fínt í bókmenntaheiminum og því munu Yrsa og hennar fólk gleðjast mikið yfir þessum tíðindum.

- afb, hdm

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Hjón létust í bílslysi í Tyrklandi - barnið slapp ómeitt
2. Leigubílstjórar berjast fyrir síðustu mannlegu bensínstöðinni
3. Það er dýrt að reykja
4. Refir drepa fé af bæjum í Borgarfirði
5. Músum fjölgar í Reykjavík